

Atvinnustarfsemi í Gömlu höfninni í Reykjavík



Bergþóra Bergsdóttir

September 2013

Efnisyfirlit

1. Myndaskrá.....	3
2. Töfluskrá.....	3
3. Inngangur	4
4. Aðferðafræði	5
4.1 Gagnaöflun	5
4.2 Uppbygging skýrslu	7
5. Hafnarsvæðið	8
6. Niðurstöður	9
6.1 Starfsemi	9
6.2 Starfsmenn	12
6.3 Húsnæði.....	15
6.4 Framtíðarhorfur.....	19
6.5 Umferðarmál.....	21
6.5.1 Hvað finnst þér um umferðarmál í Vesturhöfn?	21
6.5.1 Hvað finnst þér um umferðartengingar að Vesturhöfn um Geirsgötu og Mýrargötu?	26
6.6 Skipulagsmál	29
6.6.1 Hvaða skoðanir hefur þú á skipulagsáætlunum borgarinnar og hafnarinnar um að reisa blandaða byggð frá Sjóminjasafninu og að Slippnum?.....	30
6.7 Þróun svæðisins	32
7 Samantekt	36
8 Heimildir	39
9 Viðaukar.....	40

1. Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlitsmynd af Gömlu höfninni.....	6
Mynd 2. Hafnir sem fengið hafa yfir 5% af úthlutuðum kvóta.....	9
Mynd 3. Fjöldi fyrirtækja. Samanburður við fyrri ár.....	10
Mynd 4. Fyrirtæki flokkuð eftir atvinnugreinum árið 2013.....	11
Mynd 5. Fyrirtæki flokkuð eftir atvinnugreinum. Samanburður við fyrri ár.....	12
Mynd 6. Störf flokkuð eftir atvinnugreinum árið 2013.....	13
Mynd 7. Fjöldi starfsmanna. Samanburður við fyrri ár.....	14
Mynd 8. Störf flokkuð eftir atvinnugreinum. Samanburður við fyrri ár.....	14
Mynd 9. Eignarhald húsnæðis miðað við stærð árið 2013.....	16
Mynd 10. Eignarhald húsnæðis. Samanburður við fyrri ár.....	17
Mynd 11. Stækkað, minnkað eða óbreytt athafnasvæði. Samanburður.....	20
Mynd 12. Flutningur fyrirtækis.....	21

2. Töluskrá

Tafla 1. Eignarhald húsnæðis miðað við starfsemi árið 2013.....	18
Tafla 2. Mikilvægi staðsetningar á hafnarsvæðinu.....	19

3. Inngangur

Frá árinu 1994 hafa Faxaflóahafnir sf. staðið að könnun á fjögurra til fimm ára fresti þar sem atvinnustarfsemi við Gömlu höfnina í Reykjavík er skoðuð. Sumarið 2013 var könnunin framkvæmd í fimmta sinn. Að þessu sinni framkvæmdi Bergþóra Bergsdóttir könnunina en þær fjórar fyrri gerðu Matthildur Kr. Elmarsdóttir árið 1994, Steinunn Elva Gunnarsdóttir árið 1998, Gunnlaugur Einarsson árið 2004 og Sigríður Kr. Kristþórsdóttir árið 2008. Megin markmiðið var að afla upplýsinga frá atvinnurekendum við Gömlu höfnina sem einkum gætu nýst við þrennt:

- Við skipulagsvinnu og mótun stefnu um framtíðarstarfsemi við Gömlu höfnina.
- Við að fylgjast með þróun og breytingum á hafnarsvæðinu.
- Sem hluti af sölugögnum við markaðssetningu á einstökum lóðum eða svæðum.

Í flestum tilfellum voru upplýsingar fengnar frá forsvarsmönnum fyrirtækja við Gömlu höfnina en einnig bar á að aðrir talsmenn fyrirtækja svöruðu spurningunum. Hér að neðan verða niðurstöður könnunarinnar sem framkvæmd var sumarið 2013 raktar og einnig er gerður samanburður við eldri niðurstöður.

4. Aðferðafræði

4.1 Gagnaöflun

Við gerð þessarar könnunar var í upphafi útbúinn listi yfir öll fyrirtæki með atvinnustarfsemi við Gömlu höfnina. Notast var við upplýsingar úr fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, verbúða- og lóðaleiguskrá Faxaflóahafna sf. og símaskrá á netinu. Þegar listinn var klár og tilraunir hófust við að ná í forsvarsmenn fyrirtækjanna kom á daginn að mörg þeirra voru hætt rekstri, ekki með atvinnustarfsemi í Gömlu höfninni eða margtalin á listanum. Þegar upp var staðið svöruðu forsvarsmenn 193 fyrirtækja spurningalistanum, og voru einungis nokkur sem ekki höfðu tök á að taka þátt. Ýmsum sjóðum og fyrirtækjum skráð á tóm hús og auðar lóðir var sleppt enda ekki um eiginlega atvinnustarfsemi í höfninni að ræða. Verslunin Iceland hætti rekstri við Gömlu höfnina snemma sumars og ný verslun Nettó opnaði ekki í húsnæðinu fyrr en gagnaöflun var lokið. Þær verslanir tóku því hvorugar þátt í könnuninni. Þess ber þó að geta að fyrirtækjalistinn sem stuðst var við er ekki tæmandi þar sem talsvert er um einyrkja á svæðinu ásamt smærri fyrirtækjum skráðum annarsstaðar. Það eru því miklar líkur á að einhver fyrirtæki hafi ekki komið upp við leit.

Álitamál var hvort tónlistarhúsið Harpa ætti að vera með í rannsókninni þar sem lóð þess tilheyrir Reykjavíkurborg en ákveðið var að taka það með vegna staðsetningu þess við höfnina. Sama má segja um Grandagarð 2, en lóðin tilheyrir ekki Faxaflóahöfnum sf. Hinsvegar var spurningum varðandi húsnæði og lóðir sleppt og á sú tölfræði könnunarinnar því einungis við um lóðir í eigu Faxaflóahafna sf. *Mynd 1* sýnir það svæði sem er hluti af könnuninni, en það er afmarkað með rauðri línu.



Mynd 1 – Yfirlitsmynd af Gömlu höfninni.

Fyrir forsvarsmenn fyrirtækjanna var lagður staðlaður spurningalisti sem að mestu leyti var óbreyttur frá síðustu skýrslu frá árinu 2008. Engu að síður var nokkrum spurningum bætt við er varða málefni dagsins í dag, og aðrar spurningar, sem ekki þóttu eiga við, teknar út. Tölfræðilegum spurningum var þó haldið eins milli kannana svo samanburður á upplýsingum milli ára væri mögulegur. Reynt var eftir fremsta megni að leggja spurningalistann fyrir sem viðtal í vettvangsferð en vegna sumarleyfa og annarra anna forsvars- og talsmanna fyrirtækja þurfti í undantekningartilfellum að framkvæma símakönnun.

Að loknum viðtölum voru fyrirtækin tekin saman og flokkuð eftir starfsemi hvers og eins. Ákveðið var að notast nokkurn veginn við sama flokkunarlykil og í skýrslunum árin 2004 og 2008 með lítilsháttar lagfæringum og uppfærslu, en halda yfirflokkunum óbreyttum til að forðast misræmi við samanburð. Yfirflokkarnir eru átta talsins:

- Fiskvinnsla og útgerð
- Iðnaður
- Þjónusta
- Smásala og veitingar
- Heild- og umboðssala
- Geymslur
- Samgöngur
- Annað.

Árið 2004 var nýr flokkunarlykill útbúinn þar sem eldri flokkunarlykill, sem stuðst var við árin 1994 og 1998, þótti of víðtækur. Var hann því einfaldaður töluvert árið 2004 og hefur svo, líkt og áður sagði, haldist í svipaðri mynd. Einnig má geta þess að rýnt var í flokkunaraðferðir frá árinu 2008 til að gæta samræmis við flokkun fyrirtækjanna.

4.2 Uppbygging skýrslu

Í upphafi skýrslunnar er stutt kynning á rannsókninni ásamt samantekt um hafnarsvæðið og málefni þess. Næstur tekur við kafli þar sem gagnaöflun og flokkunaraðferð könnunarinnar er lýst. Þar á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og ýmis samanburður við fyrri skýrslur gerður. Í lokin tekur við stutt

samantekt og umræða þar sem meðal annars er fjallað um þá erfiðleika sem upp komu við rannsóknina.

5. Hafnarsvæðið

Um aldamótin 1900 þótti Reykjavík vera afar lítið tæknivædd hvað varðar hafnarstarfsemi miðað við smærri kaupstaði á Íslandi. Engin stórskipahöfn var starfrækt í Reykjavík sem gerði að verkum að stærri skútur og skip lögðust að utarlega í höfninni og selflytja þurfti vörur og farþegar í land með minni bátum. Upp úr aldamótunum þegar stórskipaumferð smám saman jókst varð ljóst að eitthvað þyrfti að gera, enda þolinmæði Reykvíkinga á þrotum. Árið 1906 var því farið af stað með undirbúning að viðamikilli hafnargerð í Reykjavík. Norskur hafnarstjóri að nafni Gabriel Smith var fenginn hingað til lands að tillögu kaupmanna í Reykjavík, í þeim tilgangi að leggja mat á staðsetningu og kostnað mögulegrar hafnar. Þremur árum síðar skilaði hann greinargerð með tillögum að hafnarmannvirkjum í Reykjavík. Allt þetta leiddi til þess að hafist var handa við hafnarframkvæmdir í Reykjavík þann 9. mars 1913 og stóðu þær yfir allt fram til ársins 1917.¹ Í ár eru því liðin 100 ár frá þeim merku tímamótum og má með sanni segja að ýmislegt hafi breyst á þeim tíma.

Stór þáttur í hafnargerðinni var flutningur stórgrýtis úr norðanverðri Öskjuhlíð ásamt smágrýti úr sunnanverðu Skólavörðuholti. Af þeim sökum voru 12 km járnbrautarteinar lagðir frá Örifirseyjargranda, að Öskjuhlíð, þaðan að Skólavörðuholti og þar sem hún endaði loks á hafnarsvæðinu.² Þetta var fyrsta og eina járnbrautin sem lögð hefur verið á Íslandi.

Ljóst er að Gamla höfnin í Reykjavík er afar sögulegur og merkilegur staður. Með tilkomu hafnarinnar breyttist Reykjavík í mikinn útgerðarkaupstað og varð sjávarútvegur að gríðarlega mikilvægum atvinnuvegi Reykvíkinga.³ Við upphaf hafnargerðar tengdist Örifrisey ekki landsvæðinu en smám saman hefur hafnarsvæðið þróast og stækkað vegna landfyllinga.

Ef kvótaúthlutun milli rannsóknarára er skoðuð sést að Reykjavíkurhöfn var stöðugt að eflast fram til ársins 2008 en þá tók úthlutun kvóta til hennar að minnka. Líkt og árið 2008 eru þær hafnir sem einhverntímann, frá fiskveiðiárinu 1993/1994,


¹ Kristján Sveinsson. *Íslenskar hafnir og hafnargerð*.

² Kristján Sveinsson. *Íslenskar hafnir og hafnargerð*.

³ Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík

<http://www.sjominjasafn.is/fraedsla/reykjavikurhofn/>

hafa fengið yfir 5% af úthlutuðum kvóta skoðaðar. Hafnirnar eru sex talsins: Reykjavík, Vestmannaeyjar, Akranes, Ísafjörður, Grindavík og Akureyri. Skiptinguna má sjá á Mynd 2.



Mynd 2: Hafnir sem fengið hafa yfir 5% af úthlutuðum kvóta.

6. Niðurstöður

6.1 Starfsemi

Eins og áður kom fram tóku forsvarsmenn 193 fyrirtækja við Gömlu höfnina þátt í könnuninni árið 2013. Eru það rúmlega 16% fleiri en árið 2008 en þá tóku 167 fyrirtæki þátt. Árið 2004 voru fyrirtæki í atvinnurekstri um 80 talsins og er fjölgunin því tæplega 60% á einungis níu árum. Árið 1994 voru fyrirtæki með atvinnurekstur við Gömlu höfnina 91 talsins og fjórum árum síðar hafði þeim fjölgað í 109.



Mynd 3: Fjöldi fyrirtækja í atvinnurekstri við Gömlu höfnina í Reykjavík hvert rannsóknarár.

Þess ber þó að geta að tölur þessar sýna einungis þann fjölda fyrirtækja sem eru eða voru í atvinnurekstri við Gömlu höfnina en ekki þau sem einungis eru með geymslur. Í allri annari tölfræði og myndum þessarar könnunar, sem varðar fjölda fyrirtækja, eru fyrirtæki með geymslur þó talin með og byggja þær upplýsingar að mestu leyti á verbúðaupplýsingum. Mun það vera ástæðan fyrir hærri fjölda fyrirtækja en þann sem fram kom hér að ofan. Á *Mynd 4* má sjá skiptingu fyrirtækja eftir yfirflokkunum átta en ítarlegri niðurröðun er í *Viðauka 8*.




Mynd 4: Skipting fyrirtækja eftir starfsemi árið 2013.

Ef fyrirtækin eru skoðuð miðað við starfsemi má sjá flokkurinn *Fiskvinnsla og útgerð* smæsti flokkurinn, fyrir utan *Samgöngur* sem ekki komst á blað. Flokkurinn *Fiskvinnsla og útgerð* heldur þó ekki utan um öll fyrirtæki sem tengjast hafnsækinni starfsemi þar sem öll sala og útflutningur á fiski er sett í flokkinn *Heild- og umboðssala*. Einnig eru fyrirtæki sem fást t.d. við skipaviðgerðir, löndun, beitingar og tækjaþjónustu fyrir skip og báta ýmist flokkuð sem iðnaðar- eða þjónustufyrirtæki. Því er ljóst að mun fleiri en einungis 16 fyrirtæki stunda hafnsækna starfsemi. Til þess að varpa ljósi á þann fjölda, eins og gert er í flestum fyrri skýrslum, eru fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi tekin saman. Árið 2008 voru fyrirtæki tengd sjávarútvegi 62 talsins, sem er 38,1% af heildarfjölda fyrirtækja það ár. Nú, árið 2013, má segja að hlutfallið standi í stað þar sem 73 fyrirtæki af 193 tengjast sjávarútvegi, en það gera 37,8% af heildarfjölda fyrirtækja. Munurinn er því hverfandi lítill. Ekki er hægt að bera saman við fjöldann árið 2004 þar sem sambærilegar upplýsingar voru ekki teknar saman það ár. Hinsvegar var það gert árin 1994 og 1998 og voru þau þá hlutfallslega fleiri eða 50% árið 1994 og 43% árið 1998. Fjöldinn virðist því hafa staðið í stað í kjölfar fækkunar milli ára.

Ef flokkun fyrirtækja frá fyrri árum er skoðuð má sjá að fjöldi fyrirtækja á sviði þjónustu hefur tekið stökk frá árinu 2008, en sá flokkur hefur í öllum fimm könnunum verið sá stærsti. Að auki hafa flokkarnir *Iðnaður*, *Smásala og veitingar* og *Heild- og umboðssala* stækkað frá síðustu könnun. Ef fyrirtækjalistinn frá árinu

2008 er skoðaður miðað við árið 2013 sést að veitingastöðum hefur fjölgað sem er í samræmi við breytingar á flokknum *Smásala og veitingar*.




Mynd 5: Skipting fyrirtækja eftir starfsemi – samanburður milli kannanna.

Nokkuð bar á því að þeir sem eru með sjávarútvegstengda starfsemi finnast vera þrengt að sér með tilkomu blandaðrar atvinnustarfsemi í höfninni og sumum finnst þeir beinlínis vera óvelkomnir á hafnarsvæðinu.

6.2 Starfsmenn


Í dag starfa um 2024 manns í Gömlu höfninni samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum og talsmanna fyrirtækjanna. Til þess að gæta samræmis var einungis spurt um fastráðna starfsmenn og eru starfsmenn í óreglulegum hlutastörfum og verktakar því ekki taldir með. Einnig voru sjómenn hjá fyrirtækjum sem róa frá Gömlu höfninni ekki teknir með, þar sem þeim var sleppt í fyrri könnunum. Mikill munur er á skiptingu starfsmanna eftir atvinnugreinum en fjölmennasta atvinnugreinin er *Fiskvinnsla og útgerð* með 568 starfsmenn. Ef fyrirtækjaflokkunin á *Mynd 4* er hinsvegar skoðuð betur má sjá að *Fiskvinnsla og útgerð* er næst minnsti flokkurinn með einungis 16 fyrirtæki. Þennan mikla starfsmannafjölda í svo fáum fyrirtækjum

má rekja til þess að þau fyrirtæki sem starfa við fiskvinnslu og útgerð eru almennt mjög stór, sbr. HB Grandi hf., Lýsi hf., Toppfiskur ehf. og Fiskkaup hf. Lögð er áhersla á að sjómenn eru hér ekki taldir með. Tveir aðrir flokkar komast nálægt *Fiskvinnslu og útgerð* í starfsmannafjölda, þ.e. *Þjónusta* með 499 starfsmenn og *Iðnaður* með 439 starfsmenn. Nákvæmari starfsmannaskiptingu má sjá á *Mynd 6*.




Mynd 6: Skipting starfsmanna eftir atvinnugreinum árið 2013

Breytingar á starfsmannafjölda við Gömlu höfnina eru töluverðar á síðustu árum. Árið 1994 störfuðu 1.345 starfsmenn við Gömlu höfnina og árið 2004 voru þeir 1.014. Fjórum árum síðar, eða 2008, hafði starfsmönnum fjölgað um fjórðung og voru þá komnir upp í 1.614. Það er því ljóst að á síðustu níu árum hefur starfsmannafjöldinn rúmlega tvöfaldast. Þar sem starfsmannafjöldinn árið 1998 var tekinn saman í bilunum 1-10, 11-30, 31-50, 51-90, 91 og fleiri starfsmenn, var ekki hægt að bera þær upplýsingar saman við hin árin. *Mynd 7* sýnir starfsmannafjölda árin 1994, 2004, 2008 og 2013.



Mynd 7: Fjöldi starfsmanna við Gömlu höfnina í Reykjavík hvert rannsóknarár, fyrir utan árið 1998.

Ef starfsmannafjöldi milli ára er flokkaður eftir atvinnugreinum má sjá að frá árinu 2004 hefur orðið aukning í flokkunum *Fiskvinnsla og útgerð*, *Iðnaður*, *Þjónusta* og *Annað*. Mynd 8 sýnir skiptingu starfsmanna milli ára eftir atvinnugreinum.



Mynd 8: Skipting starfsmanna eftir starfsemi – samanburður milli kannanna. Árið 1998 er ekki með hér.

Fyrirtæki með 50 eða fleiri starfsmenn á hafnarsvæðinu eru níu talsins, en þau eru CCP hf. með 290 manns, HB Grandi hf. með 200, Lýsi hf. með 110, Sinfóníuhljómsveit Íslands með 100, Olíudreifing ehf. með 94, Toppfiskur ehf. með 90, Icelandair Hótel Marina með 65, Fiskkaup hf. með 60 og Stálsmiðjan ehf. með 50 starfsmenn. Líkt og árið 2008 er CCP hf. fjölmennasta fyrirtækið við Gömlu höfnina sem er athyglisvert í ljósi þess að um er að ræða hátæknifyrirtæki. Árið 2008 voru fyrirtæki með 50 eða fleiri starfsmenn sex talsins, en nú hefur Skeljungur hf. horfið af þeim lista, en Sinfóníuhljómsveit Íslands, Olíudreifing ehf., Fiskkaup hf. og Icelandair Hótel Marina bæst við.


6.3 Húsnæði

Eins og áður kom fram er einungis fjallað um húsnæði á þeim lóðum sem eru í eigu Faxaflóahafna sf. og eru Harpa og Grandagarður 2 því ekki talin með í þessari skýrslu þar sem lóðir þessara fyrirtækja tilheyra öðrum aðilum. Samkvæmt lóðaskrá Faxaflóahafna sf. er svæðið í eigu fyrirtækisins við Gömlu höfnina samtals 403.196 m².

Samkvæmt *Fasteignaskrá* hjá Þjóðskrá Íslands eru fasteignir í Gömlu höfninni, á því svæði sem tilheyrir Faxaflóahöfnum sf., samtals 133.227,7 m². Tankar og birgðargeymar eru hér ekki taldir með, en flestir þeirra geyma olíu. Einnig eru verbúðir, vigtarhús og spilhús ekki talin með, því af einhverjum ástæðum var það ekki gert fyrri ár. Í skýrslunni frá árinu 2008 voru fasteignastærðir á svæði Faxaflóahafna sf. í Gömlu höfninni teknar saman. Einhverra hluta vegna voru þó fasteignir á Grandagarði 2 og Mýrargötu 26 teknar með í reikninginn, en þær lóðir tilheyra ekki Faxaflóahöfnum sf. Til að gæta samræmis eru fasteignastærðir nú skoðaðar með sama hætti, og eru þær samtals 145.001,5 m², að Grandagarði 2 og Mýrargötu 26 meðtöldum. Árið 2004 voru fasteignir í Gömlu höfninni 107.910 m². Hér er minnt á að tankar, verbúðir, vigtarhús og spilhús eru ekki talin með. Á fjórum árum hefur heildarstærð fasteigna því hækkað um rúm 8%. Þess ber þó að geta að ýmis hús hafa verið rifin á þessum tíma, til dæmis Faxaskáli og nokkur iðnaðarhúsnæði, en önnur byggð í staðinn. Ef verbúðir, tankar, vigtarhús og spilhús eru hinsvegar talin með er heildarstærð fasteigna í Gömlu höfninni 174.126,7 m² árið 2013, að Grandagarði 2 og Mýrargötu 26 meðtöldum.

Frá árinu 2004 hafa 65 fasteignir risið í Gömlu höfninni samkvæmt Þjóðskrá Íslands og eru langflestar þeirra staðsettar á Fiskislóð. 19 þeirra eru annaðhvort birgðargeymar eða sápuskiljur. Sem dæmi um fasteignir sem risið hafa frá árinu 2008, má nefna Fiskislóð 31 sem hýsir mörg fyrirtæki, Fiskislóð 39 þar sem Bókabúð Forlagsins er til húsa og nýja frystigeymsla HB Granda hf. á Norðurgarði sem reist var árið 2013.

Faxaflóahafnir sf. eiga nokkur húsnæði í Gömlu höfninni sem flest eru leigð til fyrirtækja í atvinnurekstri. Þau eru til að mynda Bakkaskemma, Grandaskáli og gömlu verbúðirnar á Grandagarði og við Geirsgötu. Langflest fyrirtæki í Gömlu höfninni eru í leiguhúsnæði, eða 126, en 56 í eigin húsnæði. Einnig er breytilegt eftir stærð húsnæðis hvort fyrirtækið eigi eða leigi það. Þannig eru til dæmis langflestir í húsnæði undir 200 m² að leigja á meðan meiri hluti fyrirtækja í húsnæði stærra en 1000 m² er eigandi þess. Sjá nánari skýringar á *Mynd 9*.



Mynd 9: Eignarhald húsnæðis miðað við stærð þess árið 2013.


Eins og sést á *Mynd 9* eru langflest fyrirtækjanna í litlu húsnæði, 0 m² - 199 m², eða 101 fyrirtæki. Það er gríðarleg aukning frá fyrri árum en árið 2004 voru þau einungis 20 og 2008 voru þau orðin 74 talsins. Þessa miklu aukningu má að vissu leyti rekja til þess að sífellt fleiri verbúðir eru nýttar undir atvinnustarfsemi, en það húsnæði er allt

undir 199 m². Þá hefur tilkoma Sjávarklasans í Bakkaskemmu einnig haft sitt að segja. Flestar aðrar stærðir húsnæðis hafa nokkurn veginn staðið í stað, fyrir utan 800 m² – 999 m² en þar hefur fyrirtækjum fækkað um helming frá árinu 2008.

Nokkuð bar á því að forsvarsmenn fyrirtækja höfðu ekki nákvæmar upplýsingar um lóða- og húsnæðisstærðir og gátu sér því til um tölurnar. Yfirleitt voru þær þá námundaðar við tug eða hundrað. Til að sjá raunverulega húsnæðisnotkun fyrirtækjanna á svæðinu var því stuðst við upplýsingar hjá *Fasteignaskrá* hjá Þjóðskrá Íslands í þeim tilfellum hægt var. Að auki leigðu nokkur fyrirtæki, til dæmis nokkur í Sjávarklasnum, skrifborð eða hluta af skrifstofu og er því ekki mögulegt að leggja nákvæmt mat á þær stærðir. Það er því tilvalið að halda í skiptinguna á *Mynd 9*.

Erfiðara er að fá upplýsingar um nákvæmar lóðastærðir fyrirtækja. Með því að skoða *Lóðaleiguskrá* Faxaflóahafna sf. fást einungis upplýsingar um heilar lóðir en oft eru mun fleiri en eitt fyrirtæki með aðsetur á sömu lóðinni. Það heyrði því til undantekningartilfella ef viðmælendur gátu gefið upplýsingar um stærð lóðar sem fyrirtækið hafði yfir að ráða.

Ef hlutfall eigin og leigðuhúsnæðis er borin saman við eldri upplýsingar kemur í ljós að hlutfall eigin húsnæðis hefur aldrei verið lægra en nú. Árið 2004 voru hinsvegar fleiri sem áttu húsnæðið en leigðu. Líklegast sveiflast þessar tölur nokkurnvegin í takt við ástandið á fasteignamarkaði hverju sinni.



Mynd 10: Hlutfall eigin og leigðs húsnæðis – Samanburður milli kannana

Þegar eignarhald húsnæðis er skoðað eftir fyrirtækjaflokkunum átta má sjá að hlutfall leiguhúsnæðis er allsstaðar hærra en hlutfall eigin húsnæðis nema í *Fiskvinnslu og útgerð*, *Geymslum* og *Samgöngum*. *Samgöngur* innihalda þó ekkert fyrirtæki í atvinnurekstri og *Geymslur* einungis 1. Hinsvegar eru 11 fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki í eigin húsnæði en 5 leigja. Það mun vera breyting frá fyrri árum þar sem meiri hluti fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækja voru í leiguhúsnæði árin 1994 og 2008. Hin árin, 1998 og 2004, var hlutfallið nokkuð jafnt. Það er því eftirtektarvert að þótt hlutfall allra sem eru í eigin húsnæði, sbr. *Mynd 10*, hafi aldrei verið lægra en nú, þ.e. 31%, þá fer hlutfallið hækkandi hjá fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum og er nú tæplega 69%.

Tafla 1: Eignarhald húsnæðis miðað við starfsemi fyrirtækja árið 2013

Flokkar fyrirtækja	Eigið	Leigu	Hlutfall eigin húsnæðis	Hlutfall leigu-húsnæðis
Fiskvinnsla og útgerð	11	5	68.8%	31.3%
Iðnaður	6	22	21.4%	78.6%
Þjónusta	20	47	29.9%	70.1%
Smásala, veitingar	6	22	21.4%	78.6%
Verslun, heild- og umboðssala	5	17	22.7%	77.3%
Geymslur	1	0	100.0%	0.0%
Samgöngur	0	0	0.0%	0.0%
Annað	7	13	35.0%	65.0%
Samtals	56	126	30.8%	69.2%

Fyrirtæki sækjast eftir húsnæði við Gömlu höfnina af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna hafnsækinnar starfsemi eða óska eftir staðsetningu miðsvæðis í borginni. Viðmælendur voru beðnir um að meta mikilvægi staðsetningar fyrirtækis þeirra á hafnarsvæðinu á skalanum 1 til 5, þar sem 5 stendur fyrir *Mjög mikilvæg* og 1 fyrir *Alls ekki mikilvæg*. Forsvarsmenn allra 193 fyrirtækjanna voru spurðir þessarar spurningar, en ekki einungis fyrirtækin á lóðum í eigu Faxaflóahafna sf. Meðaltalið að þessu sinni er 3,56 og er það örlítill hækkun frá árinu 2008, en þá var það 3,47. Algengasta matið er 5. Ef einkunnir eru flokkaðar eftir yfirflokkunum átta kemur í ljós að hæsta meðaltalið í flokki sem inniheldur fleira en eitt fyrirtæki er 3,87, en það

er í flokknum *Þjónusta*. Túlka má þetta þannig að fyrirtæki í öllum flokkunum telji staðsetninguna almennt mikilvæga þar sem öll meðaltöl einstakra flokka eru hærri en 2,5. Tölfræðin var unnin á sama hátt árið 2008 og er því áhugavert að bera þær niðurstöður saman við árið 2013. *Tafla 2* sýnir samanburðinn. Í skýrslunni frá árinu 2004 voru niðurstöður þessarar spurningar ekki teknar saman þrátt fyrir að hún hafi verið hluti af spurningalistanum. Því er einungis gerður samanburður við niðurstöðurnar 2008.


Tafla 2: Mikilvægi staðsetningar á hafnarsvæðinu á skalanum 1 til 5, þar sem 5 stendur fyrir Mjög mikilvæg.

Flokkar fyrirtækja	Meðaltal 2008	Fjöldi 2008	Meðaltal 2013	Fjöldi 2013
Fiskvinnsla og útgerð	4,00	16	3,75	16
Iðnaður	3,21	19	2,96	28
Þjónusta	3,56	52	3,87	70
Smásala og veitingar	3,84	25	3,69	32
Heild- og umboðssala	2,89	18	2,95	22
Geymslur	5,00	2	5,00	1
Samgöngur	3,00	1	0	0
Annað	3,18	34	3,54	24
Heildar meðaleinkunn	3,47	167	3,56	193

6.4 Framtíðarhorfur


Til þess að auðvelda skipulagsvinnu og eftirlit með komandi þróun svæðisins voru framtíðarhorfur fyrirtækjanna skoðaðar. Fyrir forsvarsmenn fyrirtækjanna voru þar að lútandi lagðar þrjár spurningar. Voru þeir spurðir hvort þeir huguðu að stækkun athafnasvæðis fyrirtækisins við Reykjavíkurböfn, minnkun þess eða stefndu að því að halda því óbreyttu. Þessi spurning var fyrst lögð fyrir árið 2008. Nú, árið 2013, hugðust flestir halda því óbreyttu, eða 128 forsvarsmenn, og 59 stefndu að stækkun þess. Aðeins 6 forsvarsmenn (3,1%) sáu fram á minnkun athafnasvæðis fyrirtækisins og eru það mun færri en árið 2008, þegar 18 (10,8%) sögðust ætla að minnka við sig. Fleiri huguðu að stækkun athafnasvæðis fyrirtækisins nú, eða 59 (30,6%), en árið 2008 þegar 36 (20,6%) stefndu að því. Þessi munur getur að einhverju leyti stafað af því að síðasta könnun var framkvæmd í nóvember 2008 þegar efnahagshrunið var

nýskollið á og talsverðrar óvissu gætti í þjóðfélaginu. Hlutfall þeirra sem stefndu að því að halda afhafnasvæðinu óbreyttu var svipað árið 2008 og 2013, eða í kringum 66%. Mynd 11 sýnir samanburðinn.



Mynd 11: Stækkað, minnkað eða óbreytt athafnasvæði. Samanburður árið 2008 og 2013.

Viðmælendur voru annars vegar spurðir hvort þeir ætluðu að flytja starfsemi sína annað á næstunni og hins vegar hvort þeir vildu það. Langflestir sögðust hvorki vilja né ætla að flytja. Um 10 þeirra sem ætluðu að flytja eða töldu það hugsanlegt, sögðust þó ekki vilja flytja. Eins voru 9 manns sem vildu flytja en ætluðu ekki að gera það. Sem dæmi um ástæður hugsanlegra flutninga má nefna ódýrara og betra húsnæði annars staðar, betra aðgengi og sýnileiki fyrir ferðamenn og aðra, of hæg uppbygging á Grandanum, viðskiptavinir staðsettir annarsstaðar, starfsemin henti betur fjær byggð, ekki nógu góðar umferðartengingar í Vesturböfn og of lítið næði.



Mynd 12: Ætla/Vilja forsvarsmenn fyrirtækisins flytja starfsemi sína annað á næstunni?

6.5 Umferðarmál

Umferðarmál og tengingar í Vesturhöfn hafa mikið verið í umræðunni í nokkurn tíma. Árið 2004 og 2008 voru forsvarsmenn spurðir hvað þeim fyndist um umferðarmálin og voru skoðanir og athugasemdir fólks hinar margvíslegustu. Því var ákveðið að spyrja um þau mál á ný árið 2013.

6.5.1 Hvað finnst þér um umferðarmál í Vesturhöfn?

Flestir höfðu skoðanir á umferðarmálunum og nefndu nokkur atriði sem betur mættu fara. 76 viðmælendum þóttu umferðarmál vera í lagi eða góð og nokkrir þeirra töldu að þau ættu eftir að versna. Tveir töldu umferðina betri nú en áður. 33 sögðu umferðarmálin ekki vera í lagi og þótti sumum þau beinlínis skelfileg. Að auki voru nokkrir sem ekki höfðu myndað sér skoðun. Hér að neðan má sjá dæmi um athugasemdir.

„Allt í lagi í dag en sé að það getur orðið vandamál.“

„Þau eru skelfileg.“

„Það er ekkert vandamál, og ekki að svo komnu að það geti orðið í framtíðinni. Það eru ekki svo margar götur sem að liggja að hverfinu.“

„Finn ekki fyrir erfiðleikum en aðgengi á eftir að versna vegna byggðar. Umferðin á eftir að stóraukast.“

Annars vegar var kvartað yfir of hægum akstri, svokölluðum „rúnturum“, og hins vegar hraðakstri í Vesturhöfn. Nokkrir töldu fólk keyra of hægt um bryggjurnar til þess eins að skoða skipin, sem hefði í för með sér truflun við landanir og fleira og fannst jafnvel að takmarka ætti umferðaraðgengi að bryggjunum. Mun algengara var að forsvarsmenn fyrirtækja við Grandagarð kvörtuðu yfir slæmu aksturslagi þar og almennt séð þótti umferðin við Fiskislóð betri. Menn sögðu meðal annars um umferðina:

„Skelfileg. Það er fullt af fólki sem er bara á rúntinum.“

„Umferðin á Grandagarði er svolítið skritin. Hún er oft mjög hæg, langt undir hámarkshraða, og aldrei eru gefin stefnuljós. Umferðin á Fiskislóð er hinsvegar mjög eðlileg. Það er mikið af gangandi vegfarendum hér og það vantar göngustíga. Þetta er stórt vandamál. Gönguröndin frá Hörpu mætti t.d. ná lengra.“

„Það þarf að fylgja eftir áætlunum um að færa meginþunga umferðar, þ.e. vöruflutninga, af Grandagarði og yfir á Fiskislóð. Þeir keyra hratt og það er engin göngugötustemming sem myndast.“

„Stundum erfitt þegar gömlu karlarnir koma og eru að skoða bátana, keyra á 20 km/klst og það getur valdið stórhættu. Annars hefur umferðin aukist töluvert mikið á Grandagarðinum.“

„Það er þó nokkuð mikil umferð á bryggjunni sem getur verið hættulegt. Það er verið að landa og menn eru að troða sér á milli. Það þyrfti að takmarka aðgengi, allavega á löndunartíma.“

„Það er alltof mikil bílaumferð hérna, allavega á Grandagarðinum. Bilahasarinn á kvöldin og næturnar er alveg ótrúlegur. Hér er mikið af þungum bílum sem keyra svo hratt að maður hefur áhyggjur af gangandi vegfarendum.“

Við Fiskislóð var mikið rætt um verslanirnar og umferðina sem þeim fylgir og þótti flestum aukin umferð slæm, þá sérstaklega á álagstímum. Hinsvegar lýstu tveir yfir ánægju vegna aukinnar umferðar með tilkomu verslananna. Skoðanir vegna verslananna voru engu að síður skiptar, sbr.

„Þau eru skelfing orðin. Annars vegar er kerfisbundið verið að þrengja að umferðaræðum hingað vestur í bæ og hins vegar er erfitt að komast í gegn vegna allra matvöruverslananna sem hrúgast á hornið.“

„Nokkuð góð. Þetta hefur breyst alveg svakalega með tilkomu búðanna hér í kring. Erum ánægðir með mikla umferð.“

„Það myndast oft hnútur við verslanirnar. Þetta er sérstaklega slæmt seinnipart dags, þegar fólk er að koma í Bónus og Krónuna á sama tíma. Það er mikil umferð á Grandanum en hún er samt ekki vandamál.“

„Þau eru svo sem í lagi nema á álagstoppum. Þetta hefur breyst mikið með tilkomu þessara verslana á svæðinu.“

„Það er mikil umferð í kringum matvöruverslanirnar en yfir heildina litið er þau í lagi. Væri betra að hafa hjólreiðastíga því það er erfitt að komast hér um á hjóli.“

„Þetta hefur versnað til muna eftir að verslanirnar opnuðu á Fiskislóð. Það þyrfti að setja veg meðfram sjónum framhá verslunargötunni.“

Mikið var rætt um bílastæðamál á hafnarsvæðinu og voru skoðanir ólíkar. Flestum fannst það vera skortur á bílastæðum en nokkrir töldu þau vera næg og ítrekuðu að ekki mætti fjölga þeim. Athyglisvert er hversu mismunandi athugasemdirnar voru eftir staðsetningu fyrirtækjanna, en flestir þeirra sem kvörtuðu undan bílastæðaskorti voru staðsettir við Geirsgötu og á Ægisgarði. Á Grandagarði taldi meirihlutinn bílastæðamálin í lagi. Á Fiskislóð var svo einungis einn viðmælandi sem ræddi bílastæðamál og taldi hann þau vera í góðu lagi. Annars voru skoðanir skiptar um bílastæðamálin:

„Aflleit, sérstaklega bílastæðamál og hraðinn á svæðinu.”

„Það þarf að bæta umferðarmál. Það var góð viðbót að fá hjólastiginn en það þyrfti að halda honum betur við. Ekki fjölga bílastæðum.”

„Þau eru eðlileg, mjög fín. Algjör lúxus með bílastæði, maður er aldrei í vandræðum”

„Ömurlega léleg umferð og bílastæðamál eru bara fyndin.”

„Það eru engin bílastæði fyrir bátaeigendur. Fólk er alveg í vandræðum með að geyma bíla þegar það fer á sjó. Þegar fólk kemur með þungar vörur til að fara með um borð þá kemst það eiginlega ekki inn á svæðið, það má ekki stoppa við bryggjuna. Þetta er stórt vandamál.”

„Þau eru fín en það mætti setja gjaldskyldu á bílastæðin á Ægisgarði. Fólk er stundum að leggja þar í þrjá daga.”

„Það mættu vera fleiri bílastæði hér, t.d. í stað svæðisins milli Víkurinnar og Hótel Marina. Skil ekki hversvegna búa á til útivistarsvæði í stað bílastæða. Bílarnir koma niður á Ægisgarðinn og enda út á bryggju þar sem þeir leggja. Þetta var aldrei vandamál áður, það var nóg af stæðum. Þegar fleiri fyrirtæki koma þá þrengir að, t.d. áður en Sólborgarhúsið kom voru þar 20 stæði.”

14 atvinnurekendur kvörtuðu undan olíuflutningabílunum og lýstu flestir þeirra yfir áhyggjum sínum af hraðakstri bílanna. Þótti mörgum hættulegt að olíubílarnir færu um jafn þröngar götur og raun ber vitni og töldu að með því móti væri verið að auka slysaþættu á svæðinu umtalsvert. Einum viðmælanda þótti olíuflutningarnir ekki vera vandamál. Umsagnirnar um bílana voru ýmiss konar:

„Það þarf að koma bensín- og olíubílunum héðan í burtu. Stórt framfaraspor ef séð væri til þess að olíustöðin í Örfirisey færi eitthvað annað, t.d. í Hvalfjörð. Þá væri hægt að opna fyrir hringferð um svæðið.

„Hræðileg, sérstaklega oliubílararnir sem eru stórhættulegir. Keyra eins og fávitar á alltof miklum hraða bæði á Fiskislóð og Hólmaslóð.“

„Það er rosaleg umferð á Grandagarði og verst með oliubílana sem koma á fullri ferð. Það eru engar hindranir á Grandagarði. Það voru settar hindranir á Fiskislóð og þá hættu þeir að keyra þar um. Merkilegt að það skuli ekki hafa orðið slys.“

„Oliuflutningarnir eru ekki góðir. Maður finnur öðru hvoru fyrir mikilli mengun og oliustybbu frá starfseminni.“

„Allt í lagi. Varðandi oliubílana, þá þarf ekki alltaf að vera kvarta. Við þurfum öll bensín á bílana okkar og bensínstöðvarnar líka. Þetta hefur gengið vel og því er engin ástæða að mála skrattann á vegginn.“

Að auki voru ýmis atriði varðandi umferðina sem betur mættu fara að mati viðmælenda og má þar helst nefna aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar, skortur á ákveðnum umferðarmannvirkjum, botngötur og fleiri samgöngumál. Þetta birtist m.a. í eftirfarandi tilsvörum:

„Aðgengi að Hörpunni mætti vera betra, sérstaklega fótgangandi fólks.“

„Allt í lagi. Þó er komið of mikið af botngötum.“

„Hún er óskipulögð því umferðarstýringartæki eru ekki til staðar, svo sem umferðarljós, gangbrautir, hallandi stéttir og slíkt. Allt saman leiðir þetta til mikils hraðaksturs á svæðinu. Vegna starfseminnar hér er mjög mikið af stórum farartækjum á svæðinu. Þessi mikli hraði og að það skuli ekki vera neitt sem hamlar bílaumferð, gerir það að verkum að hér er mikil slyshætta. Það vantar í skipulag lóða að gangandi umferð geti farið á milli fyrirtækjabygginga. Ekki hægt að ganga vestan megin við gömlu verbúðirnar á Grandagarði. Allur strúktúr sem þessi er hættulegur. Þetta gæti verið besta göngluleiðakerfi í Reykjavík vegna hringleiðanna en í stað þess vinnur allt á móti gangandi umferð.“

„Það mættu vera betri almenningsamgöngur og afmarkað svæði fyrir hjól og gangandi vegfarendur. Það er nóg af bílastæðum hér, of mikið ef eitthvað er. Það mætti lengja bryggjuna bakvið Sjóminjasafnið þannig að maður kæmist framhjá því að aftan. Það myndi einnig gera svæðið meira sjarmerandi.“

„Þau eru í sæmilegu lagi fyrir utan hraðahindranirnar, þær má taka í burtu.“

6.5.1 Hvað finnst þér um umferðartengingar að Vesturhöfn um Geirsgötu og Mýrargötu?

Undanfarin ár hafa ýmsar hugmyndir sprottið upp um hvað gera skal við Geirsgötu og Mýrargötu til þess að auðvelda umferðaraðgengi að Vesturhöfn. Árið 2008 voru viðmælendur spurðir hvað þeim þætti um þessar umferðartengingar að Vesturhöfn og vildu þeir ýmist setja þær í stokk, grafa undirgöng að Granda frá væntanlegu tónlistarhúsi, finna ódýra lausn eða lausn sem fæli ekki í sér mikið rót. Flestir voru þeirrar skoðunar að stokkur myndi henta vel, en slíkar framkvæmdir höfðu mikið verið í umræðunni á þeim tíma. Ákveðið var að spyrja þessarar spurningar aftur nú árið 2013 þar sem ekki hefur komið til neinna framkvæmda og því áhugavert að sjá hvort svör viðmælenda hafi breyst. Fjöldi viðmælenda sem þóttu aðstæður vera í lagi var svipaður og árið 2008, eða um 62 manns, sem einungis er um 4% fækkun. Af þeim voru 8 sem sögðu þær vera í lagi þessa stundina en töldu að þær ættu eftir að versna. Flestum þóttu umferðartengingarnar hinsvegar vera slæmar, eða 65 manns og 24 höfðu ekki myndað sér skoðun. 5 sögðu tengingarnar hafa í för með sér lítilsháttar vandræði og 13 álitu þær vera heldur þröngar. Athygli vekur að samanborið við árið 2008 vildu mun færri láta setja tenginguna í stokk, eða einungis 5 manns, en 2008 töldu 15 manns það vera ráðlegast. Það má að vissu leyti rekja til þess að minna hefur borið á þeirri umræðu síðastliðin ár og hugmyndirnar kannski að einhverju leyti dottnar upp fyrir. Annars voru athugasemdirnar ýmiss konar:

„Það væri flott að sjá þetta í stokk og gera göngugötu. Þessi gata slítur Hörpu frá miðbænum. Það vantar betri tengingu. Þetta mun batna þegar hótelið kemur, þá er enn meiri tenging við miðbæinn.“

„Það er alltaf einfalt að komast í vinnuna og samgöngur eru finar.“

„Ekki góðar, þetta er skelfilegt. Það er allt of mikill hraði og umferð og tímaspursmál hvenær verður slys.“

„Setja göng og dreifa umferðinni. Það er örugglega búið að teikna það nógu oft til að vita hvernig á að skipuleggja það.“

„Þetta er erfið gata að keyra. Það þyrfti að fá stökk því þá væri auðveldara aðgengi. Reyni að forðast þessa götu og fer yfirleitt Miklubrautina.“

„Í lagi eins og staðan er í dag en gæti orðið vandamál.“

„Mýrargatan er mjög mikið vandamál. Hun er lögð upp eins og hún sé aðal umferðargatan sem hún er ekki. Hún er of þröng og það þarf að gera ráðstafanir til að draga úr hraða. Vandamálið er samtvinnuð: Hringbraut og Mýrargata.“

„Allt í lagi. Það er ekki flókið að komast að Grandanum. Bættar almenningsgöngur myndu minnka umferðina.“

„Þröngt en allt í lagi. Þetta er bara eins og miðbærinn á að vera.“

Líkt og í spurningunni varðandi umferðarmálin höfðu nokkrir áhyggjur af umferð þungaflutninga um Geirsgötu og Mýrargötu, þá sérstaklega af akstri olíuflutningabilanna, og töldu ráðlegra að vísa þeim annað. 3 töldu að laga þyrfti aðkomu á svæðinu fyrir þungaflutninga þar sem þeir væru mikilvægur hluti af hafnarstarfseminni. Þessar ólíku skoðanir birtust í eftirfarandi athugasemdum:

„Afar slæmar. Það eru miklir flutningar til og frá svæðinu svo það mætti laga aðkomuna þarna.“

„Allt í fina, fólk á bara að keyra rólega. Það mætti vísa stærri bílum aðra leið, t.d. olíubílunum. Óvirðing við ökumenn að fara loka eða breyta svæðinu.“

„Oliuflutningarnir sem fara þar fram eru ekki góðir og er ég þeirrar skoðunar að loka ætti oliudreifingarstöðinni og þar með oliuflutningunum. Þetta á ekki lengur erindi á þessum stað, og allt sem því fylgir.“

„Algjörlega ófullnægjandi og í rauninni slysigildra, sérstaklega Geirsgatan. Það er tímaspursmál hvenær oliubíll lendir í árekstri.“

Nokkrir töldu umferðartengingarnar sérstaklega erfiðar á álagstímum og þóttu ýmis umferðarmannvirki ekki hjálpa til við að greiða úr umferðinni. Má þar sérstaklega nefna gönguljós á Geirsgötu. Eins töldu sumir þær erfiðari í kjölfar tilkomu tónlistarhússins Hörpu og höfðu áhyggjur af því að þær myndu versna með komandi byggð ef ekkert yrði að gert, sbr. eftirfarandi athugasemdir:

„Þær eru eins góðar og hægt er að hafa þær, miðað við miðborgina. Þetta var til vandræða hér á Hátíð hafsins, það var svo mikil stífla. Sérstaklega vegna gangbrautaljósa, því gangandi fólk var alltaf að ýta á hnappinn svo rauða ljósið var nánast allan tímann kveikt.“

„Alltof mikið af ljósum og ekki nógu góðar umferðatengingar.“

„Það er mjög oft farið af stað með hugmyndir í borginni og þeim ekki fylgt eftir. Það má aldrei byggja alvöru gatnamót í Reykjavík þannig að það eru engar lausnir í boði. Mýrargata verður, eftir blönduðu byggðina, ónýt fyrir umferð og hvert á þá að beina umferðinni?“

„Þær hafa ekki batnað eftir að Harpa kom.“

„Það er mjög mikil örtröð þar á álagstímum.“

„Það eru gangbrautaljós á 100 metra fresti á Geirsgötunni sem stoppa allt. Mýrargatan er þröng og Geirsgatan líka að vissu leyti. Mikil umferð er hér út á Granda vegna verslananna, þetta er orðið svo mikið þjónustusvæði. Umferðamálin eru slæm vegna þessa.“

Að lokum má nefna að, líkt og í spurningunni varðandi umferðarmál, þótti sumum aðgengi gangandi og hjólandi umferðar ábótavant og að merkja þyrfti svæðið betur, sbr:

„Það skiptir mestu máli að hafa sem best aðgengi líkt og er. Það mætti merkja svæðið aðeins betur.“

„Þetta er alveg glötuð gata, örugglega versta gata í Reykjavík. Hjólandi fólk er í stórhættu.“

„Það er orðið mikið kraðak. Ef maður kemur á hjóli þá er ekki hægt að komast Geirsgötuna. Fólk getur lagt annarsstaðar og labbað restina. Það þyrfti að loka sumum götum yfir sumarið vegna túrismanns.“

6.6 Skipulagsmál

Árið 2009 stóðu Faxaflóahafnir sf. í samvinnu við Reykjavíkurborg og aðra hagsmunaaðila fyrir opinni hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Markmið samkeppninnar var meðal annars að tengja lífið og menninguna í miðbæ Reykjavíkur betur við útgerðina og aðra hafntengda starfsemi.⁴ Tillaga arkitektastofunnar Graeme Massie Architects bar sigur úr býtum en hún fól í sér að fjögur ný hverfi myndu rísa á hafnarbökkunum sem saman mynduðu eina heild. Hverfin yrðu nefnd eftir hafnarbökkunum, þ.e.a.s. Vesturbugt, Suðurbugt, Miðbakki og Austurbakki. Þessi hverfi yrðu sambland af íbúðahúsnaði og ýmiss konar þjónustu og verslunum, svokölluð blönduð byggð.⁵ Í könnuninni voru viðmælendurnir spurðir út í þessa áætlanagerð.

⁴ Faxaflóahafnir sf.

<http://www.faxaflaohafnir.is/is/hugmyndasamkeppni/nidurstodur/>

⁵ Graeme Massie Architects. *Rammaskipulag, Gamla höfnin Reykjavík*, bls.

6.6.1 Hvaða skoðanir hefur þú á skipulagsáætlunum borgarinnar og hafnarinnar um að reisa blandaða byggð frá Sjóminjasafninu og að Slippnum?

Skiptar skoðanir hafa verið á fyrirhugaðri blandaðri byggð á hafnarsvæðinu og ekki eru allir sammála því að hafnarstarfsemi og íbúðabyggð fari vel saman. Forsvarsmenn fyrirtækja við Gömlu höfnina voru af þeim ástæðum spurðir hvaða skoðanir þeir hefðu á skipulagsáætlunum borgarinnar og hafnarinnar um blandaða byggð í einu hverfanna, Vesturbugt. Ástæða þess að einungis var spurt um Vesturbugt er sú að hverfið er að mestu leyti skipulagt sem íbúðabyggð og nýtt deiluskipulag þess er nú í vinnslu.

Langflestir viðmælenda voru á þeirri skoðun að fyrirætlanir þessar væru jákvæðar, eða um 120 manns. Um 40 manns þóttu þær neikvæðar og 15 höfðu ekki myndað sér skoðun. Tveir sögðust vera á báðum áttum. Hér að neðan má sjá dæmi um svör fólks:

„Ekkert að því. Það getur verið spennandi að þarna sé íbúðabyggð og venjulegt mannlíf.“

„Það er voðalega skritin ráðstöfun, þetta er hafnarsvæði og svo lengi sem nota á höfnina fyrir skip, þurfa þau ákveðna þjónustu en ekki íbúðahús. Það er nóg af öðru landsvæði til að byggja íbúðir en hafnarsvæðið er af skornum skammti.“

„Íbúðabyggð á ekki við. Á þessu svæði er hávaði frá Slippnum og annað, og það truflar bæði íbúana og starfsemina. Þetta er alveg fjaránlegt.“

„Allt í lagi, það er hvort sem er ekkert þarna. Það kemur meira líf með blandaðri byggð. Þetta er alltof flottur staður til að nota í ekki neitt. Það má samt ekki taka gömlu höfnina, smábátana og löndunina í burtu. Allir fíla þetta nýja og gamla sem mætist á höfninni. Fólk vill fá tengsl við höfnina og ekki bara eitthvað nýtt.“

„Líst ekki illa á að hafa blandaða byggð. Þetta er hluti af gömlu Reykjavík og því allt í lagi að hafa þetta blandað á einhvern sérstakan hátt. Veitingastaðir, hvalaskoðunarfyrirtæki og hótél gefa svæðinu meira líf.“

Nokkrir lýstu yfir áhyggjum sínum af umferðartengingum og bílastæðamálum eftir að byggðin kæmi og vildu vita hvert beina ætti þungaflutningum, sem nauðsynlegir væru af hafnarsvæðinu, í staðinn.

„Mjög jákvætt. Hef samt áhyggjur af umferðatengingunni, fólki dreymir um að vera á hjólum en það gengur ekki nema takmarkaða daga.”

„Svolítið skrítið. Það virkar of þétt, upp á bílastæðin.”

„Umferðarlega séð þá er þetta ekki sniðugt. Það er ekki hægt að setja bara upp mikið af ljósum. Umferðin á eftir að versna. Það hentar samt fyrirtækjunum betur að fá íbúana nær.”

„Líst mjög vel á það. Þetta er að breytast úr verksmiðjussvæði í þjónustusvæði. Það styttest í að það komi skemmtistaður á Granda. Hvert á samt að færa flutningabilana eftir að nýja Mýrargata kemur? Það er mikið vandamál.”

„Hugmyndirnar um byggðina eru skemmtilegar en það vantar að gera ráð fyrir bílastæðum. Það eru kannski 50 stæði við allan Grandagarð 8. Stæði eru að hverfa vegna þessara breytinga. Þó margir hjóli og labbi, ferðast aðrir á bíl.”

Mikið bar á því að viðmælendum þætti mikilvægt að halda í hafnsækna starfsemi og ítrekuðu að ekki mætti raska starfsemi fyrirtækja á svæðinu með komandi byggð.

„Gott ef þetta er ferðamannatengt, sem það er örugglega. Svo lengi sem þetta varpar ekki skugga á önnur fyrirtæki í grenndinni þá ætti þetta að vera í lagi. Það er alltaf mjög vinsælt að byggja við sjóinn.”

„Höfn á fyrst og fremst á vera höfn og þjóna sem slík. Það á að hafa forgang.”

„Frábært. Það vantar meira líf og menningu hér í kring en það sem maður þarf að passa sig á í því er að íbúðabyggðin fari ekki að ríkja umfram atvinnusvæðið því það þarf að fá að dafna líka.”

„Hefði viljað minnka íbúðabyggð. Þetta er of verðmætti svæði til þess að einblína á íbúðabyggð. Þarna þarf að vera þjónusta við hafntengda starfsemi.“

Sem dæmi um önnur málefni sem upp komu við gagnaöflun má nefna hæð húsanna sem munu rísa, áhyggjur af almennri þjónustu eins og skólum og íþróttastarfsemi og mögulegir árekstrar byggðar og fyrirtækja á svæðinu.

„Þetta er ákvörðun þeirra. Maður gerir athugasemdir við hæð húsanna. Það er búið að gefa færi á 6 hæða húsi við Mýrargötu. Fari þetta ekki yfir þrjár hæðir þá er þetta gott úr því sem komið er.“

„Allt í lagi svo framarlega sem ekki verður byggt of háreist.“

„Þetta er svo stutt svæði, það eina neikvæða er þetta háhýsi sem verið er að klára bak við Vikina, afar slæmt að slíkt hafi verið leyft. En flott að hinar byggingarnar verði lægri.“

„Það er búið að skilgreina þetta svæði sem svæði undir fyrirtæki sem eru með hafsækna starfsemi og þá óttast ég að íbúðabyggð þrenghi að atvinnufyrirtækjum. Þessi sambúð gæti orðið erfið.“

„Líst vel á þær fyrirætlanir en hef áhyggjur af almennri þjónustu á svæðinu. Það er ekki hugað að skólum, íþróttastarfsemi og slíku í fyrirhugaða hverfinu. Nýja hverfinu fylgja börn. Íþróttastarfsemin er fullnýtt svo það hlýtur vera horft til þess. Það eru engir skólar á svæðinu, hvað þá bílastæði. Hlynntur uppbyggingunni en skipulagið er ekki nógu gott.“

„Það er allt í lagi en íbúðahúsnæðið er alveg fjaránlegt og ekki í takt við aðrar byggingar. Það eru bara fyrir ákveðinn hóp fólks, þ.e. lúxusíbúðir en ekki fyrir fjölskyldur.“

6.7 Þróun svæðisins

Líkt og sjá má hér að framan eru breytingar á atvinnustarfsemi verulegar frá árinu 2008. Ef viðtalslisti ársins 2008 (sem innihélt 167 fyrirtæki) er skoðaður sést að

Þónokkur fyrirtæki hafa bæði komið og farið á síðastliðnum 5 árum. Frá því að síðasta skýrsla var gerð, árið 2008, hafa 85 fyrirtæki, bæði gömul og ný, hafið starfsemi sína í Gömlu höfninni. Af þeim fyrirtækjum eru 16 með aðsetur hjá Íslenska Sjávarklassanum í Bakkaskemmu sem hóf starfsemi sína á síðasta ári, 9 í tónlistarhúsinu Hörpu sem opnaði árið 2011, 9 í Fiskislóð 31 sem byggt var árið 2010 og 16 í verbúðunum, ýmist á Geirsgötu eða Grandagarði. Noktun verbúðanna hefur breyst töluvert frá árinu 2008 þar sem mun meira er nú af veitingastöðum og verslunum en áður í stað geymslna og beituskúra. Sem dæmi um fyrirtæki sem nýlega hafa opnað í verbúðunum við Grandagarð má nefna Litla Hulda, Gallerí Grandi, Vinnustofa Kristins E. Hrafnssonar, Krínolín og Steinunn sem öll starfa á sviði listar og hönnunar. Einnig opnaði Ísbúðin Valdís þar í sumar við miklar undirtektir. Við Geirsgötu hafa veitingastaðirnir Kopar, Höfnin og Café Haiti verið opnaðir í verbúðunum en Sushismiðjunni lokað.

Ferðapjónusta er vaxandi iðngrein á Íslandi og fer ferðamönnum stöðugt fjölgandi. Áberandi er hversu mörg fyrirtæki á sviði ferðapjónustu hafa opnað við Gömlu höfnina á síðastliðnum fimm árum. Fyrirtækið Reykjavík Sea Adventures hefur slegist í hópinn með sjóferða- og hvalaskoðunarfyrirtækjum á Ægisgarði. Einnig hafa fyrirtækin Reykjavík bike tours/segway tours, Sway Reykjavík sem býður upp á segway ferðir, Scuba Iceland og Dive.is sem bæði sérhæfa sig í köfun, ferðaskrifstofan Tour.is og Sixt bílaleiga hafið störf sín við Gömlu höfnina svo dæmi séu tekin.

Meðal annarra fyrirtækja sem opnað hafa í Gömlu höfninni frá árinu 2008 má nefna Kría hjól verslun og hjólaverkstæði, raftækjaverslunin Elko, skoðunarstöð Frumherja, Mava heildverslun og Iceland Reps ráðgjafa- og þjónustufyrirtæki.

Viðmælendur voru beðnir um að lýsa skoðun sinni á þróun atvinnuuppbyggingar í Gömlu höfninni í Reykjavík. Mikið bar á því að fólki fyndist blönduð atvinnustarfsemi á hafnarsvæðinu vera jákvæð, en alls nefndu það 52 aðilar, og ítrekuðu margir þeirra nauðsyn þess að viðhalda hafnsækinni starfsemi á svæðinu. Alls lögðu 51 aðili áherslu á mikilvægi hafnsækinnar starfsemi og töldu sumir þeirra hana eiga að vera allsráðandi á hafnarsvæðinu. Eins voru 11 manns sem töldu að þrengt væri að hafnsækinni starfsemi og að beinlínis væri verið að bola henni í burtu. Mörgum þótti höfnin vera orðin líflegri í kjölfar blandaðrar atvinnustarfsemi og fjölbreyttari notkun verbúðanna. Eins bentu margir á mikilvægi ferðamannaíðnaðarins og töldu að efling hans á hafnarsvæðinu mætti að miklu leyti rekja til fjölbreyttarar

þróunar hafnarsvæðisins. Langflestir töldu þróun atvinnuuppbyggingar í Gömlu höfninni yfir heildina jákvæða, eða 101 maður, á meðan 24 viðmælendum þótti hún vera neikvæð. 22 höfðu ekki myndað sér skoðun.

Á síðasta ári opnaði Icelandair hótelleiðan nýtt hótél við Slippinn í Gömlu höfninni, Icelandair Hótel Reykjavík Marina. Þessi athyglisverða sambúð hótels og skipaslipps hefur lagst vel í ferða- og heimamenn og töldu margir atvinnurekendur blönduna til góðs og aðlaðandi fyrir ferðamannaíðnaðinn. Leiða má líkum að því að bæði með tilkomu hótelsins og vegna skipulagsáætlanna um blandaða byggð hafi umræðan um örlög Slippsins orðið sterkari en mun meira bar á því að viðmælendur nefndu málefnið sérstaklega nú en árið 2008. Var það gert í athugasemdum, spurningunni varðandi skipulagsmál og spurningunni um þróun atvinnuuppbyggingar í Gömlu höfninni (sjá spurningar í *Viðauka 1*). Nú töldu 27 viðmælendur það mikilvægt að halda starfsemi Slippsins gangandi en tveir vildu hana burt. Hér að neðan má sjá dæmi um athugasemdir og svör er snerta Slippinn.

„Slippurinn ætti að fá að vera áfram og atvinnan sem er þar núna ætti að haldast. Það er hvergi annarsstaðar í heiminum þar sem túristar fá að sjá skip í slipp. Eigum nóg af landsvæði upp í sveit þar sem fólk vill byggja.“

„Þróunin er fín og gott að Brim húsið sé að breytast. Það má samt ekki troða þeim um tær sem hafa verið á höfninni í mörg ár. Marina fór mjög fallega að þessu, Slippurinn hélt sér og er orðinn aðdráttarafl túrista. Það þarf að gera þetta í samræmi við allt saman. Það er æði að sjá smábátakarlanna vinna í netunum í höfninni.“

„Mikilvægt að reka ekki starfsemina í burtu, þ.e. að þessi gamla og gróna starfsemi fái að vera áfram þó það komi lífstílsbúðir fyrir túristana. Þeim finnst æðislegt að sjá Slippinn og hafnarstarfsemina.“

„Allt í lagi að það sé íbúðabyggð en skil ekki afhverju Slippurinn á að vera þarna áfram. Það er engin leið að hafa Slippinn í miðri íbúðabyggð. Þetta er óumhverfisvænt og heilsufarsspillandi. Höfum marg oft fengið málningu yfir bílana okkar frá Slippnum og þurft að þrifa það.“

„Það er hneisa að Slippurinn verði tekinn. Hann er forngripur. Þetta er mest myndaða svæðið á höfninni, ferðamenn sjá ekki oft svona. Fólki gerir sér ekki grein fyrir atvinnunni sem fer af svæðinu með Slippnum. Þetta hefur mikil áhrif á svæðið.”

„Hótel Marina er vel heppnað, túristunum finnst gaman að sjá starfsemina í kring. Flott að koma með blandaða byggð en Slippurinn ætti að halda sér. Það mætti færa hvalaskoðunina innar á Grandann og breikka svæðið.”

Viðmælendum var boðið að koma athugasemdum á framfæri til Faxaflóahafna sf. Einhverjum þóttu Faxaflóahafnir sf. þurfa að afmarka stefnu sína betur og fylgja eftir athugasemdum fólks. 33 aðilar vildu sérstaklega koma á framfæri ánægju með störf, samstarf eða áætlanir Faxaflóahafna sf. Hér að neðan má sjá brot af þeim athugasemdum sem fram komu varðandi Faxaflóahafnir sf.

„Auka samstarf og samráð á hafnarsvæðinu. Það hagnast allir á því. Við erum rétt að byrja átta okkur á möguleikum þessa svæðis. Mikilvægt að vera í samstarfi við veitingastaði og hótél og Faxaflóahafnir eru með í að leiða þá vinnu. Halda hjólastígnum og merkingum betur við.“

„Við eigum afskaplega gott samstarf við hafnarstjóra og yfirhafsögumann. Þeir hafa reynst okkur alveg öðlingar og öll samskipti verið afar góð við hafnarstarfsmenn að öllu leyti. Það er leitun á öðrum eins öðlingi og hafnarstjóra í samskiptum við okkur.”

„Þetta hefur gengið sem smurt. Höfnin sendir alltaf pósta ef það er eitthvað stórt í gangi og þá fær maður tíma til að undirbúa sig, svo það er ekkert við því að segja.”

„Ég er í rauninni nokkuð sáttur. Skipulagsvald Faxaflóahafna er mjög mikið innan hafnarsvæðisins. Það þarf að passa að vinna í sátt við annað skipulag í borginni svo skynsamleg mynd af borginni fáist með engum flöskuhálsum og árekstrum.”

„Ef Faxaflóahafnir sf eru umsjónaraðilar þá finnst mér Gísli og hans menn vera vinna feiknarlega gott starf og eiga að halda áfram á þeirri braut að búa til skemmtilegt og athafnasamt mannlíf á svæðinu.”

„Það er spurning hvort halda eigi einhverja sameiginlega atburði þar starfsemin hér á svæðinu er kynnt. Vinna meira með fyrirtækjunum.“

„Líkar vel við starfsmenn Faxaflóahafna og samstarfið hefur alla tíð gengið vel.“

„Það vantar að upplýsa fyrirtæki meira ef einhverjar framkvæmdir eru í kringum þau. Það þarf að gera fyrirfram og leyfa þeim einnig að hafa skoðun á því. Það vantar betra upplýsingaflæði. Annars er ósköp gott að eiga við Faxaflóahafnir.“

„Faxaflóahafnir eru að standa sig vel að uppbyggingu svæðisins, sem er mjög lofandi.“

„Þakklæti til Faxaflóahafnir fyrir að standa vel við bakið á svona stóru fyrirtæki. Við eigum mjög góð samskipti við Faxaflóahafnir.“

Nokkrir kvörtuðu yfir rusli á svæðinu og ófrágengnum byggingum. Athygli vakti að á Grandagarði 1-13 kvartaði nánast hver einasti atvinnurekandi undan gagnstéttinni sem liggur þar við fyrirtækin. Þótti þeim hún holótt og of há og bentu á að kominn væri tími á að laga hana. Meðal annarra málefna sem nefnd voru oftast en einu sinni má nefna betri merkingar og skilti, að auðum lóðum yrði komið í notkun, betri nýting á Brim húsinu á Miðbakka, óánægja með íbúðahúsið sem nú er í byggingu aftan við Víkina, hve Hátíð hafsins var vel heppnuð, ókostir landfyllinga, uppbygging á Miðbakka, aukið eftirlit á hafnarsvæðinu ásamt góðri eða slæmri nýtingu á gömlu verbúðunum. Allar athugasemdir má finna í *Viðauka 7*.

7 Samantekt

Sumarið 2013 var í fimmta sinn framkvæmd könnun á atvinnustarfsemi í Gömlu höfninni. Alls tóku forsvarsmenn 193 fyrirtækja þátt í henni með því að svara stöðluðum spurningum er varða fyrirtækin og ýmiss önnur málefni. Árið 2008 voru fyrirtækin 167 talsins og fjórum árum áður tæplega 80. Fjölgunin er því um 60% á níu árum. Hinsvegar voru fyrirtækin 91 árið 1994 (97 með þeim sem einungis voru með geymslur en enga starfsemi í Gömlu höfninni) og 109 árið 1998 (126 með

geymslum). Það varð því talsverð fækkun árið 2004 en eftir það tók þeim að fjölga á ný.

Þegar fyrirtækjunum var skipt niður samkvæmt flokkunarlykli kom í ljós að flest fyrirtækin í Gömlu höfninni störfuðu á sviði þjónustu, eða 70 fyrirtæki. Flokkurinn *Fiskvinnsla og útgerð* var hinsvegar smæstur þeirra flokka sem innihéldu fleiri en eitt fyrirtæki, með 16 fyrirtæki. Hefur fjöldinn því staðið í stað frá árinu 2008. Helmingur yfirflokka hafa stækkað frá síðustu könnun. Þegar fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi voru tekin saman kom í ljós að þau voru 62 talsins, eða 38,1% af heildarfjölda fyrirtækja. Segja má að hlutfallið hafi lítið sem ekkert breyst frá árinu 2008 þegar þau voru 37,8% af heildarfjölda. Hlutfallið var ekki tekið saman árið 2004 en árið 1994 voru þau 50% og 1998 hafði þeim fækkað í 43% af heildarfjölda.

Starfsmannafjöldi fyrirtækja í Gömlu höfninni taldi nú 2024 menn í heildina og voru þá sjómenn, verktakar og starfsmenn í óreglulegum hlutastörfum þá ekki taldir með. Árið 1994 voru starfsmenn 1345 talsins, 2004 hafði þeim fækkað í 1014 og í síðustu könnun, árið 2008, voru þeir 1614. Ekki var hægt að bera saman við starfsmannafjöldann árið 1998 þar sem hann var tekinn saman á annan hátt. Athygli vakti að flokkurinn *Fiskvinnsla og útgerð* sem einungis innihélt 16 fyrirtæki var hinsvegar fjölmennastur með 568 starfsmenn. Það ræðst meðal annars af stærð fyrirtækjanna sem falla í þann flokk. Fyrirtæki með 50 eða fleiri starfsmenn á hafnarsvæðinu voru nú níu talsins. Líkt og 2008 var CCP hf. fjölmennast með 290 starfsmenn og fylgdu HB Grandi hf., Lýsi hf., Sinfóníuhljómsveit Íslands, Olíudreifing ehf., Toppfiskur ehf., Icelandair Hótel Marina, Fiskkaup hf. og Stálsmiðjan ehf. í kjölfarið.

Þegar húsnæðisnotkun og eignarhald þess var skoðað kom í ljós að 126 fyrirtæki voru í leiguhúsnæði en 56 í eigin og voru langflest fyrirtækjanna í húsnæði undir 200 m². Hlutfall fyrirtækja í eigin húsnæði hefur aldrei verið lægra en nú, eða 31%, en hjá fiskvinnslu- og útgerðafyrirtækjum var hlutfallið hinsvegar mun herra, eða 69%.

Fyrirtækjum við Gömlu höfnina þótti staðsetningin við höfnina almennt mikilvæg. Voru viðmælendur beðnir að lýsa mikilvægi hennar á skalanum 1 til 5 þar sem 5 stóð fyrir *mjög mikilvæg*. Meðaleinkunnin var 3,56 sem er hækkun frá árinu 2008 þegar hún var 3,47. Einnig voru þeir spurðir út í framtíðarhorfur fyrirtækjanna. Margir sáu fram á stækkun athafnasvæði fyrirtækisins, eða 59 manns, en langflestir hugðust þó halda því óbreyttu. Einungis 6 viðmælendur sáu fram á minnkun athafnasvæðisins sem er veruleg fækkun frá árinu 2008 þegar 18 sögðust ætla að minnka við sig. Ekki

voru margir sem hugðust flytja starfsemina af hafnarsvæðinu en ástæður þeirra sem stefndu að því, voru ýmiss konar. Flestir töldu sig ekki nógu sýnilega og vildu færa sig nær miðbænum.

Viðmælendur voru spurðir um skoðanir sínar á umferðarmálum í Vesturhöfn og þótti 76 þau vera í lagi en 33 þau vera slæm. Ýmsar athugasemdir komu fram sem snerta aðgengi, götumannvirki, hraða og fleira. Viðmælendur voru einnig spurðir hvað þeim þætti um umferðartengingar að Vesturhöfn um Geirsgötu og Mýrargötu og þótti fleirum þær slæmar en góðar. 65 töldu þær slæmar en 62 góðar og 24 höfðu ekki myndað sér skoðun. Líkt og í spurningunni um umferðarmálin var ýmislegt sem viðmælendur gagnrýndu eða hrósuðu og má þarf nefna þrengingar, hraða, slysaættu, bílastæðamál og fleira.

Árið 2008 fór fram hugmyndasamkeppni á vegum Faxaflóahafna sf., Reykjavíkurborgar og annarra hagsmunaaðila sem fól í sér endurskipulagningu á Gömlu höfninni. Viðmælendur voru því beðnir um að segja skoðun sína á þeim fyrirætlunum og þótti langflestum þær jákvæðar. Eitthvað bar á athugasemdum við hæð húsanna og áherslu á mikilvægi þess að halda í hafnsækna starfsemi samhliða breytingunum.

Ýmislegt áhugavert kom fram við gerð rannsóknarinnar og voru viðmælendur duglegir að koma athugasemdum og hugmyndum á framfæri. Ljóst þykir að Gamla höfnin er í stöðugri þróun og almennt er ánægja með þá átt sem hún þróast í. Hinsvegar þykir mörgum mikilvægt að raska ekki ró hafnsækinnar starfsemi samhliða blandaðrar starfsemi. Ekki bar á miklum erfiðleikum við framkvæmd rannsóknarinnar en það sem helst má þó nefna eru erfiðleikar við að finna öll fyrirtæki á svæðinu, þar sem mikið er um einyrkja og fyrirtækjum skráð annarsstaðar. Einnig var stundum erfitt að bóka viðtöl við forsvarsmenn fyrirtækja sökum sumarfría, þó það hafi heyrt til undantekningartilfella.

8 Heimildaskrá

Faxaflóahafnir sf. *Hugmyndasamkeppni – Niðurstöður*. Sótt 23. Júlí 2013 af <http://www.faxaflaohafnir.is/is/hugmyndasamkeppni/nidurstodur/>

Kristján Sveinsson. 2009. *Íslenskar hafnir og hafnargerð*. 1. útg. Siglingastofnun Íslands, Kópavogi.

Rammaskipulag, Gamla höfnin Reykjavík [Án árs]. Graeme Massie Architects, Edinborg.

Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík (2005). *Reykjavíkurhöfn – Lífæð borgarinnar*. Sótt 31. júlí 2013 af <http://www.sjominjasafn.is/fraedsla/reykjavikurhofn/>

Þjóðskrá Íslands – Fasteignaskrá.

9 Viðaukar

Viðauki 1



Spurningar til fyrirtækja við Gömlu höfnina

Fyrirtæki _____

Nafn viðmælanda: _____

Staða innan fyrirtækis: _____

Heimilsfang: _____ Svæði: _____

Sími: _____ Dagsetning: _____

1. Lýsing á starfsemi fyrirtækis:

2. Hvenær hófst starfsemi fyrirtækisins?

3. Hvenær hófst starfsemi fyrirtækisins í Reykjavíkurböfn?

4. Fer öll starfsemi fyrirtækisins fram innan hafnarsvæðisins?

5. Hversu margir fastráðni starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu?

6. Ef starfsemi fer fram utan hafnarsvæðisins, hversu margir starfsmenn vinna á hafnarsvæðinu?

7. Er fyrirtækið í eigin húsnæði _____ eða leiguhúsnæði _____?

8. Hversu stórt húsnæði hefur fyrirtækið til umráða? _____ m²

9. Hversu stóra lóð hefur fyrirtækið yfir að ráða? _____ m²

10. Hefur fyrirtækið aðra aðstöðu á hafnarsvæðinu en þessa? Já/Nei

a. Ef já,

hvar? _____

b. Ef já, hvernig er hún

nýtt? _____

11. Huga forsvarsmenn fyrirtækisins að stækkun athafnasvæðis þess í

Reykjavíkurböfn _____, minnkun þess _____, eða halda því óbreyttu _____?

12. Ætla forsvarsmenn fyrirtækisins að flytja starfsemi sína annað á næstunni?

Já / Nei

a. Ef svo er, hvert?

13. Vildu forsvarsmenn fyrirtækisins að það væri staðsett annarsstaðar? Já / Nei

a. Ef já, hvar?

b. Ef já, hvers vegna?

14. Er húsnæðið til sölu? Já / Nei

a. Ef já, hve lengi hefur svo verið?

15. Eru viðskiptavinir fyrirtækisins staðsettir innan ____ eða utan ____

hafnarsvæðisins?

16. Hversu mikilvæg er staðsetning á hafnarsvæðinu, þínu fyrirtæki?

Notaður er skalinn 1 - 5. Stendur 5 fyrir mjög mikilvæg og 1 alls ekki mikilvæg.

1 - 2 - 3 - 4 - 5

17. Hvað finnst þér um umferðamál í Vesturhöfn?

18. Hvað finnst þér um umferðatengingar að Vesturhöfn um Geirsgötu og Mýrargötu?

19. Hvaða skoðun hefur þú á skipulagsáætlunum borgarinnar og hafnarinnar um að reisa blandaða byggð frá Sjóminjasafninu að Slippnum (Vesturbugt)?

20. Hefur þú skoðun á þróun atvinnuuppbyggingar í Gömlu höfninni?

21. Eru einhverjar athugasemdir sem þú vilt koma á framfæri við Faxaflóahafnir
sf?

Viðauki 2

1 Sjávarútvegur og tengd starfsemi

1.1 Fiskvinnsla og útgerð

1.2 Útgerð

1.3 Fiskvinnsla

1.3.1 Fiskverkun

1.3.2 Harðfiskverkun

1.3.3 Lýsis- og fiskmjölframleiðsla

1.3.4 Fiskreyking

2 Iðnaður

2.1 Skipasmíðar eða skipaviðgerðir

2.1.1 Skipasmíðar

2.1.2 Skipaviðgerðir

2.2 Smíðar

2.2.1 Trésmíðaverkstæði

2.2.2 Húsaviðhald

2.2.3 Plastsníðar

2.3 Pípulagnir

2.4 Rafiðnaður

2.4.1 Raffjónusta við skip og fleira

2.4.2 Eftirlitsstarfsemi í rafiðnaði

2.5 Málarar

2.6 Prentiðnaður

2.6.1 Bláaútgáfa

2.6.2 Bókaútgáfa

2.7 Hátækniíðnaður

2.7.1 Kafbátagerð

2.7.2 Teiknimyndagerð

2.7.3 Tölvuleikjagerð

2.7.4 Hugbúnaðarfyrirtæki

2.7.5 Tölvufyrirtæki

2.8 Vefnaðariðnaður

2.8.1 Seglagerð

2.9 Ýmis hönnun

2.10 Matvælaiðnaður

3 Þjónusta

3.1 Sérhæfð þjónusta við sjávarútveg

3.1.1 Löndunarþjónusta

3.1.2 Þjónusta við skipavélar, skipavarahluti, spilkerfi

3.1.3 Siglingatækja- og fiskleitartækjaþjónusta

3.1.4 Hafrannsóknir

3.1.5 Veiðarfæraviðgerðir

3.1.6 Skipamiðlun

3.1.7 Kvótamiðlun

3.1.8 Skipaskoðun og eftirlit

3.1.9 Skipateikningar

- 3.1.10 Veiðafæragerð
- 3.1.11 Beitningar
- 3.1.12 Klasastarfsemi
- 3.1.13 Þjónusta við fiskafurðir
- 3.1.14 Þjónusta við öryggismál tengd sjávarútvegi

3.2 Viðgerða- og viðhaldsþjónusta

- 3.2.1 Vélar og varahlutir
- 3.2.2 Bílaviðgerðir
- 3.2.3 Hjólbarðar
- 3.2.4 Bifreiðaskoðun
- 3.2.5 Ýmis önnur viðgerðaþjónusta

3.3 Þjónusta við byggingariðnað

- 3.3.1 Arkitektar
- 3.3.2 Byggingaeftirlit
- 3.3.3 Kranaleiga

3.4 Sérfræðiþjónusta

- 3.4.1 Ráðningaþjónusta
- 3.4.2 Sálfræðiþjónusta
- 3.4.3 Lögfræðiþjónusta
- 3.4.4 Ráðgjafaþjónusta
- 3.4.5 Bókhalddsþjónusta
- 3.4.6 Öryggisþjónusta

3.5 Ferðaþjónusta

- 3.5.1 Ferðaskrifstofa
- 3.5.2 Hvalaskoðun ásamt öðrum ferðum
- 3.5.3 Bílaleiga

3.6 Olíufélög

- 3.6.1 Olíurannsóknarstofa

3.7 Opinber þjónusta

- 3.7.1 Mynjavernd
- 3.7.2 Björgunarsveit
- 3.7.3 Félagsleg þjónusta/utangarðsmenn
- 3.7.4 Félagasamtök
- 3.7.5 Faxaflóahafnir, bækistöð
- 3.7.6 Landhelgisgæslan
- 3.7.7 Slysavarnarskóli
- 3.7.8 Ferðamálastofa

3.8 Póstþjónusta

3.9 Bílaþvottastöð

3.10 Viðburðastjórnun

4 Verslun, smásala og veitingar

4.1 Matvöruverslun

4.2 Sérvöruverslun

4.3 Veitingastaður

4.3.1 Veislubjónusta

5 Verslun, heild- og umboðssala

5.1 Innflutningur véla, tækja og varahluta t.d fyrir skip

5.2 Innflutningur og sala á rekstrarvörum

5.3 Heildverslun með veiðarfæri og fiskvinnsluvélar

5.4 Sérvöru innflutningur og heildsala

5.5 Bílasala

5.6 Fisksala, útflutningur eða innanlandssala

5.6.1 Fiskmarkaður

5.6.2 Fiskútflutningur

5.6.3 Fisksala innanlands

5.6.4 Fisksala innanlands og utan

6 Geymslur

6.1 Verbúð – geymsla veiðafæra og slíks

6.2 Búslóðargeymslur

7 Samgöngur

7.1 Flutningur á landi

8 Annað

8.1 Listamenn

8.1.1 Málari

8.1.2 Ljósmyndari

8.1.3 Tónlist og leiklist

8.1.3.1 Tónlistarþróunarmiðstöð

8.1.3.2 Tónlistarkennsla

8.1.3.3 Tónlistarmaður

8.1.4 Kvikmyndagerðamaður/fyrirtæki

8.2 Hjóð og myndlausnir

8.3 Sjónvarpsstöð

8.4 Safn

8.5 Auglýsingastofa

8.6 Hárgreiðslustofa

8.7 Söngskóli

8.8 Fasteignir

8.8.1 Fasteignaþróunarfélag

8.8.2 Fasteignaútleiga

8.8.3 Fasteignafélag

8.9 Auglýsingastofa

8.10 Almannatengsl

8.11 Íþróttastarfsemi

Viðauki 3

17. Hvað finnst þér um umferðamál í Vesturhöfn?

Austurbakki

„Fin”

„Horfi til þess með hryllingi ef Geirsgatan verður þrengd. Þá verður algjört caos. Það er ekki nóg að vera með eina stofnæð í Vesturhöfninni, sérstaklega ekki ef byggja á íbúðabyggð á svæðinu.”

„Það þarf að bæta umferðarmál. Það var góð viðbót að fá hjólastíginn en það þyrfti að halda því betur við. Ekki fjölga bílastæðum.”

„Aðgengi að Hörpunni mætt vera betra, sérstaklega fótgangandi fólks.”

„Þau eru þokkaleg.”

„Hef ekki skoðun.”

„Það voru endalausar þælingar hér áður um að bæta aðgengið að Hörpu og höfninni. Það er hægt að hugsa sér fjölbreyttari aðkomu en stundum myndast tappar. Til lengri framtíðar litið þarf að huga að umferðinni um höfnina, þó það sleppi ennþá. Landfylling sem var þegar Harpan var byggð var tekin í burtu eftir bygginguna en hún hefði verið kjörin fyrir bílastæði. Öll umferð fólks glæðir svæðinu miklu lífi en skapar einnig álag.”

„Allt í lagi”

„Umferðamálin hér eru ekki vandamál.”

„Það er ákveðinn ókostur með gönguleiðir, fyrst og fremst yfir Geirsgötuna. Það er mikil umferð hér beint framan við húsin svo tengingin við miðbæinn er óæskileg.”

„Það mætti laga ansi margt, helst varðandi bílastæði og aðgengi.”

Eyjarslóð

„Það er allt í lagi, svolítið mikið af rúnturum sem getur verið pirrandi”

„Allt í lagi. Þó er komið of mikið af botngötum.”

„Hef ekki skoðun.”

„Skelfileg. Það er fullt af fólki sem er bara á rúntinum.”

„Hef ekki skoðun.”

„Það þarf að koma bensín- og olíubílunum héðan í burtu. Stórt framfaraspor ef séð væri til þess að olíustöðin í Örfirisey færi eitthvað annað, t.d. í Hvalfjörð. Þá væri hægt að opna fyrir hringferð um svæðið.

„Ekkert stórvandamál. Svipað og annarsstaðar.”

„Engin sérstök skoðun nema að fólk er alltaf að keyra Eyjarlóðina í útsýnisferðum á 20 km/klst.”

„Hönnunin á hringtorginu við Grandann er mjög skritin, þ.e. fráreinin frá Mýrargötunni.”

„Fin.”

Faxagarður

„Í góðum málum eins og er”

Fiskislóð

„Nokkuð góð. Þetta hefur breyst alveg svakalega með tilkomu búðanna hér í kring. Erum ánægðir með mikla umferð.”

„Nokkuð góð, ekki nema 3-4 dagar á ári þar sem havarí myndast, þá stoppar umferðin. En að öllu jafna þá gengur þetta vel fyrir sig.”

„Þau eru ágæt nema fyrir Mýrargötuna.”

„Það myndast oft hnútur við verslanirnar. Þetta er sérstaklega slæmt seinnipart dags, þegar fólk er að koma í Bónus og Krónuna á sama tíma. Það er mikil umferð á Grandanum en hún er samt ekki vandamál.”

„Mættu vera betri, þ.e. Mýrargatan og Hringbrautin.”

„Þau eru svosem í lagi nema á álagstoppum. Þetta hefur breyst mikið með tilkomu þessara verslana á svæðið.”

„Sérlega þægileg. Stundum myndast smá tappi við Hótel Marina á Mýrargötunni. Maður er samt ekkert í vandræðum. Það er hverfisgata frá tollhúsinu og að Héðins húsinu en ekki umferðaræð.”

„Það er mjög róleg og þægileg umferð hér, en það er stífla og þung umferð við Geirsgötuna”

„Þau eru eðlileg, mjög fín. Algjör lúxus með bilastæði, maður er aldrei í vandræðum”

„Það gengur oft hægt en það hefur aldrei verið vesen, það bjargast allt saman. Getur þó verið erfitt að flytja gáma.”

„Þau eru mjög góð.”

„Þau eru allt í lagi. Ágætis tengingar þó það sé svolítið um botnlanga.”

„Hef ekki skoðun.”

„Þau eru ágæt nema það er leiðinda þröngt um Geirsgötu og Mýrargötu, oft stórflutningaumferð þar”

„Ekkert vandamál.”

„Það er algjör tappi frá miðbæ út á hafnarsvæðið. Þegar maður er kominn inn á sjálft svæðið er allt í fínu lagi. Þetta snýst allt saman um tenginguna við restina af Reykjavík.”

„Það er ekkert vandamál, og ekki að svo komnu að það geti orðið í framtíðinni. Það eru ekki svo margar götur sem að liggja að hverfinu.”

„Allt í lagi”

„Hræðileg, sérstaklega oliubílarirnir sem eru stórhættulegir. Keyra eins og fávitar á alltof miklum hraða bæði á Fiskislóð og Hólmaslóðinni.”

„Bara allt í lagi”

„Það er ekkert mikil umferð og engin teppa.”

„Betri í dag en áður var.”

„Óþolandi kl. 20 á kvöldin en þá mæta bílar á plönin og spyrna. Þetta er orðið þreytandi.”

„Vel þröngt og mikil umferð um Geirsgötu og Mýrargötu. Þungaflutningarnir eru sérstaklega leiðinlegir.”

„Hún er óskipulögð því umferðarstýringartæki eru ekki til staðar, svo sem umferðarljós, gangbrautir, hallandi stéttir og slíkt. Allt saman leiðir þetta til mikils hraðaksturs á svæðinu. Vegna starfseminnar hér er mjög mikið af stórum faratækjum á svæðinu. Þessi mikli hraði og að það skuli ekki vera neitt sem hamlar bílaumferð, gerir það að verkum að hér er mikil slysaætta. Það vantar í skipulag lóða að gangandi umferð geti farið á milli fyrirtækjabygginga. Ekki hægt að ganga vestan megin við gömlu verbúðirnar á Grandagarði. Allur strúktúr sem þessi er hættulegur. Þetta gæti verið besta göngluleiðakerfi í Reykjavík vegna hringleiðanna en í stað þess vinnur allt á móti gangandi umferð. Fólk þorir ekki að koma með börnin í vinnuna vegna umferðar. Það er ekki hægt að koma upp gróðri á svæðinu og hefur það í för með sér aukinn vind.“

„Ekkert yfir að kvarta.“

„Varðandi gangstéttirnar þá eru þetta allt svo háir og klunnalegir kantar sem erfitt er að komast upp á, eins og fyrir reiðhjól og annað. Maður þarf að fara yfir malarlóðina og þannig upp á gangstéttina. Á opna bilaplaninu milli Krónunnar og Laðar er hola í jörðinni. Er ekki hægt að fylla í þetta gat þar sem þetta er svolítið hættulegt?“

„Þau eru í fínu lagi“

„Bara fín, ekkert að því.“

„Allt í lagi. Þetta er náttúrulega svolítið út úr en samt stutt niður í bæ.“

„Allt í góðu.“

„Það ætti að loka aðgengi almennings að höfninni, það truflar löndun.“

„Þau eru í fínu lagi.“

„Allt í lagi.“

„Þau eru allt í lagi.“

„Á daginn er það allt í lagi en á kvöldin byrja strákarnir í kappakstri. Stundum fer fólk á rúntinn hér og keyrir þá alveg afskaplega hægt.“

„Bara gott.“

„Engar athugasemdir.“

„Það mætti auðvitað alltaf bæta þau.“

„Þau eru ekki góð.“

„Ekkert við það að athuga. Mætti vera greiðari leið í gegnum Geirsgötuna og Mýrargötu.“

„Allt í lagi. Það er náttúrulega mikil umferð hér vegna verslanna en það hefur ekki verið vandamál.“

„Þau eru skelfing orðin. Annars vegar er kerfisbundið verið að þrengja að umferðaræðum hingað vestur í bæ og hins vegar er erfitt að komast í gegn vegna allra matvöruverslananna sem hrúgast á hornið.“

„Þau eru í sæmilegu lagi fyrir utan hraðahindranirnar, þær má taka í burtu.“

„Kvarta ekki.“

„Þau eru í lagi. Það er mikil umferð í kringum matvöruverslanirnar en yfir heildina litið er þau í lagi. Væri betra að hafa hjólreiðastíga því það er erfitt að komast hér um á hjóli.“

„Þau eru bara í lagi.“

„Þau eru alltaf að versna tappi að myndast í kringum Krónuna og Bónus. Það þyrfti að gera aðgang að Fiskislóð, Hólmaslóð og Eyjarlóð betri. Hornið við Bónus er slæmt. Oliubilarnir keyra mjög hratt og það ætti að koma oliunni annað. Annað ætti að vera óbreytt, þ.e.a.s. hafnarsvæðið á að haldast.“

„Truflar mig ekki.“

„Þau eru ekki góð. Hér er vinnusvæði og svo er fullt af fólki á sunnudagsrúnti alla daga vikunnar. Það er ekki lengur verið að hugsa Vesturhöfnina sem vinnusvæði vegna allra búðanna.“

„Þau er í fínu lagi. Umferðin er orðin svolítið þyngri með búðunum, en ekkert til að kvarta yfir.“

„Bara allt í lagi.“

„Hef ekki skoðun.“

Geirsgata

„Mætti vera meiri regla á bilastæðaplássu.“

„Mjög slæm, aðallega öll þessi umferð kringum verbúðirnar á Geirsgötu. Það er hægt að loka hliðunum en fólk er alltaf að smeygja sér framhjá.”

„Það vantar bílastæði. Það er mikið af ferðamönnum sem labba hér um en það eykur bílastæðavandræði.”

„Þau eru búin að sprengja allt utan af sér. Það er svakaleg aukning á túristum og rúturnar komast ekki hingað, þetta er þröngt.”

„Það eru engin bílastæði fyrir bátæigendur. Fólk er alveg í vandræðum með að geyma bíla hér þegar það fer á sjó. Þegar fólk kemur með þungar vörur til að fara með um borð þá kemst það eiginlega ekki inn á svæðið, það má ekki stoppa við bryggjuna. Þetta er stórt vandamál.”

„Á Ægisgarði eru bílastæðavandamál fyrir viðskiptavinum og starfsmenn. Bílar keyra hratt sem skapar hættu hjá gangandi vegfarendum.”

„Slæm, -10 stig. Allt of mikið af bílum hér og það vantar bílastæði. Í raun ætti að takmarka umferðina um verbúðirnar. Aðgengi að svæðinu er ekki gott fyrir bíla.”

„Ekki hægt að komast á bíl að verbúðunum hjá Slippnum eftir að settir voru út básar hjá Höfninni og Café Haiti. Það er bráðnauðsynlegt að komast að með bíl svo hægt sé að hafa þar starfsemi af einhverju viti. Fólk er í vandræðum með að leggja bílunum sínum þarna í kring.”

„Það mætti minnka hve mikið er lagt hér, en að öðru leyti er þetta í samræmi við það sem er í miðbænum.”

„Væri gott að losna við olíubilana en það eitt útaf fyrir sig er ekki nóg. Það þarf að hægja á umferðinni.“

„Slæm. Bæði vantar bifreiðastæði fyrir starfsfólk og svo er of mikil umferð um hafnarbakkann, en hann á að vera gönguleið”

„Afleit, sérstaklega bílastæðamál og hraðinn á svæðinu.”

„Umferðin er ekki truflandi en bílastæðamálin eru það”

„Það er of þung umferð um Geirsgötu og Mýrargötu. Of mikil umferð stórra bíla.”

„Ömurlega léleg og bílastæðamál eru bara fyndin.”

„Þau eru skelfileg.”

„Hef ekki skoðun.“

Grandagarður

„Mætti bæta. Þau eru of treg. Það er mikil umferð hér og búið að setja umferðarhindranir, ljós og fleira eftir að Harpan var byggð. Þetta er of þröngt og maður getur rétt ímyndað sér vandræðin ef eitthvað myndi ske.“

„Hún hefur aukist, það er alveg klárt, en hún er ekki orðin of mikil svosem, nema kannski á álagstoppum.“

„Umferðamálin þarf að skoða vandlega. Umferðin er mjög hröð á Grandagarðinum t.d. og það þarf að takmarka hana inn á svæðið með einhverjum hætti“

„Þeim er stórabótavant á Mýrargötunni. Þar eru stórir vagnar og eins hefði strætóstoppistöðin við Mýrargötu aldrei átt að koma þangað. Það kemst engin framúr við hana vegna umferðareyjunnar, þetta er stórhætturlegt.“

„Ósáttir með of mikla bílamergð. Bilastæðin eru alltaf upptekin.“

„Í góðu lagi.“

„Allt í lagi.“

„Kaflinn frá Hörpunni og úteftir er allt of seinn. Það tefur umferðina hingað inneftir og fólki finnst þetta vera vesen. Aksturinn er mjög hægur og svo eru flutningabílarinnir einnig að teyja. Það er búið að ætla gera ýmislegt við þennan kafla, leggja stökk og fleira, en aldrei er neitt gert.“

„Það eru náttúrulega alltaf einhverjir að glannast en umferðin er þó ekkert þirrandi.“

„Umferðin um Grandagarðinn er heldur hröð og mætti vera hægari. Aðgengi að svæðinu hér er gott, og engin teljandi vandræði að finna bílastæði.“

„Því meiri umferð, því meira að gera sem er ánægjulegt.“

„Þau eru allt í lagi, en hér eru bílastæðavandamál og það stefnir í að þau versni.“

„Of mikill hraðakstur á Grandagarðinum.“

„Hvorki né.“

„Það er rosaleg umferð á Grandagarði og verst með oliubílana sem koma á fullri ferð. Það eru engar hindranir á Grandagarði. Það voru settar hindranir á Fiskislóð og þá hættu þeir að keyra þar um. Merkilegt að það skuli ekki hafa orðið slys.“

„Skelfileg, í einu orði sagt. Eftir að Harpan kom hefur umferðin niðureftir tafist. Hún er í lagi að Háskólanum og að Hörpunni en þegar fólk er komið þar framhjá byrjar flöskuhálsinn.”

„Umferðin er hröð. Það er oft þröngt á þingi og fyrirtækin í austurhlið Grandagarðs eru að nota bílastæðin vestanmegin. Stundum kemst maður ekki að húsinu.”

„Allt í lagi”

„Í algjörum ólestri. Olíubílastæðin keyra hratt og Geirsgatan er alltof þröng.”

„Kvarta ekki”

„Allt í lagi, það mætti reyna að hægja umferðina við Grandagarðinn einhvernveginn. Flestir keyra ekki of hratt hér, en það eru alltaf einhverjir.”

„Allt í lagi”

„Finn ekki fyrir erfiðleikum en aðgengi á eftir að versna vegna byggðar. Umferðin á eftir að stóraukast.”

„Allt í lagi. Það er ekki of mikil umferð en hún er þó að aukast sem er ekki gott því höfnin er svo æðisleg. Þar er hinsvegar engin hjólaaðstaða. Það myndu fleiri hjóla ef það væri í boði. Krakkar oft að rúnta hratt um svæðið”

„Fin. Engin bílastæðavandamál og engir stöðumælaverðir.”

„Svæðið mætti vera betur lokað til að takmarka umferð.”

„Allt í góðu.”

„Olíuflutningarnir eru ekki góðir. Maður finnur öðru hvoru fyrir mikilli mengun og olíustybbu frá starfseminni.”

„Það mættu vera betri almenningssamgöngur og afmarkað svæði fyrir hjól og gangandi vegfarendur. Það er nóg af bílastæðum hér, of mikið ef eitthvað er. Það mætti lengja bryggjuna bakvið sjóminjasafnið þannig að maður kæmist framhjá því að aftan. Það myndi einnig gera svæðið meira sjarmerandi.”

„Það vantar stundum bílastæði en það er ekki truflandi.”

„Þau ganga mjög vel. Alltaf nóg af bílastæðum.”

„Hér er mikil bílaumferð. Stundum þarf að loka gluggunum því hún er svolítið truflandi.”

„Hef ekki skoðun.”

„Í stuttu máli fylgir starfsemi, eins og hér á höfninni, alltaf umferð. Ef maður tekur starfsemina í burtu og þá fer umferðin líka. Það er samt mikill hraði hér, fólk heldur að það sé komið fyrir utan venjulegt umferðasvæði, virðir ekki umferðamerki og fleira.”

„Allt í lagi í dag en sé að það getur orðið vandamál.”

„Það er þónokkuð mikil umferð á bryggjunni sem getur verið nokkuð hættulegt. Það er verið að landa og menn eru að troða sér á milli. Það þyrfti að takmarka aðgengi, allavega á löndunartíma.”

„Allt í lagi.”

„Mjög þægileg aðkoma.”

„Það er alltaf tappi í umferðinni þegar maður er kominn að Hörpunni. Hissa á því að ekki skuli hafa verið horft á þessi göng sem áttu að vera einhverntímann”

„Hef ekki skoðun.”

„Allt í lagi. Það er betra að komast hér að í 101 heldur en á mörgum öðrum stöðum í 101.”

„Þar sem þetta er vinnusvæði er lítið hægt að setja út á þau, en Grandagarðurinn er samt að verða mikilvæg gata. Það þarf að taka á hraðakstri sem tíðkast hér. Það vantar hraðahindranir og að gatan ætti að vera gerð að borgargötu (tré, bekkir og meira mannlíf) en ekki umferðaræð. Þá hægist strax á umferðinni.”

„Allt í lagi með höfnina sjálfa en of mikil og of hröð keyrsla á Grandagarðinum, t.d. olíubílarinnir. Þetta er svolítið mikið og hættulegt.”

„Hún er oft hæg og menn eru að taka bryggjurúnt.”

„Stundum erfitt þegar gömlu karlarnir koma og eru að skoða bátana, keyra á 20 km/klst og það getur valdið stórhættu. Annars hefur umferðin aukist töluvert mikið á Grandagarðinum.”

„Alltaf vesen að geta ekki farið meðfram höfninni og komast ekki milli austurhafnar og vesturhafnar án þess að fara út á umferðaræðar. Jafnvel grafa göng á milli til þess að létta á umferðinni”

„Þau eru mjög léleg. Það væri hægt að gera Grandagarð miklu huggulegri því bílarnir (t.d. vörubílar) keyra hér alveg á 80 km/klst. Það mætti einnig setja niður tré og fleira.”

„Það er alltof mikil bílaumferð hérna, allavega á Grandagarðinum. Bilahasarinn á kvöldin og næturnar er alveg ótrúlegur. Hér er mikið af þungum bilum sem keyra svo hratt að maður hefur áhyggjur af gangandi vegfarendum.”

„Þau eru í ágætis lagi, það eru engin vandræði.”

„Það er of mikil umferð.”

„Það þarf að fylgja eftir áætlunum um að færa meginþunga umferðar, þ.e. vöruflytninga, af Grandagarði og yfir á Fiskislóð. Þeir keyra hratt hér og það er engin göngugötustemming sem myndast.”

„Í fínu lagi”

„Of hröð umferð hér. Fólk er að leggja út um allt og menn eru að keyra alltof hratt. Hér seint á kvöldin er síðan keyrt ofboðslega hratt.”

„Viðbrigði eftir að verðslanirnar komu. Það þarf að fara varlega framhjá ísbúðinni. Börn eru þar í kring”

„Of mikið af fólki sem hefur ekkert hingað að gera. Það mætti hægja á umferðinni á Grandagarðinum.”

„Verð lítið var við umferðina. Það vantar hingsvegar stæði og þarf höfnin að huga að því.”

„Hef ekki skoðun.”

„Þau eru að verða erfið og alltof lítið af bílastæðum í boði í Vesturhöfn”

„Bara allt í ágætismálum.”

„Þau eru í góðu lagi.”

„Fín”

Hólmaslóð

„Hef ekki skoðun.”

„Þau eru allt í lagi á svæðinu.”

„Svolítið mikið af stórum vinnuvélum, trukkum og slíku.”

„Umferðin á Grandagarði er svolítið skrítin. Hún er oft mjög hæg, langt undir hámarkshraða, og aldrei eru gefin stefnuljós. Umferðin á Fiskislóð er hinsvegar mjög eðlileg. Það er mikið af gangandi vegfarendum hér og það vantar göngustíga. Þetta er stórt vandamál. Gönguröndin frá Hörpu mætti t.d. ná lengra.”

„Fer ekki í taugarnar.”

„Það er absúrt að vera með oliutanka hér og keyra um með eldsneytið.”

„Umferðin hefur minnkað frá því sem var en er þó alltaf svolítið hröð. Að öðru leyti eru fín bílastæði á Grandanum, strætóstöð beint fyrir utan og fleira.”

„Á Fiskislóð er mikið af búðum og hindrunum. Ofboðslega þröngt allan Grandagarðinn og það er tímaspursmál hvænær slys verður á fólki. Það mætti breyta skipulaginu án þess að þrengja að húsunum, en það býr til miklu meira öryggi. Samgöngur gætu verið miklu betri.”

„Allt í lagi. Varðandi olíubílana, þá þarf ekki alltaf að vera kvarta. Við þurfum öll bensín á bílana okkar og bensínstöðvarnar líka. Þetta hefur gengið vel og því er engin ástæða að mála skrattann á vegginn.”

„Umferðin mætti vera greiðari, en hún gengur alveg. Það er þó flöskuháls við Slippinn”

„Erum nágrannar oliutankanna en það er allt í lagi eins og er. Ógnvekjandi ef á að fara þrengja að umferðinni, hvaða lausn kemur þá í staðinn?”

„Allt í lagi.”

„Þetta hefur versnað til muna eftir að verslanirnar opnuðu á Fiskislóð. Það þyrfti að setja veg meðfram sjónum framhjá verslunargötunni.”

„Þau eru góð, strætó er farinn að ganga hér.”

„Þau löguðust mjög mikið þegar Fiskislóðin varð aðal keyrslusvæðið. Hefði viljað sjá vegtengingu með göngum frá Grandagarðinum í Vesturbæinn. Það væri lausn fyrir Vesturbæjarbúa og sniðug langtímahugsun. Það myndi auka verðgildið á þessu landsvæði heilmikið.”

„Umferð oliubilanna í gegnum miðborgina er alveg fáránleg.”

„Ágæt en hafa breyst mikið eftir að stórmarkaðirnir komu. Það er ekki erfitt að komast í gegn en það eina sem er að eru þessar nýju hraðahindranir út á Ánanaustum.”

„Umferð hefur verið að þyngjast og það er meiri smástarfsemi að bætast við hér sem dregur að mikla umferð. Það er ekki fyrr en maður kemur að hringtorginu sem vandræðin byrja.”

„Allt í lagi innan hafnarsvæðisins.”

Ingólfsgarður

„Hef ekki skoðun á Vesturhöfn en umferðarmál í Austurhöfn er annað. Þar stendur til að loka fyrir umferð.”

Mýrargata

„Aðgengi mætti vera betra.”

Norðurgarður

„Miðað við starfsemi þá eru þau ágæt. Með nýju frystigeymslunni þá geta skip komið beint að bakkanum sem minnkar gámaflutninga í gegnum miðbæinn.”

Ægisgarður

„Ekki góð”

„Ekki góð. Hér vantar bílastæði og allt of mikið er af stöðumælavörðum. Ef maður stoppar og hleypur inn með vörur þá eru þeir komnir til að sekta mann. Það vantar einhverja aðstöðu fyrir starfsmenn að leggja bílunum.”

„Þau eru fín en það mætti setja gjaldskyldu á bílastæðin á Ægisgarði. Fólk er stundum að leggja þar í þrjá daga.”

„Það mættu vera fleiri bílastæði hér, t.d. í stað svæðisins milli Víkurinnar og Hótel Marina. Skil ekki hversvegna búa á til útivistarsvæði í stað bílastæða. Bílarnir koma niður á Ægisgarðinn og enda út á bryggju þar sem þeir leggja. Þetta var aldrei vandamál áður, það var nóg af stæðum. Þegar fleiri fyrirtæki koma þá þrengir að, t.d. áður en Sólborgarhúsið kom voru þar 20 stæði.”

Viðauki 4

18. Hvað finnst þér um umferðatengingar að Vesturhöfn um Geirsgötu og Mýrargötu?

Austurbakki

„Hef ekki skoðun.“

„Pírrar ekkert.“

„Ekkert við það að athuga. Þegar eru tónleikar í Hörpu þá verður umferðarteppa inn að bilastæðahúsinu og ekki síst hjá þeim sem eru að koma frá Geirsgötunni og þurfa að beygja til vinstri í bilastæðakjallarann.“

„Hef ekki skoðun.“

„Það skiptir mestu máli að hafa sem best aðgengi líkt og er. Það mætti merkja svæðið aðeins betur.“

„Það er þung umferð hér.“

„Svoltið þröngt.“

„Það væri flott að sjá þetta í stökk og gera göngugötu. Þessi gata slítur Hörpuna frá miðbænum. Það vantar betri tengingu. Þetta mun batna þegar hótelið kemur, þá er enn meiri tenging við miðbæinn.“

„Hef ekki skoðun.“

„Þetta sleppur í dag ef maður er að fara út á Granda eða Seltjarnarnes. Það þyrftu að vera fleiri akgreinar eða jafnvel stökkur. Það þarf að huga að þessu til framtíðar.“

„Hef ekki skoðun.“

„Agalegt. Tengingin við bæinn ætti að vera öðruvísi.“

„Þetta er þröngt og erfitt að komast að sumum fyrirtækjunum, eins og í verbúðunum.“

Eyjarslóð

„Fínar.“

„Hef enga skoðun á því.“

„Þetta er góð göngutenging.“

„Hef ekki skoðun.“

„Þær hafa ekki batnað eftir að Harpan kom.“

„Það er mjög oft farið af stað með hugmyndir í borginni og þeim ekki fylgt eftir. Það má aldrei byggja alvöru gatnamót í Reykjavík þannig að það eru engar lausnir í boði. Mýrargata verður, eftir blönduðu byggðina, ónýtt fyrir umferð og hvert á þá að beina umferðinni?“

„Mýrargatan er mjög mikið vandamál. Hun er lögð upp eins og hún sé aðal umferðargatan sem hún er ekki. Hún er of þröng og það þarf að gera ráðstafanir til að draga úr hraða. Vandamálið er samtvinnuð: Hringbraut og Mýrargata.“

„Allt í lagi.“

„Enga sérstaka skoðun.“

„Þetta er svolítið þröngt og hægir á umferðinni en það er oft frekar mikil umferð þarna. Þetta er bara svona í gömlu bæjarhlutunum.“

Fiskislóð

„Þær eru ekkert spes og þurfa að batna mikið ef hér á að auka íbúðabyggð.“

„Hef ekki skoðun.“

„Afar slæmar. Það eru miklir flutningar til og frá svæðinu svo það mætti laga aðkomuna þarna.“

„Þær eru finar eins og er miðað við það sem þær þurfa að bera. En ef það á að fara byggja upp á þessu svæði þá þarf að breyta götunum í samræmi við það.“

„Mættu vera betri.“

„Þær eru ekki góðar. Þær eru tvöfaldar en þrengjast síðan.“

„Það eina eru hnökrarnir, sem eru lítils háttar.“

„Hef ekki skoðun.“

„Allt í fina, fólk á bara að keyra rólega. Það mætti vísa stærri bílum aðra leið, t.d. olíubílunum. Óvirðing við ökumenn að fara loka eða breyta svæðinu.“

„Þröngar en það venst.“

„Truflar ekki.“

„Ágætar.“

„Fínar“

„Það mætti bæta úr þeim, þær eru þröngar og hættulegar. Mikið af stórflutningum. Fólk fer heldur Hringbrautina.“

„Allt í lagi.”

„Þetta er tappi og það tekur tíma að fara þar í gegn. Það væri ráðlegra að hafa hraðari tengingu.”

„Hef ekki skoðun.”

„Það mætti bæta aðeins úr þar.”

„Of þröngar og erfiðar á álagstímum.”

„Bara fínt.”

„Hún er í lagi í dag óbreytt.”

„Hef ekki skoðun.”

„Það þarf að fara stækka Mýrargötu, það eru svo margir flutningabílar sem fara þar um. Maður getur lent í mikilli umferð á morgnanna. Umferðartengingar eru einkum slæmar þar sem Hamborgarabúllan er, en þar er ein mjó gata sem er stofngata til að komast út á Granda.”

„Allt í lagi. Maður myndi vilja hafa aðra tengingu líka. Leiðinlegt ef farið væri í að breikka götuna og breyta þar með bæjarmyndinni.”

„Tenging fyrir hjólreiðaumferð er frábær meðfram Grandanum. Það eina sem vantar er að komast upp á hana og að hún leiði einhvert.”

„Allt í lagi.”

„Ekkert sem truflar mig. Það er gaman að keyra framhjá Slippnum.”

„Bara fínt.”

„Umferðin um Mýrargötuna er mjög erfið og rosalega þung. Þetta ætti frekar að vera göngusvæði heldur en umferðargata.”

„Bara allt í góðu.”

„Engin vandræði, þær eru allt í lagi. Það er meiri traffík á Hringbrautinni eftir kl. 17 heldur en á Mýrargötunni.”

„Alltof mikið af ljósum og ekki nógu góðar umferðatengingar.”

„Oliuflutningarnir sem fara þar fram eru ekki góðir og er ég þeirrar skoðunar að loka ætti oliudreifingarstöðinni og þar með oliuflutningunum. Þetta á ekki lengur erindi á þessum stað, og allt sem því fylgir.”

„Hún er dálítið erfið. Það mætti alveg laga hana og gera betri.”

„Það er mjög mikil örtröð þar á álagstímum.“

„Þær eru allt í lagi. Það koma álagspunktur en það er ekkert hrikalegt.“

„Það er fínt.“

„Engar athugasemdir.“

„Má bæta.“

„Mjög erfitt fyrir okkar starfsemi, það er búið að þrengja að þungaflutningum.“

„Mætti vera betri og meiri möguleikar á flutningi (þ.e.a.s. fleiri bílum).“

„Þetta plagar mann ekki neitt, engar teppur eða neitt svoleiðis. Svo þær eru allt í lagi.“

„Það hefur verið eina færa að fara en nú er bara erfiðara og erfiðara að komast þar í gegn. Það er ekki aðeins búið að hlaða ljósum við gangbrautir á ýmsa staði, heldur er alltaf verið að fíkta í ljósunum svo það er aldrei hægt að keyra beint í gegn. Lengi vel var Miklabrautin ekki valkostur því það var erfitt að komast þar í gegn en nú er hún orðin valkostur vegna aðstæðna á Geirsgötu.“

„Þröngar.“

„Alltaf að verða erfiðara og erfiðara en þetta er í lagi ennþá.“

„Þær eru góðar þessa stundina. Vegurinn sem tengir Hótel Marina ætti að fá að halda sé, því það eru ekki margar leiðir sem liggja þangað. Fólk keyrir mjög hratt, sérstaklega iðnaðarmenn. Mikilvægt að geta keyrt um á svæðinu því mörg fyrirtæki notast við flutningabíla. Olíuflutningabílarirnir fljúga hér í gegn. Hraðahindranir hamla ekki flutningabilunum því þeir eru svo stórir.“

„Allt í lagi en þröngar götur. Eina almennilega tengingin er Hringbrautin.“

„Mjög takmarkaðar. Þar myndast umferðarhnútar.“

„Það er svolítið erfitt. Það er þröngt að komast frá svæðinu, bæði frá Hringbraut og Mýrargötu.“

„Þröngar og ekki góðar.“

„Frekar seinlegt.“

„Allt í lagi.“

„Þröngt“

Geirsgata

„Fínar“

„Gatan er voðalega erfið og það tekur mann langan tíma að komast leiðar sinnar, sérstaklega þegar þarf að beygja til vinstri hjá Hamborgarabúllunni.”

„Fínar”

„Það mætti gera eitthvað í því en það er örugglega erfitt.”

„Maður er orðinn vanur þessu, þetta er ágætt eins og þetta er.”

„Mýrargatan er alltof hröð, annað í lagi.”

„Hef ekki skoðun.”

„Allt í lagi.”

„Það er nú allt í lagi.”

„Geirsgatan er mikið vandamál. Erfitt fyrir fólk að fara þar yfir. Það slítur í sundur starfsemina sitthvoru megin.”

„Góðar”

„Þær eru afleitar.”

„Þetta er orðið að vana.”

„Það er bara fínt.”

„Ekki góð, þetta er skelfilegt. Það er allt of mikill hraði og umferð og tímaspursmál hvenær verður slys.”

„Það er allt í lagi, það er ekkert mál að komast hingað.”

„Hef ekki skoðun.”

Grandagarður

„Þær eru fínar. Aðkoman að Grandagarði, t.d. út af bílastæðum, er oft snúin á álagstímum.”

„Of hægfara. Þær mættu vera svolítið betri, ekki svona mikið af ljósum. Það tefur umferðina oft, t.d. þegar mikið álag er.”

„Þær eru þröngar, en það er allt í lagi því maður vill í raun fá minni umferð hingað.”

„Þær eru ekki góðar, engan veginn. Það eru miklar þrengingar þarna og svo stoppa rútur oft vegna þess að þær komast ekki niður að hvalaskoðuninni. Þetta gengur ekki upp. Að öðru leyti er ágætis greining hér á hafnarsvæðinu og umferðinni er beint á Fiskislóðina.”

„Allt í lagi.”

„Gatnamótin af Rastargötunni og upp á Mýrargötu eru mjög slæm, það er erfitt að sjá bílana. Það er svo mikið af túristum að fara þarna um að það mætti vera göngubrú.“

„Fint“

„Mjög lélegar.“

„Þetta er alveg glötuð gata, örugglega versta gata í Reykjavík. Hjólandi fólk er í stórhættu.“

„Allt í lagi.“

„Þær eru eins góðar og hægt er að hafa þær, miðað við miðborgina. Þetta var til vandræða hér á Hátið hafsins, það var svo mikil stífla. Sérstaklega vegna gangbrautaljósa, því gangandi fólk var alltaf að ýta á hnappinn svo rauða ljósið var nánast allan tímann kveikt.“

„Góðar.“

„Hvorki né“

„Það er rosaleg umferðatraffik þar og þröngt.“

„Það eru gangbrautaljós á 100 metra fresti á Geirsgötunni sem stoppa allt. Mýrargatan er þröng og Geirsgatan líka að vissu leyti. Mikil umferð er hér út á Grandu vegna verlananna, þetta er orðið svo mikið þjónustusvæði. Umferðamálin eru slæm vegna þessa.“

„Ekki nógu góðar, þetta er leiðinlegur hringur.“

„Fint“

„Of hröð umferð um svæðið. Ætti frekar að gera þetta að miðborgargötu.“

„Hef heyrt fólk tala um að það sé þröngt og erfitt. Fyrir neðan Hamborgarabúlluna er æðislegt. Það er búið að skapa ákveðinn kultúr sem er afar spennandi og höfnin á lof skilið.“

„Skipta okkur ekki máli.“

„Algjörlega ófullnægjandi og í rauninni slysgildra, sérstaklega Geirsgatan. Það er tímaspursmál hvenær oliubíll lendir í árekstri.“

„Snertir okkur ekki.“

„Lendi ekki í neinum vandræðum á morgnanna. Hélt að þetta yrði til vandræða en svo var ekki.“

„Aðeins erfiðar.“

„Svöltið þröngt.”

„Allt í lagi. Það er ekki flókið að komast að Grandanum. Bættar almenningssamgöngur myndu minnka umferðina.”

„Það er orðið mikið kraðak. Ef maður kemur á hjóli þá er ekki hægt að komast Geirsgötuna. Fólk getur lagt annarsstaðar og labbað restina. Það þyrfti að loka sumum götum yfir sumarið vegna túrismanns.”

„Hef ekki skoðun.”

„Hvorki né.”

„Þær eru slæmar og til ama. Það myndast mikill flöskuháls. Oliubílastarir ættu að hverfa héðan, það yrði aldeilis ástand ef það myndi kvikna í oliugeymunum. Slökkviliðsbílastarir ættu erfitt með að komast þangað. Ótrúlegt að það sé verið að keyra með flugvélabensín héðan og til Keflavíkur.”

„Mýrargatan er svakalega þung og maður reynir að sleppa við að fara þá leið.”

„Allt í lagi, nota það ekkert.”

„Maður myndi vilja sjá olíuflutninga fara í burtu. Þetta er hálfkjánalegt og ætti frekar að vera upp á Grundatanga, það er frekar framtíðarsvæði fyrir svona starfsemi.”

„Allt í lagi nema þessir olíuflutningar.”

„Frekar þröngt.”

„Í lagi eins og staðan er í dag en gæti orðið vandamál.”

„Hef ekki skoðun.”

„Þetta er afar þröng leið og umferðin þung, mikil stífla. Hönnunin hefur ekki tekið mið af stækkun starfseminnar hér á höfninni. Stífla og fleira sem gerir þetta erfiðara.”

„Það er voða erfitt. Mjög þröngt og leiðinlegt.”

„Hún er nauðsynleg. Mjög mikilvægt að hafa þá götu.”

„Nokkuð ánægð, fólk er ekki búíð að átta sig á bakaleiðina (á bak við Víkina), en það kemur þó bráðlega þar sem hún er rosalega þægileg. Það eina sem er vont er að fara út á Geirsgötuna frá Grandanum. Þar mætti vera umferðarljós því fólk keyrir svo hratt.”

„Mikil umferð vandamál. Mjög seinfarið héðan og á Sæbraut og Skúlagötuna.”

„Það hefur gengið nokkuð vel, en það eru þrengingar við Slippinn. Hún gengur merkilega vel umferðin miðað við aðstæður.”

„Í finu lagi, það gengur ágætlega. Það er þó frekar þröngt. Hvert eiga flutningabílarirnir að fara ef Geirsgötunni og Mýrargötunni verður breytt í borgargötu? Fullir oliubílar keyra þarna framhjá og það þarf ekki mikið til að orsaka eitt slys, það er ekki hugsað mikið út í það.”

„Mjög finar.”

„Hef ekki skoðun.”

„Það ætti að vísa umferðinni meira af Mýrargötunni. Það er of mikil umferð um þessa þröngu götu.”

„Ekkert vandamál.”

„Þær mætti laga.”

„Sleppur í bili. Auðvitað eru þetta frekar mikil þrengsli en þetta er ekkert til að hafa áhyggjur af. Við höfum Sæbrautina og Hringbrautina.”

„Þröngt en allt í lagi. Þetta er bara eins og miðbærinn á að vera.”

„Finn ekki mikið fyrir því.”

„Mætti vera betra. Það má ekki hægja meira á umferðinni á þeim stað.”

„Hef ekki myndað skoðun. Mennirnir sem flytja fiskinn kvara yfir þessu.”

„Alveg hryllilegar og þarf að laga það alveg stórkostlega. Það er seinlegt að flytja gáma frá Grandanum. Frá Sundahöfn og hingað er einnig alltof seinlegt.”

„Truflar ekki.”

„Hún er þröng.”

„Þetta er alltaf að verða þyngra og þyngra en hefur þó sloppið ennþá.”

„Það er frekar þröngt, maður reynir að venja sig á að fara hina leiðina.”

„Finar”

Hólmaslóð

„Þær eru allt í lagi.”

„Ekkert truflandi, en fáránlegt að oliubílar keyri í gegnum miðbæinn og Vesturbæinn.”

„Það er slæmt að keyra Geirsgötuna, hún er þröng.“

„Leiðin bakvið við CCP og Víkinna er skrítin. Hef annars ekkert um tenginguna að segja.“

„Þetta er mjög beint og gott.“

„Þetta er erfið gata að keyra. Það þyrfti að fá stökk því þá væri auðveldara aðgengi. Reyni að forðast þessa götu og fer yfirleitt Miklubrautina.“

„Það mætti vera betra við Hamborgarabúlluna, en þar myndast oft tappi.“

„Setja göng og dreifa umferðinni. Það er örugglega búið að teikna það nógu oft til að vita hvernig á að skipuleggja það.“

„Mýrargatan er ofboðslega þröng. Það væri fint ef menn gætu einhvern veginn losað um þau þrengsli hvernig sem það yrði nú gert. Menn eru þó ekki í stórvandamálum, en þetta er ansi þröngt.“

„Höfum lifað með því.“

„Þær eru svolítið erfiðar vegna þessarar umferðar hér, olíuflutnings og fleira.“

„Þær eru skelfilegar. Þarna fara olíuflutningabílar, fiskflutningabílar og allur pakkinn í gegnum túristasvæði. Þetta er hægarin leið með flöskuhálsi. Væri betra að sjá stökk eða að götutengingin færi í gegnum jarðgöng á þessu svæði. Þá léttir gríðarlega á gegnumkeyrslunni um miðbæinn því olíubílarirnir þurfa að keyra þessar götur. Hringbrautin einnig að verða að flöskuhálsi.“

„Allt í lagi.“

„Ágætar. Faxaflóahafnir ættu að vera með eina eftirlitsmyndavél hjá hringtorginu við Grandann, sem nær öllu svæðinu. Það myndi gera allt öruggara og auka gæði hafnarsvæðisins til muna.“

„Það er dálitill tappi í því, sérstaklega um Geirsgötu og áætlanir eru um að gera það ennþá verra.“

„Fínar. Það myndast alltaf teppa hjá hótelinu en það er eitthvað sem venst. Sé ekki með skipulaginu hvernig hægt er að breyta því en það er náttúrulega þröngt þarna.“

„Þetta endar með ósköpum og það er augljóst að það verði alvarlegt óhapp þarna. Hornið við Hamborgarabúlluna þar sem Geirsgata og Mýrargata mætast er fráleitt og hættulegt.“

„Mikið áhyggjuefni. Það er ekki nógu gott og verður alltaf verra og verra.“

„Þær eru glataðar, ónýtar. Bílarnir eru alltaf stopp, það eru engin ljós samstillt. Þó maður geti bara keyrt á 30 km/klst í gegnum þetta þá er það betra en að vera alltaf að taka af stað og stoppa.“

Mýrargata

„Slæmar. Hraðinn er mikill og erfitt er að komast út á Mýrargötuna. Oft erfitt að hægja á sér og komast inn á svæðið.”

Norðurgarður

„Skipafélögunum finnst örugglega óþægilegt að fara Geirsgötu og Mýrargötu. Það er út úr leið að fara Hringbrautina. Væri æskilegra til framtíðar að leysa þetta öðruvísi.”

Ægisgarður

„Allt í lagi.”

„Ekki góðar. Það er erfitt að komast leiðar sinnar.”

„Það er alltaf einfalt að komast í vinnuna og samgöngur eru finar.”

„Allt í lagi.”

Viðauki 5

19. Hvaða skoðun hefur þú á skipulagsáætlunum borgarinnar og hafnarinnar um að reisa blandaða byggð frá Sjóminjasafninu að Slippnum (Vesturbugt)?

Austurbakki

„Jákvætt. Passa sig að vera ekki bara með veitinga- og hótélbyggð heldur þurfa íbúar líka að vera með í kortunum.“

„Mjög jákvætt. Hef samt áhyggjur af umferðatengingunni, fólki dreymir um að vera á hjólum en það gengur ekki nema takmarkaða daga.“

„Halda þessu eins og það er, það er ákveðin rómantik í því.“

„Frábært.“

„Það er voðalega skritin ráðstöfun, þetta er hafnarsvæði og svo lengi sem nota á höfnina fyrir skip, þurfa þau ákveðna þjónustu en ekki íbúðahús. Það er nóg af öðru landsvæði til að byggja íbúðir en hafnarsvæðið er af skornum skammti.“

„Ekki góð hugmynd.“

„Þetta er jákvætt og nota þarf skynsemina í það.“

„Það er fint.“

„Höfnina á fyrst og fremst að nota fyrir hafntengda starfsemi. Frystihús getur t.d. verið annarsstaðar. Bátar verða að vera í höfnum og einnig hús í nánu samstarfi við báta en íbúðir geta verið hvar sem er. Fólki finnst gaman að búa í höfninni en það er ekki nauðsynlegt. Ef maður setur stór hús í höfn, eins og t.d. Hörpuna, þá er maður að skerða möguleika bátanna að nota höfnina. Almennigur kemst ekki að útsýninu úr Hörpu, því besta hliðin er hjá starfsmannaskrifstofunum. Þetta er skólabókardæmi um það hvernig ekki á að byggja hús hafnarmegin frá.“

„Mjög fint.“

„Hef ekkert á móti því.“

„Það er jákvætt og tenging Hörpunnar við hafnarsvæðið er mikilvæg upp á aðgengi að húsinu og mannlífið við höfnina. Að sama skapi hefur atvinnustarfsemi í höfninni mikið að segja um tenginguna.“

„Ekkert að því. Það getur verið spennandi að þarna sé íbúðabyggð og venjulegt mannlíf.“

Eyjarslóð

„Það er góð pæling.“

„Líst vel á það.“

„Gott ef þetta er ferðamannatengt, sem það er örugglega. Svo lengi sem þetta varpar ekki skugga á önnur fyrirtæki í grenndinni þá ætti þetta að vera í lagi. Það er alltaf mjög vinsælt að byggja við sjóinn.”

„Í góðu lagi.”

„Hef ekki skoðun.”

„Fasteignaverðið á nýju Mýrargötu er mjög hátt. Hugmyndin er ágæt, en þetta er tækifæri fyrir braskarana.”

„Þetta er ákvörðun þeirra. Maður gerir athugasemdir við hæð húsanna. Það er búið að gefa færi á 6 hæða húsi við Mýrargötu. Fari þetta ekki yfir þrjár hæðir þá er þetta gott úr því sem komið er.”

„Svolitið skritið. Það virkar of þétt, upp á bílastæðin.”

„Styð frekari framkvæmdir og uppbyggingu á hafnarsvæðinu því þetta er fátæklegt og einhæft núna.”

„Líst mjög vel á það.”

Fiskislóð

„Ekki svakalega hrifinn af mikilli íbúðabyggð á svæðinu. Mikilvægt að halda Slippnum því hann er góður fyrir ferðamenn. Það er eins og miðbærinn sé að færast hingað niður á höfn. Skemmtilegt það sem er að gerast í verbúðunum á Grandagarði.”

„Gríðarlega sáttur með það.”

„Það er búið að skilgreina þetta svæði sem svæði undir fyrirtæki sem eru með hafsaekna starfsemi og þá óttast ég að íbúðabyggð þrenji að atvinnufyrirtækjum. Þessi sambúð gæti orðið erfið.”

„Að mörgu leyti fin þæling en það væru mistök að láta Slippinn fara. Hann setur skemmtilegan svip á höfnina og hefur sannað tilverurétt sinn. Fin blanda af þjónustu og hóteltarfsemi, ferðamönnum finnst það. Mér finnst vera blönduð byggð þegar gömlu er leyft að standa.”

„Líst vel á.”

„Hef ekki skoðun.”

„Mjög hlynntur.”

„Mjög gott.”

„Mótfallinn. Halda Slippnum, hann fær aldrei að vera þarna ef einhver fer að búa við hliðina. Hef ekki trú að nokkur vilji búa þarna.”

„Mjög jákvætt.”

„Líst vel á.”

„Hef ekki skoðun.”

„Hugmyndin fellur vel að starfsemi okkar og þetta eykur flæðið á svæðið. Þetta er í lagi svo framarlega sem gert sé ráð fyrir því að umferðamálin fylgi með, þ.e. að hugsað sé fyrir samgöngubótum í leiðinni.”

„Hef ekki skoðun.”

„Allt í lagi að það sé íbúðabyggð en skil ekki afhverju Slippurinn á að vera þarna áfram. Það er engin leið að hafa Slippinn í miðri íbúðabyggð. Þetta er óumhverfisvænt og heilsufarsspillandi. Höfum margoft fengið málningu yfir bílana okkar frá Slippnum og þurft að þrifa það.”

„Frábært. Það vantar meira líf og menningu hér í kring en það sem maður þarf að passa sig á í því er að íbúðabyggðin fari ekki að ríkja umfram atvinnusvæðið því það þarf að fá að dafna líka.”

„Gott að menn séu að reyna að gera eitthvað á þessu svæði. Vona að þetta verði ekki ljótt en ég hef samt grun um að það verði. Starfsemin má ekki fara frá svæðinu. Vona að þeir fari ekki að byggja mjög hátt. Er ekki viss að það sé ráðlegt að fara byggja íbúðir hér, eru ekki málmar í landfyllingunum? Það er nauðsynlegt að kanna það.”

„Það er bara allt í lagi að gera eitthvað á þessu svæði.”

„Mjög hlynntur.”

„Líst ekki vel á það.”

„Umferðarlega séð þá er þetta ekki sniðugt. Það er ekki hægt að setja upp mikið af ljósum bara. Umferðin á eftir að versna. Þetta hentar samt fyrirtækjunum betur að fá íbúana nær.”

„Hef ekki skoðun.”

„Líst mjög vel á það. Þetta er að breytast úr verksmiðjusvæði í þjónustu svæði. Það styttist í að það komi skemmtistaður á Granda. Hvert á samt að færa flutningabilana eftir að nýja Mýrargata kemur? Það er mikið vandamál.”

„Það gæti alveg verið skemmtilegt. Er ekki mótfallinn þessu en það fer þó eftir því hvernig þetta passar inn í umhverfið. Það er mikill fjöldi íbúða sem á að koma fyrir á svæðinu en þetta gæti orðið skemmtilegt. Nauðsynlegt að halda gömlu verbúðunum.”

„Byggingarmagn hér er stórkostlega ofmetið. Hallinn á húsunum (í átt að sjónum) rugl, en þetta hefur í för með sér aukinn vind. Svæðin á milli bygginga, sem arkitektar segja vera græn svæði, enda örugglega á því að verða bílastæði. Þú býrð til

skemmtilegri borgarmynd ef þú notar ólík svæði. Er ekkert á móti því að hafa háar byggingar inn á milli, þetta verður bara að vera góður arkitektúr.”

„Ekki viss um að það sé sniðugt að hafa íbúðahúsnæði þarna.”

„Mjög góð pæling, það verður flott.”

„Mér list vel á það.”

„Frábært ef það hækkar ekki í sjávarborðinu.”

„Jákvætt.”

„List ágætlega á það. Það er mikil umræða um rússnesku rétrúnaðarkirkjuna hinsvegar, hvort hún hafi rétt á sér.”

„List sæmilega á, ekkert sérstaklega vel. Hræddur um að það verði árekstrar af þessari blönduðu byggð.”

„List ákaflega vel á allar hugmyndir sem verða til þess að auka fjölbreytileika svæðisins og nota þær byggingar sem fyrir eru að ákveðnu marki eins og verið hefur. Ánægjulegt hvernig þetta hefur þróast á allra síðustu árum, en áður fyrr var ekkert í gangi og á síðari árum hefur allskonar starfsemi fengið að blómstra á svæðinu.”

„Mjög sniðugt og flott.”

„Það væri fínt. Það mættu fleiri fyrirtæki koma í nálægð við höfnina, það er bara betra fyrir hin fyrirtækin. Frekar mikið drasl hjá hringtorginu að Grandanum.”

„Það er fínt. Hafnarstarfsemin á að njóta vafans í sambandi við hvort sé mikilvægara og þegar blönduð byggð á að koma þarf að setja kvaðir strax inn í samninginn að fólk viti að það sé að byggja í höfninni. Hafnarstarfsemin á að vera í friði.”

„Allt í lagi.”

„List mjög vel á þéttingu byggðar með þeim hætti í bland við atvinnustarfsemi.”

„List vel á.”

„Mjög á móti því. Þetta er ekki sniðugt. Slippurinn er einmitt það sem túristarnir vilja sjá. Þeir taka t.d. mörg þúsundir myndir á dag af gömlum bátum.”

„Afleitar, ómögulegar, ömurlegar og ekki góðar.”

„Það er hneisa að Slippurinn verði tekinn. Hann er forngripur. Þetta er mest myndaða svæðið á höfninni, ferðamenn sjá ekki oft svona. Fólk gerir sér ekki grein fyrir atvinnunni sem fer af svæðinu með Slippnum. Þetta hefur mikil áhrif á svæðið.”

„Ekkert við það að athuga í sjálfu sér. Svona svæði eru mjög skemmtileg, sbr. aðrar borgir. Sé ekki hvernig þeir ætli að leysa málið með því að stöðva umferðina þarna,

og það er skelfilegt ef það koma engar lausnir í staðinn. Það er jafnvel spurning hvort flytja eigi hafnarstarfsemina annað, t.d. inn eftir og skilja túrismann eftir hér.”

„Líst vel á þær fyrirátlanir en hef áhyggjur af almennri þjónustu á svæðinu. Það er ekki hugað að skólum, íþróttastarfsemi og slíku í fyrirhugaða hverfinu. Nýja hverfinu fylgja börn. Íþróttastarfsemin er líka fullnýtt svo það hlýtur vera horft til þess. Það eru engir skólar á svæðinu, hvað þá bilastæði. Hlynntur uppbyggingunni en skipulagið er ekki nógu gott.”

„Ekki sniðug hugmynd. Það ætti að byggja upp starfsemi hér t.d. í kringum siglingar fyrir túrista og fleira, en þá virðist vanta aðstöðu. Hvalaskoðunarfyrirtækin eru í skúrum niður á Ægisgarði. Það væri betra að fá góða aðstöðu fyrir fyrirtækin í stað þess að byggja íbúðahverfi.”

„Það er jákvætt en það fer eftir hönnuninni. Svæðið ætti að þróast en þó varlega. Áhugavert hvað gerist þegar bílum er fjölgað á svæðinu. Umferðin hefur aukist. Ef þetta er vel gert verður þetta ekki vandamál.”

„Hlynntur.”

„Líst mjög vel á það. Það má ekki reka hafsækna starfsemi algjörlega í burtu, það tekur allan sjarma héðan. Þessvegna er blandaða byggðin sniðug. Útaf fyrir sig fer það mjög illa með oliudreifingunni. Olían ætti að vera í Keflavík, þar eru tankar. Með blandaðri byggð yrði fólk á svæðinu sem er besta þjófavörnin fyrir fyrirtækin hér, það er af hinu góða. Margir sem sækjast eftir að búa í umhverfi sem þessu.”

„Mjög fylgjandi því.”

„Já og nei, hef ekki myndað skoðun.”

„Líst ágætlega á það ef það hægir ekki á umferðinni vestur úr.”

„Höfn á fyrst og fremst á vera höfn og þjóna sem slík. Það á að hafa forgang.”

„Hef ekki skoðun”

Geirsgata

„Líst vel á það. Þetta verður örugglega bara flott.”

„Hef ekki kynnt mér það.”

„Líst vel á. Flott að það sé verið að stækka svæðið og auka þjónustu.”

„Mjög fínt, en losna við Slippinn samt.”

„Gengið mikið á athafnasvæðið í höfninni, ekki eru allir sammála því að það sé sniðugt.”

„Líst vel á það.”

„Viljum ekki vera færð. Við erum misvæðis, svo ef þetta verður færð og íbúðahúsnæði sett í staðinn missir maður tenginguna.”

„Hef ekki kynnt mér það.”

„Hef enga skoðun.”

„Það er áhugavert og getur verið jákvætt.”

„Góð hugmynd.”

„Taka þarf mið af öllum þáttum svo það sé jafnvægi á atvinnustarfsemi, íbúðabyggð, umferð, bílastæðum og þess háttar. Það er afleitt að loka öllum bílastæðum hér á sama tíma og ekki eru komnir upp hjólastígar. Í náginni framtíð þarf þetta að haldast í hendur. Það er algjört kaos hér á svæðinu þessa stundina.”

„Svæðið á að fá að standa eins og það er.”

„Fint.”

„Líst vel á það.”

„Líst ágætlega á það.”

„Mjög fint.”

Grandagarður

„Fint”

„Íbúðabyggð á ekki við. Á þessu svæði er hávaði frá Slippnum og annað, og það truflar bæði íbúana og starfsemina. Þetta er alveg fjaránlegt.”

„Mjög fint.”

„Það er ekki rétt að hafa blandaða byggð. Íbúðabyggð á ekki heima hérna, það á frekar að stila inn á hafsækna starfsemi.”

„Það má vel vera að það sé allt í lagi. Það er allt í lagi að breyta aðeins mynstrinu hér á Grandanum og vera ekki einungis með þjónustufyrirtæki. Það er ekkert óvitlaust að fá aðeins meira líf í svæðið.”

„Hafa túristamiðaða starfsemi og ekki fá fleiri íbúðahúsnæði hingað. Það mætti frekar auka verslunar- og þjónustuhúsnæði.”

„Fint”

„Sniðugt en samgöngur hér eru mjög lélegar. Ef gera á þetta þarf líka að bæta samgöngur.”

„Frábært.”

„Er hræddur um að þetta verði of mikil byggð þar sem svæðið við höfnina er verðmætt. Íbúðabyggð er mjög dauð byggð. Ég myndi fara mjög varlega í allar framkvæmdir þarna. Menningin hefur breyst og ný starfsemi er komin í höfnina en sjarmanum er samt haldið. Það er ótrúlegt að hægt sé að reka hótél í slippi og gestum finnst það æðislegt. Er á móti mannvirkinu sem nú er í byggingu, því það er svo hátt og mikið. Fyrir okkur skiptir mestu máli að hafa góða tengingu við miðbæinn og að fólk vilji og finnist gaman að koma hingað á svæðið.”

„List ágætlega á það.”

„Hugmyndirnar um byggðina eru skemmtilegar en það vantar að gera ráð fyrir bílastæðum. Það eru kannski 50 stæði við allan Grandagarð 8. Stæði eru að hverfa vegna þessara breytinga. Þó margir hjóli og labbi ferðast aðrir á bíl.”

„Vil hafa þetta frítt svæði, þ.e. í staðinn fyrir að byggja, að setja frekar upp falleg útilistaverk. Leyfa ungum listamönnum að koma með sín verk. Hef aldrei verið á móti byggingum neinsstaðar því þetta er bara þróunin.”

„Frábært”

„Hef ekki skoðun.”

„Ekkert að því.”

„Hlynntur því.”

„Íbúðabyggð og atvinnustarfsemi fer mjög illa saman en er hlynntur skemmtilegri byggð á hafnarsvæðinu. Hinsvegar verður hún þá að vera skrauthöfn því að öðrum kosti munu íbúarnir með tíð og tíma úthýsa atvinnustarfseminni. Hávaðamengun, lyktar- og sjónmengun mun ekki samrýmast íbúunum sem kaupa á svæðinu og hefur það kvartanir í för með sér. Þetta er þversögn. Betra ef hafnarstarfsemin væri með afmarkaða línu innan hafnarsvæðisins. Ásókn byggðarinnar er pirrandi, hún er t.d. komin í Slippinn. Byggðin er smám saman að teygja sig út á Grandann sem er mjög skemmtilegt mannlíf en það þarf að draga skarpari línur.”

„Ljómandi gott. List hinsvegar mjög illa á ef rífa á Slippinn.”

„Flott. Hef séð þessar tillögur og þær koma vel út.”

„Íbúðabyggð passar ekki hér, ekki ef Slippurinn á að fá að vera, sem er rosalega skemmtilegur. Það er svo mikill hávaði frá honum og ég er hrædd um að höfnin fari þá að hopa. En þetta er yndislegt svæði”

„Fínt, gott mál.”

„Þetta er svo stutt svæði, það eina neikvæða er þetta háhýsi sem verið er að klára bak við Víkina, afar slæmt að slíkt hafi verið leyft. En flott að hinar byggingarnar verði lægri.”

„Hefði viljað minnka íbúðabyggð. Þetta er of verðmætti svæði til þess að einblína á íbúðabyggð. Þarna þarf að vera þjónusta við hafntengda starfsemi.“

„Mjög jákvætt.“

„Mjög sniðugt en stærð og hæð húsanna ætti að vera í samræmi við umhverfið. Oft eru byggingar hér alveg út úr kortinu. Það er af hinu góða að hafa hér blandaða byggð.“

„Líst ekki á það.“

„Hef ekki skoðun, það þarf að nota þetta land í eitthvað. Það er örugglega fullt af hæfileikafólki að sjá um þetta svo það getur ekki verið annað en í lagi.“

„Besta mál, flott. Gaman að fá fleira fólk á svæðið.“

„Líst ekki á það. Athafnasvæðið er fint eins og það er. Hótel Marina er mjög vel heppnað og mér þykir vænt um svæðið en það er nóg pláss annarsstaðar til að byggja.“

„Það er jákvætt.“

„Hef ekki kynnt mér það.“

„Allt í lagi, það er hvort sem er ekkert þarna. Það kemur meira líf með blandaðri byggð. Þetta er alltof flottur staður til að nota í ekki neitt. Það má samt ekki taka gömlu höfnina, smábátana og löndunina í burtu. Allir fýla þetta nýja og gamla sem mætist á höfninni. Fólk vill fá tengsl við höfnina og ekki bara eitthvað nýtt.“

„Fint að svæðið skuli vera byggjast upp aðeins.“

„Það er fáránlegt. Hafnsækin starfsemi á frekar að vera þarna í stað íbúða. Slippurinn er mjög mikilvægur, t.d. fyrir ferðamenn og fleira. Ef menn minnka Geirsgötu og Mýrargötu þá bitnar það á öðrum stöðum. Hvert á þá að beina umferðinni frá höfninni? Það er engin önnur leið fyrir umferðina.“

„Líst mjög vel á það.“

„Það er allt í lagi en íbúðahúsnaðin eru alveg fáránleg og ekki í takt við aðrar byggingar. Þau eru bara fyrir ákveðinn hóp fólks, þ.e. lúxusíbúðir en ekki fyrir fjölskyldur.“

„Mjög ánægður.“

„Líst vel á það. Það er ekki gott að hafa byggðina aðskilda.“

„Hef ekki kynnt mér það.“

„Frábært. Mjög hlynntur því.“

„Gæti ekki verið hamingjusamari. Þetta er æðislegt og frábært.”

„Slæmt fyrir höfnina. Við viljum bara að þetta sé höfn.”

„Líst nokkuð vel á það sem ég hef séð á teikningum og myndum. Svona fljótt á litið.”

„Hef ekki skoðun.”

„Þetta er vinnusvæði og ætti ferkar að haldast þannig. Það passar ekki alveg að vera með íbúðabyggð. Betra að hafa alla atvinnustarfsemina á saman stað en ekki eitt og eitt verkstæði milli húsanna. Það er nóg annað pláss fyrir íbúðir. Það passar ekki að vera þvælast með oliubíla og trukka inn í miðja íbúðabyggð. Það er engin leið að fara nema Hringbrautina en þar er íbúðabyggð. Þetta er svolítið vanhugsað. Það þarf að leysa önnur mál áður en koma á upp húsum. Þetta hefur líka í för með sér meiri mengun ef stóru bílarnir þurfa endalaust að stoppa, taka af stað og beygja.”

„Hlynntur. Þarf að fá meira líf hingað því þá færast miðbærinn nær höfninni.”

„Líst rosalega vel á það. Ég er rosalega óánægð með hvað þeir ætla að hafa há hús þarna, en 5 hæðir er allt of hátt.”

„Menn ættu að fara varlega í allar breytingar. Ekki bola allri starfsemi í burtu og ekki taka Slippinn. Það gildir einnig um aðra þætti.”

„Það þarf að passa sig svolítið þó svæðið sé lítið. Svæðið ætti að vera meira fyrir fyrirtæki en þó er allt í lagi að tengja íbúðabyggð aðeins við.”

„Það hljómar ágætlega.”

„Afleitt.”

„Allt í lagi svo framarlega sem ekki verður byggt of háreist.”

„Hótel Marina er vel heppnað, túristunum finnst gaman að sjá starfsemina í kring. Flott að koma með blandaða byggð en Slippurinn ætti að halda sér. Það mætti færa hvalaskoðunina innar á Grandann og breikka svæðið.”

„Ekki spennandi. Þetta er fallett á teikningum en það verða alltaf árekstrar. Þetta minnkar hafsækna starfsemi.”

„Það er gott mál. Það fer líka vel að Slippurinn sé þarna þar sem útlendingum finnst hann æðislegur.”

„Sammála sem borgari og skil vel að fólk hafi áhuga á því.”

„Líst mjög vel á það.”

„Líst illa á það. Slippurinn á að vera og það eru margir, sérstaklega túristar, sem fara að skoða hann. Það þarf ekkert að vera sérstakur sóðaskapur í kringum það.”

„Þær eru í finu lagi en út úr öllu korti ef Slippurinn fær ekki vera. Túristinn sækir í að fá að sjá hvað er í gangi, svo það er fínt að blanda þessu saman.”

„Líst vel á það.”

Hólmaslóð

„Líst vel á þær.”

„Líst ekki illa á að hafa blandaða byggð. Þetta er hluti af gömlu Reykjavík og því allt í lagi að hafa þetta blandað á einhvern sérstakan hátt. Veitingastaðir, hvalaskoðunarfyrrtæki og hótél gefa svæðinu meira líf.”

„Gott mál.”

„Það hljómar spennandi í fljótu bragði. Flestir hér niðurfrá myndu örugglega vilja fá meira af mýkri þjónustu hingað, þ.e. blandaða atvinnustarfsemi.”

„Flott.”

„Bara gott mál, frábært.”

„Allt í lagi. Þetta þarf ekkert að vera eitthvað atvinnusvæði. Þetta er alveg kjörið svæði til að búa á, fyrir utan oliutankana.”

„Mjög hlynntur því.”

„Hef ekkert á móti þeim. Þetta er allt í lagi og ágætt. Hinsvegar þarf þetta að blandast vel og má ekki verða þannig að sumt sé of aðgangshart miðað við annað. Man t.d. eftir því að menn voru hér með fiskvinnslu sem er nauðsynleg starfsemi en það var ekki að blandast nógu vel hreinni þjónustu. Þar gátu því orðið árekstrar. Menn þurfa að hugsa hlutina til enda svo þeir gangi upp.”

„Ekki hlynntur því og það tengist ekki höfninni sem slikri. Ég tala nú ekki um ef þeir fara að þrengja aðkomuna fyrir akandi umferð.”

„Það skiptir ekki máli, bara að við hin fáum að vera í friði.”

„Hef enga skoðun.”

„Nokkuð sáttur við þær.”

„Það ætti að vera blönduð byggð á Grandanum og skritin húsnæðin sem eru hér miðað við það sem gæti verið. Þetta er svo geðveikt svæði.”

„Hef ekkert á móti því en trúi því ekki að nokkur maður vilji búa þar, en þetta lítur vel út á teikningum.”

„Það er mjög gott mál en Slippurinn ætti að fá að standa. Hann er aðdráttarafl. Það mætti þó yfirbyggja Slippinn með tveimur brautum við hliðina. Þá væri hávaðinn og

mengunin komin innan húss en viðgerðir á braut utan húss (sem er sjónræn skemmtun fyrir fólk). Þetta getur alveg unnið saman.”

„Það er ágætt.”

„Það eykur enn á vandræðin við samgöngur.”

„Allt í lagi svo lengi sem hægt er að samrýma umferðamannvirki. Það má ekki koma það mikil byggð að það þrengi möguleika á að keyra að og frá höfninni.”

Mýrargata

„Jákvætt.”

Norðurgarður

„Ekkert nema gott um það að segja. Það kemur þó að því að á endanum verði þrengt það mikið að Slippnum að hann fari. Það er lúxus fyrir fyrirtæki í höfninni að vera svo nálægt Slippnum.”

Ægisgarður

„EKKI hlynntur að svæðinu sé breytt í íbúðir. Þetta á að vera ferðamannatengt.”

„Fint svo lengi sem það eru þjónustufyrirtæki á jarðhæðum. Verður að vera hægt að skoða verslanir og fleira en ekki bara íbúðahúsnæði. Harðkjarna íbúðabyggð rammar þetta af og leiðir örugglega til meiri árekstra.”

„Mjög flott. Það er svo langt í þessar framkvæmdir að við höfum ekkert verið að spá í því.”

„Getur svæðið ekki bara verið eins og þar er? Það á alltaf að þetta og þetta byggðina. Er á móti þessu vegna eigin hagsmuna. Þetta fækkar bílastæðunum enn frekar og starfsemi flyst burt.”

Viðauki 6

20. Hefur þú skoðun á þróun atvinnuuppbyggingar í Gömlu höfninni?

Austurbakki

„Skemmtilegt dæmi er Slippurinn og hótelið þar sem samlífi er í gangi, sem virkar því það er flott að vera með risastór skip ofan í hóteli. Það er mikill áhugi á bátum hér svo hlutirnir geta farið vel saman ef þeir ganga 100% upp fyrir báða aðila. Samrými skútanna og Hörpunnar eru engin. Bara það að viðurkenna að það sé einhver annar á svæðinu og vilja vera nálægt hvort öðru gefur mjög mikið. Þetta er fjölbreytt svæði og allsskyns mismunandi hlutir í gangi.”

„Hún á að taka mið af ferðamenskunni líka.”

„Ný og skemmtileg þróun í gangi, t.d. hvalaskoðun og Sjóminjasafnið, og gaman að sjá verbúðirnar verða handsverkshús. Mjög mikilvægt að höfnin haldi áfram að vera starfrækt sem höfn, þ.e. að útgerð og Slippur haldist hér. Höfnin má ekki breytast í ferðamannastað.”

„Jákvætt hversu mörg fyrirtæki eru að komast af stað, gaman að þessum litlu fyrirtækjum.”

„Jákvæð uppbygging á hafnarsvæðinu og aukning á fjölbreytni í bæjarlífinu. Auðvelda þarf aðgengi gangandi vegfarenda. Fin blanda hjá verslunum, veitingastöðum og kaffihúsum.”

„Nei”

„Stórfenglegt, sérstaklega það sem gert hefur verið við verbúðirnar.”

„Neikvætt að verið sé að ýta burt hafntengdri starfsemi. Sjávarklasinn er dæmi um jákvæða þróun. Það á ekki að þurfa að sækja þjónustu við höfnina langt að, það hefur í sér aukinn kostnað. Það þarf samt að vera einhver uppbygging í höfninni, hún getur ekki verið draugahöfn.”

„Mjög góð. Væri flott ef skemmtiferðaskipin kæmu að Austurbakkanum.”

„Það hefur verið hugsað til ferðabransans undanfarin ár, hvalaskoðunarfyrrirtækin og fleira. Það er voðalega gaman að átta sig á því að höfnin sé lifandi. Meðan bátarnir eru að koma hingað þá er þetta eðlilegt líf, og eðlileg starfsemi sem tengist því, þannig að þetta er skynsamleg nýting á svæðinu.”

„Þetta er í ágætis farvegi.”

„Slippurinn ætti að fá að vera áfram og atvinnan sem er þar núna ætti að haldast. Þetta er hvergi annarsstaðar í heiminum þar sem túristar fá að sjá skip í slipp. Eigum nóg af landsvæði upp í sveit þar sem fólk vill byggja.”

„Hún er að þróast í rétta átt.”

Eyjarslóð

„Er hjartsýnn á það að eitthvað geti vaxið og dafnað í höfninni, eins og er að gerast. Alltaf eitthvað nýtt að poppa upp og þróunin skemmtileg.”

„Jákvæð held ég.”

„Hún er skemmtileg. Umhverfið hér er orðið mjög menningarlegt og listrænt en samt eru gömlu fyrirtækin hér enn sem gerir þetta sjarmerandi, eins og t.d. Kaffivagninn.”

„Nei.”

„Flott, meira farið að byggja.”

„Þetta er allt saman mjög jákvæð þróun. Að fólki sé leigt fyrir sanngjarnt verð og að vel sé hugsað um umhverfið. Notkunin á verbúðunum er t.d. góð. Það er hinsvegar skritið hvernig Ægisgarðurinn er að verða, öll þessi hvalaskoðunarfyrirtæki. Þetta er ekki fallegt.”

„Hvorki á móti né með. Fiskikarlarnir eru að fara og verslanir að koma í staðinn. Höfnin hefur tekið ákvörðun en það er náttúrulega meiri fjölbreytni á svæðinu en áður. Maður er samt þakklátur ef maður sér netin ennþá.”

„Mjög fín. Hún þrengir samt frekar mikið að gömlu sjórunum.”

„Hef ekki skoðun.”

„Fyrir 10 árum var annað hvert hús tóm. Ég vil sjá fjölbreytta og gróskumikla starfsemi, ekki bara hafnsækna. Þetta er bara orðið eins og á að vera, mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Væri líka til í að sjá að fólk byggi hér í húsunum, þ.e. að leyft yrði að nota einhverjar efri hæðir fyrir íbúðir. Olíustarfsemin á svæðinu er hræðileg. Hún skapar líka hættu á Mýrargötu og Geirsgötu því olíubílastararnir keyra þar í gegn.”

Fiskislóð

„Snýr fyrst og fremst að Slippnum. Halda starfsemi þar gangandi. Þróunin í gömlu beitingaskúrunum er mjög góð.”

„Gott fyrir alla starfseminna á svæðinu. Mikið af ferðamönnum sem koma hingað.”

„Hún er í sjálfu sér mjög ágæt og gott að blanda þessu svolítið saman. Þó er verslunarrekstur orðinn of mikill í þessu umhverfi og mætti tengjast meira sjávarútvegi og iðnaði.”

„Þróunin sem við erum að sjá núna er mjög jákvæð. Svæðið er lifandi og skemmtilegt. Þetta er í anda við það sem maður sér víða erlendis. Blómlegt mannlíf og menningarlíf, samspil hafnar og iðnaðarsvæðis en ekki bara skemmur.”

„Já, hún er á réttri braut.”

„Nei.”

„Mjög skemmtilegt að sjá hvernig verbúðirnar eru að breytast í listamiðstöðvar. Þetta er mjög jákvæð þróun. Áður voru aðrar hugmyndir, þ.e. að rífa allt niður, en núna er þetta mjög jákvætt, skemmtilegt svæði og skemmtileg hugsun sem liggur að baki því. Þetta er líka orðið aðal verslunarsvæðið í höfuðborginni sem er feiknarlega gott.”

„Hef ekki skoðun.”

„Í öllum stórborgum í heiminum er höfnin það sem dregur fólkið að. Gera höfnina hér blandaða, bæði fyrir ferðamenn og innfædda. Mannlíf, verslanir og lágreist íbúðabyggð.”

„Þetta ætti að geta vera blönduð atvinnustarfsemi. Hefur þróast vel. Þarf að hafa tengingu við sjóinn og það gengur með túristana vegna hvalaskoðunnar og fleira.”

„Væri til í að sjá meiri þjónustu og litlar verslanir í verbúðunum á Grandagarði. Get ekki ímyndað mér að það sé framtíð í netageymslum og því um líkt á þessu svæði. Svæðið er sérstakt og laðar að túrista, sérstaklega Slippurinn, og menn eru að byrja átta sig á því.”

„Áður voru engar verslanir hér. Þetta er orðin ákveðin verslunarstaðsetning og hún á eftir að eflast þarna svo þróunin er góð.”

„Þekki það ekki nógu vel.”

„Nei”

„Hún er skemmtileg. Það lífgar upp á umhverfið og allt í kring.”

„Það er mjög jákvæð þróun að fá meira líf og menningu á svæðið. Sjómannadagurinn var gott dæmi um jákvæðan viðburð. Það er mjög flott að sjá lífið t.d. í kringum gömlu verbúðirnar, alltaf troðfullt í þessari ísbúð. Þetta er vinsælt fyrir íbúana og hægt er að nýta svæðið miklu betur.”

„Það á að vera sjávarútvegur og hafnsækin starfsemi hér. Það er skrítið að hafa svona margar matvöruverslanir á svæðinu.”

„Mjög góð þróun. Allar matvörubúðir á Íslandi í labbfæri.”

„Halda áfram á svipaðri leið, eins og t.d. gallerí, litlir matsölustaðir og ferðaþjónusta. Ef menn byrja á einhverju verða þeir að halda sig við það. Það er glatað að sækja um verbúðir sem ferðaþjónustufyrirtæki og fá ekki og sjá svo annað ferðaþjónustufyrirtæki vera komið þar.”

„Allt í lagi.”

„Hún er að stefna til góðs. Það væri flott ef þetta yrði stórt túristahverfi og bátunum yrði lagt í Hafnarfirði.”

„Hef ekki skoðun.”

„Hún er æðisleg, það er svo mikið af kreatívum fyrirtækjum hérna. Það er uppgangur, mikið af listagalleríum að opna.”

„Bara skemmtileg og jákvæð. Það eru t.d. mörg kvikmyndafyrirtæki á þessum slóðum.”

„Mistök að taka niður Danielsslipp og er ástæðan fyrst og fremst sú að þetta var eiginlega eini sýnilegi “skítugi” iðnaðurinn í Reykjavík. Borg eins og Reykjavík á að hafa starfsemi sem þessa sýnilega. Það er þó gríðarlega vinsælt er að vera með starfsemi hér á höfninni. Tel að það hafi verið gengið aðeins of langt í að endurskipuleggja mjög stór svæði í einu. Við þurfum á ólíkum fyrirtækjum að halda, það er hluti af því sem býr til mannlíf.”

„Hef ekki skoðun.”

„Lýst mjög vel á þetta, eins og t.d. verbúðirnar. Ég held að þetta eigi eftir að verða ennþá flottara. Miðbærinn er að færast í átt að höfninni, hann er að stækka.”

„Nei, enga sterka skoðun. Lýst vel á plönin sem maður hefur séð.”

„Hún er góð, en það mætti kannski styðja betur við bakið á ungum fyrirtækjum í skapandi greinum. Það er hætta á að það verði of mikið af veitingahúsum og börum. Starfsemin á að vera blönduð.”

„Já, að það sé blómleg uppbygging sem þurfi ekki nauðsynlega að tengjast hafsjálfstjórn starfsemi.”

„Þarf að gera miklu meira. Maður sér uppbygginguna við Hörpuna, hótél og fleira. Myndi vilja sjá svaka uppbyggingu og mannlíf á Miðbakka. Meiri uppbyggingu í verbúðunum og að svipað dæmi færast á Miðbakkann í stærri mynd. Það væri flott að sjá Miðbakkann renna saman við Hótél Marina og Slippinn.”

„Áhyggjuefni hvað það sé þrengt að fiskvinnslu og útgerð á svæðinu, sérstaklega minni báta.”

„Þetta hefur verið á mjög góðri leið á síðustu árum þar sem maður sér fjölbreytta atvinnustarfsemi vera flytja inn í mörg gömlu húsa og endurbætur á öðrum húsum, t.d. hótelið á Mýrargötu, eru vel heppnaðar. Öll notkunin á verbúðunum er til algjörar fyrirmyndar. Þróunin getur haldið áfram út á Granda, t.d. skapandi starfsemi í húsi CCP. Vonandi að Reykjavíkurborg og Faxaflóahafnir haldi áfram þessari þróun og teygi miðbæinn nær Grandanum.”

„Til bóta. Sum fyrirtæki hér eru grottna dálítið niður, og margt er ófrágengið.”

„Mjög fínt og voðalega kósý.”

„Mikilvægt að halda í fiskvinnsluna og þungaiðnaðinn í höfninni. Þetta má ekki verða dúkkuumhverfi með litlum og sætum búðum. Mikilvægt að tryggt sé að hafsaekna starfsemin fái að vera óáreiðt.“

„Það á að vera blönduð byggð hér vesturfrá og leyfa fólki að búa í húsum ef það kys svo. Vil að gömlu húsin séu nýtt í stað þess að háir turnar séu byggðir.“

„List vel á.“

„Nokkuð jákvæð og fjölbreytt.“

„Það er mjög slæm þróun í gangi.“

„Sáttur.“

„Þetta er bara fint. Það búið að hleypa lífi í gömlu verbúðirnar. Það eru engar bátaúngerðir hér núorðið svo eitthvað verður að nota þetta í. Það er með ólíkindum að rónastræti 9 hafi verið sett hérna, á atvinnusvæðinu. Menn hafa fundið fyrir því.“

„Það er einhlýtt að hafsaekna starfsemin færast með tímanum, því þetta verður eflaust orðið túrista og menningarsvæði í framtíðinni. Margt af þessu rekst svo á hvers annars horns að það gengur ekki upp. Stærsta málið eru tankarnir útfrá, en það er ófært ástand að keyra alla þessa olíu í gegnum bæinn.“

„Hún er á réttri braut þegar verið er að blanda saman allsskyns atvinnustarfsemi, sérstaklega ferðatengdri. Það var frekar þröngsýnt hér til margra ára þegar bara átti að vera hafsaekin starfsemi í höfninni. Hinsvegar þarf að passa að úthýsa ekki útgerðafyrirtækjunum og huga að þeim í skipulaginu þó það sé skemmtilegt að hafa blandaða starfsemi.“

„Mjög jákvæð þróun. Fiskifyrirtækjum hefur fækkað og fjölbreyttari þróun komin á svæðið sem er af hinu góða.“

„Svæðið ætti að halda áfram að þróast því þetta er eitt fárra svæða sem hefur möguleika á að verða atvinnusvæði. Þar af leiðandi er gott að nýta gömlu höfnina undir þjónustu. Halda í gömlu hönnunina en einnig gefa listamönnum pláss.“

„Enga sérstaka skoðun.“

„Halda í fiskvinnslu hér en þó í jafnvægi við aðra starfsemi, t.d. menningu og listir, sem fer voðalega vel saman. Margar aðrar borgir hafa gert þetta í tengslum við iðnaðarsvæði, en þar hafa þeir hleypt inn starfsemi sem hentar í húsnæðin. Stefna borgarinnar og Faxaflóahafna að setja íbúðir á efri hæðir er mjög góð.“

„Hún þarf að vera fjölbreytt. Það þarf að hafa hana tengda hafnarstarfsemi, ferðmennsku og blandaðri byggð. Leggja þarf áherslu á smærri starfsemi, t.d. væri ekki gott að vera með álver hér. Þetta er verðmætt svæði og væri frábært að hafa hér íbúðabyggð.“

„Það er verið að taka alla atvinnustarfsemi í burtu og setja bara verslanir og menningartengt hér í staðinn. Það er verið að leggja af hafsækna starfsemi sem var skilyrði hér áður fyrr. Nú er það bara listagallerí og íssjoppur.“

„Nei, enga sérstaka.“

„Jákvæð þróun.“

„Nei“

Geirsgata

„Þetta er bara alveg ágætis þróun.“

„Hef ekki kynnt mér það nógu vel.“

„Frábær“

„Það er fyrirséð að þessi ferðamennska og hvalaskoðun verði allsráðandi því erfiðleikarnir í fiskveiðum eru svo miklir. Þorskverð hefur lækkað um 30%. Það er nægur fiskur í boði en vandamálið er að erfitt er að selja hann, fólk gerir sér ekki grein fyrir því.“

„Það ætti áfram að vera hafnarstarfsemi hérna. Við værum illa sett ef Fiskmarkaðurinn væri t.d. ekki hér.“

„Þetta er góð þróun og gott þegar fleiri fyrirtæki koma. Því meira líf, því meira aðdráttarafl.“

„Hér er of mikið af veitingastöðum, það vantar að blanda starfsemi meira.“

„Þetta er náttúrulega mjög gott framtak sem hefur átt sér stað undanfarin ár. Það fer ekki á milli mála.“

„Hún er á ágætri leið.“

„Frekar jákvæð þróun.“

„Fjölbreytnin ætti að ráða.“

„Hlynntur blandaðri starfsemi. Ferðamennska, atvinnulífið og íbúðabyggð fer ákaflega vel saman. Það er mjög æskilegt að hafa þetta allt saman í bland.“

„Nei.“

„Fint.“

„Nei, svosem ekki.“

„Þetta hefur verið svolítið skipulagslaust og virðast ekki vera til fyrirframmótaðar skoðanir hvernig þetta á að vera. Menn bara gera hlutina einhvernveginn. Stundum

er eins og ferðaþjónustan sé fyrir og ekki sé gert ráð fyrir henni. Húsin hér eru ósamstæð og ljót.”

„Mjög fint.”

Grandagarður

„Fyrirtækjum er að fækka hérna og öðruvísi fyrirtæki eru að koma inn, svo sem veitingar og rekstur fyrir ferðamenn, en ekki fyrir skipin.”

„Yfirvöld vilja setja byggð hingað niður á höfn þó það sé ekki gerlegt. Það getur ekki allt farið vel saman. Maður sér þessa þróun allsstaðar erlendis. Það er svo mikill hávaði í kringum svona starfsemi, mikið af allskonar krönum og fleira.”

„Stefnan sem verið hefur er fín. Þetta er orðið mjög líflegt og flott.”

„Lýst ágætlega á þá þróun, þetta eru svona blönduð fyrirtæki. Það er ekki rétt að setja blandaða byggð hérna, heldur vinna frekar að uppbyggingu fyrirtækja. Er sérstaklega ánægður með Sjávarklasann.”

„Það er synd að það skuli verið að hrekja smábátana héðan, en margir þeirra hafa flúið suður til Hafnarfjarðar því það er miklu betur tekið á móti þeim þar.”

„Þróunin hefur verið mjög flott. Einnig flott að Faxaflóahafnir stefni á að færa svæðið á tómu lóðina vestanmegin við Slippinn.”

„Hún stefnir í rétta átt og það er mjög jákvætt það sem er að gerast hér í höfninni.”

„Að mörgu leyti mjög góð en fyrst og fremst er Reykjavíkurborg ekki standa nógu vel í þrifum og frágangi gangstétta og slíkt sem gerir svæðið óáhugaverðara. Það er mikill sóðaskapur frá sumum fyrirtækjum og endurvinnslunni, t.d. opnir gámar. Um leið og það kemur vindur þá fer ruslið að fjúka út um allt sem er afar óaðlaðandi.”

„Mjög jákvætt það sem búið er að gera. Frábært að sjá ísbúðina og veitingastaðinn sem er að opna þar við hliðina. Við erum búnir að vera hér í nokkur ár og sjáum að það er að kvikna hér líf. Þetta er orðið lifandi og opið. Hér er ekki einungis verið að hnyta net og vinna fisk.”

„Jákvætt það sem verið er að gera, þessi blandaða starfsemi, söfn, veitingastaðir og gallerí. Mjög jákvætt alltsaman, gerir svæðið líflegra og laðar að fleira fólk.”

„Mikilvægt að efla veitinga- og þjónustufyrirtæki því fólk hefur mjög mikið hingað að sækja.”

„Sammála því að halda fiskihöfninni áfram. Við segjum oft að við séum á mótum menningarhafnar og fiskihafnar. Fyrirtæki eins og HB grandi og önnur fiskifyrirtæki hafa hér góða aðstöðu. Varðandi menningaruppbygginguna, þá þarf að opna þann hluta betur fyrir almenningi. Þegar Reykjavík var að verða til var hafnarsvæðið aðal svæðið hér, þ.e. lífæð sem allir vissu af, og hafði það tengsl við báta, skip og sjávarútveg. Svo breyttist þetta og höfnin lokaðist af sem athafnasvæði og þá rofnuðu tengslin sem Reykjavíkurborg er byggð upp af (siglingar, fiskveiðar o.fl)Þ Það er

slæmt fyrir söguna og menninguna. Nú er þetta að breytast og áhugi aftur að opnast á fiskveiðum og siglingum.”

„Mjög jákvæð.”

„Já, bara halda áfram á þessari braut sem búið er að marka.”

„Það er eitthvað af fiskivinnslum og allskonar fyrirtækjum komin hingað.”

„Nei, ekkert þannig lagað. Það eru allir komnir á þá skoðun að Slippurinn eigi að fá að standa.”

„Hef ekkert á móti því eins og þetta er í dag og nýju veitingastaðirnir sem eru komnir niður á bryggju þar sem maður var að veiða í gamla daga eru flottir. Það er notalegt og heimilislegt að fara inn og fá sér súpu og björglas. Það er ennþá smá angi af því sem maður man eftir frá því í gamla daga.”

„Menn eiga að hafa hér blandaða atvinnustarfsemi, ekki sterilisera þetta í einhverjum túristablæ. Það gefur miðbæjarhafnarsvæðinu mikið gildi ef hægt er að hafa blandaða atvinnustarfsemi, fisk, þjónustu við skip og fleira. Alltof mikið af svona svæðum erlendis daga upp sem sunnudagsfyrirbæri. Það vitlausasta sem ég hef heyrt sagt í tengslum við Slippinn er að fara eigi með hann í Hvalfjörð því hann mengar svo mikið, það er frekar hægt að koma í veg fyrir mengun hér innan hafnar heldur en upp í Hvalfirði.”

„Það ætti að blanda starfsemi og fá inn meiri fjölbreytni eins og hönnuði og veitingastaði. Miðborgin er að fyllast af túristabúðum sem er allt í lagi en miðsvæðið á að vera „main stream” og hafnarsvæðið hefur því tækifæri til að vera meira en bara hafnarsvæði.”

„Góð breyting, það er ísbúð hér og kaffihús að opna. Það er meira líf að vakna.”

„Rosalega skemmtilegt það sem buið er að gera hér við Grandann, þetta er miklu líflegra. Litlu galleriin eru alveg æðisleg. Líka í kringum búlluna, hvalaskoðunarskip og fleira. Þetta hefur tekist voðalega vel.”

„Sú þróun sem á sér stað hér er mjög jákvæð. Grandinn er að verða svolítið „inn”, mikið að gerast í listum og einnig fiskvinnslu. Þetta er jákvæð blanda, frábært að hleypa kúltúrnum hingað. Faxaflóahafnir eru að gera frábæra hluti, en eru þó aðeins of valdamiklir. Það þarf að spyrja fólkið eins og gert hefur verið upp að vissu marki. Það er fínt að hafa góða menn með framtíðarsýn sem hlusta á fólkið.”

„Að vissu leyti mjög jákvæð þróun á veitingastöðum, listamönnum og fleira sem kemur hafsækinni starfsemi ekki við. Þó allt sé blómlegra og skemmtilegra hér þá er verið að ýta þessari alvöru hafnarstarfsemi rólega í burtu. Draumur borgarinnar og hafnarinnar um að allir geti lifað í sátt og sambyli er óraunsær. Það vantar skarpari aðskilnað á milli skilgreindrar atvinnustarfsemi.”

„Líst vel á hana.“

„Blönduð og mjög jákvæð þróun.”

„Hún er að stefna til góðs þangað til þöbbinn kemur hingað beint á móti.”

„Eins og við séum óvelkomnir á höfninni. Hef það á tilfinningunni að það eigi að bola gömlu atvinnustarfseminni á brott vegna vondrar lyktar, hávaða og fleira.”

„Góð.”

„Hún er fín og gott að Brim húsið sé að breytast. Það má samt ekki troða þeim um tær sem hafa verið á höfninni í mörg ár. Marina fór mjög fallega að þessu, Slippurinn hélt sér og er orðinn aðdráttarafi túrista. Það þarf að gera þetta í samræmi við allt saman. Það er æði að sjá smábátakarlannda vinna í netunum í höfninni.”

„Frekar jákvæð, það er allt að gerast.”

„Hún er á réttri leið aftur eftir hálf skritinn tíma í 2007 ævintýrinu þegar menn keyptu hér upp lóðir og ætluðu að byggja íbúðarhús. Hrúnið hjálpað okkur að eyðileggja ekki starfseminna hér.”

„Halda áfram með gömlu kjölfestufyrirtækin sem eru í stöðugri þróun í takt við ný fyrirtæki.”

„Þetta er að þróast mjög skemmtilega með þessari blönduðu atvinnustarfsemi. Hafsækin starfsemi er stefna sem kemur mjög vel út.”

„Jákvæð. Það er verið að auka lífið hérna. Það mættu þó vera fleiri fiskvinnslur. Nú er meira líf í gömlu skúrunum, allt að lifna við. Gaman að því.”

„Já, hún er til góðs.”

„Gott að hafa þetta gamla og góða í samblandi við minni fyrirtæki. Svæðið nýtist miklu betur og glæðir lífi í höfnina. Setja þarf kröfur á góða umgengni, eins og t.d. Slippinn. Gott fyrir alla aðila.”

„Enga sérstaka skoðun á því. Atvinnuuppbyggingin þarf að vera tengd höfninni að mestu leyti en að hluta til blönduð.”

„Þróunin er flott og stefnan góð. Það má örugglega gera betur en blandan og þróunin er að stefna í rétta átt.”

„Jákvætt. Allsskonar lið að koma í verbúðirnar núna sem er hið besta mál, t.d. Valdís.”

„Uppbyggingin hefur verið mjög góð og miklar breytingar hafa orðið á svæðinu síðustu árin. Gaman að blanda saman fyrirtækjum, hönnunarvinnustofum og fleira.”

„Stefnan er góð, blönduð starfsemi, veitingahús, fyrirtæki og íbúðabyggð.”

„Það vantar að opna verslun í Sjávarklasanum. Það vantar einnig stórt hundagerði á Grandann, svo hægt sé að leyfa hundum að hlaupa um í rokinu. Það væri t.d. sniðugt að setja upp hundagerði í kringum Hátíð hafsins, þá myndu allir koma með hundana sína í göngutúr.“

„Hér verður að vera útgerð. Það má alveg vera blandað og allt það en þetta hefur þróast svolítið í aðra átt.“

„Þetta er svolítið tvískipt. Fiskihöfnin öðru megin og sparihöfnin hinu megin.“

„Mjög góð.“

„Meira af starfsemi í höfnina sem tengist útgerð en margir hafa horfið frá. Listagallerí og fleira hafa opnað í verbúðunum og útgerðakörlunum ýtt frá. Grandagarðurinn er ekki hannaður sem verslunargata. Fólk þarf að bakka út á götu úr bílastæðum, þetta endar alltaf með ósköpum.“

„Nei“

„Jákvætt hvernig verið er að hleypa lífi í svæðið með kaffihúsum og verslunum en það má alls ekki missa sjávarútvegsfyrirtækin heldur.“

„Þróunin er öfug. Hafsækin starfsemi fer minnkandi og það er til hins verra. Smábátaútgerðin er svo lítil og margir hrifnir af henni. Það er allt í lagi að hafnaryfirvöld séu á bremsunni og séu ekki að hleypa öllu hingað niðureftir 1,2 og 3.“

„Fin þróun.“

„Hún er á réttri leið. Það er mikilvægt, eins og menn hafa komist að, að leggja áherslu á að blanda saman atvinnustarfsemi sem kallar á rekstur og felur í sér daglega verslun og annað slíkt. Þá helst starfsemi eins og veitingastaði og þjónustu við Íslendinga og útlendinga. Á Grandagarði var upphaflega verið að hugsa götuna sem listalegg, þ.e. vinnustofur, gallerí og fleira, en það gengur ekki eitt og sér. Það verður að vera blönduð starfsemi hér. Þannig er það t.d. keyrt á Geirsgötunni. Það þarf að vera ákveðin fjölbreytni og um leið nægilegt rými, þ.a. veitingastaðir, list og fleira falli vel saman. Pólitikin hjá Faxaflóahöfnum er komin á rétta slóð í þessum málum. Legg hinsvegar áherslu á að almenn hafnarstarfsemi, sjómenn og slíkt, er gríðarlega mikilvæg. Við viljum hafa þessa litlu báta áfram, og þetta líf í höfninni, en ekki glutra þessu niður.“

„Vera með hafsækna starfsemi þar áfram.“

„Þetta blandast allt mjög vel saman en þeir sem eru með annarsskonar starfsemi en hafnartengda þurfa að passa sig að gera ekki of miklar kröfur sem verður til þess að hafnarstarfsemin beinlínis flytjist af svæðinu. Þetta má ekki verða nein túristahöfn.“

„Gott með verbúðirnar. Svo gengur þetta misvel, sumir gera það gott. Reyna láta þá sem ekki hafa staðið sig fara og leyfa öðrum að spreyta sig.“

„Góð þróun. Smábátamennirnir eru þó margir hverjir ennþá sárir yfir því hvernig staðið var að breytingum á verbúðunum. Það er þó ekki hægt að segja að þetta hafi heppnast illa.”

„Ekki færa listamennina innar á Grandann þannig að það verði þrengt endalaust að fiskinum. Þetta er gott eins og þetta er.”

„Þetta er voða erfitt, listameningin er að yfirtaka svæðið, en með því kemur líf. Trillukarlarnir eru alveg brjálaðir. Lífið á Grandanum er flott en það er vandmeðfarið hvað er rétt í þessu máli.”

„Hún hefur farið niður á við. Það eru bara örfáir bátar ennþá að veiða, og þá aðallega grásleppu því hún er utan kvóta, en flestir eru hættir. “

„Hún er að þróast mjög vel. Maður sér blönduðu starfsemina sem hefur verið að myndast síðustu 5-10 ár, sem er mjög flott.”

„Höfnin er höfn og hún er til þess að vera með báta og þeim fylgir fiskur og veiðarfæri þ.a. það er skritið að allt sem tengist bátum og útgerð virðist vera orðið fyrir fólki. Ekki ýta útgerðinni í burtu, en það er samt allt í lagi að hafa starfsemina blandaða.”

„Þetta má breytast. Þetta er að aukast til góðs.”

Hólmaslóð

„Sniðugt það sem bíið er að gera við gömlu verbúðirnar, breyta þeim í hönnunarfyrirtæki og önnur íslensk fyrirtæki. Það lífgar upp á höfnina og hafnarsvæðið og það mætti jafnvel gera meira af því.”

„Hún stefnir í góða átt. Þetta er mjög jákvæð þróun sem hefur átt sér stað hér.”

„Mjög gott að blanda saman starfsemi. Það vantar helst gúrme veitingastaði hér. Þetta er þróun sem á að vera eins í öllum stórborgum, t.d. eins og í Ködbyen, sláturhúsahverfinu í Kaupmannahöfn.”

„Sýnist að það sé verið að byggja upp atvinnufyrirtæki á þessu svæði sem er jákvætt.”

„Menningarstarfsemin er góð, en ekki setja íbúðabyggð á endann á Granda, það þarf að draga línuna einhversstaðar. Um leið og þær dyr opnast drepst fullt af atvinnustarfsemi hér í kring og það er ekki sérlega gott og grænt.”

„Maður tekur eftir þessu sjáanlega, sjálfstæðir listamenn, gallerí, vísir að veitingastöðum og fleira, sem er jákvætt. Maður verður ekki jafn var við þungavinnuna hér eins og áður, hún er ekki jafn sjáanleg”

„Að hún sé sem liflegust og fjölbreyttust.”

„Það mætti vera miklu meira líf í gömlu verbúðunum en það er rosalega dýrt að koma sér fyrir þar og fá starfsleyfi. Við Fiskislóðina er skítugt og skjúskað.”

„Í fortíðinni hefði mátt liðka fyrr og betur fyrir starfsemi sem ekki er hafnsækin og halda því svo áfram. Myndi ekki vilja fá íbúðabyggð hingað á sjálfan Grandann. Svæðið hefur allt þegar verið undirlagt atvinnuhúsnæðum og ég sé ekki hvernig þetta er skynsamlegt fyrir íbúðabyggð. Það þarf frekar að gera eitthvað til þess að laða meiri fjárfestingu hingað þar sem þetta er gott svæði. Ferðamönnum finnst mjög gaman að hafa fyrir augunum það sem er sérstakt og óvenjulegt og er svæðið er sérstök upplifun þá þar sem þeir sjá ekkert þessu líkt í heimalandi sínu. Menn geta haft svæðið aðgengilegra og gert meiri kröfur um góða umgengni, þar sem rusl er oft sjáanlegt hér.”

„Nei”

„Það eiga ekki að vera hljómsveitir hér í hverjum bílskúr aðrir eru að reyna að vinna. Það er fólk farið að sauma föt hérna og engin hafntegnd starfsemi lengur. Það stendur á lóðasamningnum að hér eigi að vera haftengd starfsemi.”

„Ferðamannauppbyggingin jákvæð.”

„Söfnin sem hafa myndast eru alveg frábær. Fyrirtækin hér eru mjög góð en þróunin á þessum skyndihúsum, eins og Krónuna, er ekki góð og minnir á úthverfi. Sólarlagið hér er fallett og göngustígar góðir, og það er alltaf að aukast fólkið sem nýtir sér þá. Frábært að Ísbúðin Valdís skuli hafa verið opnuð. Það er eins og fólk fotti ekki þennan stað. Myndi vilja sjá fleiri veitingastaði og ennþá meira líf. En það er líka mjög gott að það sé hafnarstarfsemi. Ef þetta er skorðað við eina grein þá tengist ekkert líf hér og þá kemur fólk ekkert. Það styrkir tengslin við sjávarútveginn að hafa sköpun og menningu eins og kaffihús, þó það sé ekki nema ísbúð. Hótelíð er frábært og Slippurinn ætti að fá að standa.”

„Nei”

„Miðað við aðrar hafnir þá kallar hafnarstarfsemi alltaf á þungaflutninga. Þessvegna ætti að halda Grandanum jafn stórum og hann er. Fáránlegt að leyfa stækkun á frystihúsinu en það skyggir á útsýnið frá Grandagarðinum og kallar á meiri þungaflutninga. Myndi vilja hafa höfnina í 101 sem minni smábátahöfn en ekki stóra útgerðarhöfn.”

„Flott það sem er að gerast í ferðamenskunni. Það væri gott að fá viðlegukannt við Hörpu svo fólk gæti gengið beint niður í miðbæ úr farþegarskipunum. Það gæti alveg farið saman. Auðvitað hrekkst undan sóðalegur iðnaður eins og málmsmiðja svo það þarf að byggja varnarlinur þar á milli. Fólk sem að ætlar að búa hér þarf að vera meðvitað um starfsemina.”

„Mikilvægt að reka ekki starfsemina í burtu, þ.e. að þessi gamla og gróna starfsemi fái að vera áfram þó það komi lífstílsbúðir fyrir túristana. Þeim finnst æðislegt að sjá Slippinn og hafnarstarfsemina.”

„Góð.”

„Hún er fín, ef að samgöngumálum er vel fyrir komið og umferðaræðar að og frá ganga upp. Mannmergðin sem streymir frá Hamborgarabúllunni og alveg niður að

Hörpu er allt of mikil (þ.e. fólkið sem er á ferð yfir götuna). Samstilling á ljósum er alveg ómöguleg, enda eru þetta gönguljós.”

Mýrargata

„Að þetta verði áfram iðnaðarhöfn með þeirri starfsemi sem er í gangi núna.”

Norðurgarður

„Það mátti enginn koma sér fyrir hér nema stunda hafntengda starfsemi. Starfsemin er orðin blönduð núna. Hefði á sínum tíma gert athugasemd við það þegar fiskiðjur voru hér með fleiri hundruð manns í vinnu en í dag er ekkert við það að athuga.”

Ægisgarður

„Nei, þetta er allt á réttri leið.”

„Fólk er að sækja í svæðið og mitt álit er að bátastarfsemin færist yfir. Maður veit ekki í hvernig átt þetta er að þróast en menn eru að reyna ýmislegt nýtt.”

„Því meira sem hægt er að gera hér á höfninni, því fleira fólk og þar af leiðandi betra fyrir alla.”

„Þetta er að verða ferðamannaþorp og fyrir suma er það gott en fyrir einkenni hafnarinnar þá er það ekki gott. Varðandi miðbæ Reykjavíkur, hvað er spennandi að vera þar ef hvert einasta hús er hótél eða veitingastaður?”

Viðauki 7

21. Eru einhverjar athugasemdir sem þú vilt koma á framfæri við Faxaflóahafnir sf?

Austurbakki

„Nei”

„Auka samstarf og samráð á hafnarsvæðinu. Það hagnast allir á því. Við erum rétt að byrja átta okkur á möguleikum þessa svæðis. Mikilvægt að vera í samstarfi við veitingastaði og hótél og Faxaflóahafnir eru með í að leiða þá vinnu. Halda hjólastígnum og merkingum betur við. “

„Nei”

„Það ætti að banna bifreiðum að leggja á bryggjunum. Fólk er að valsa þarna um og leggja. Þetta er bæði hættulegt og ólöglegt. Það er fjaránlegt að sjá hvernig lagt er þegar Kolaportið er opið, upp á öllum eyjum og köntum. Það er nóg af stæðum við Hörpuna. Á Norðurbryggjunni ætti að vera sérstakur aðgangur, þannig að fólk sem á erindi í bátana gæti lagt þar en aðrir ekki. Svæðið er að byggjast flott upp, t.d. hafnarverbúðirnar. Þetta er allt í rétta átt. Það mætti nýta Norðurbryggjuna meira undir ferðamennsku, bæta lífi austan megin því þetta er góð aðstaða, t.d. fyrir hvalaskoðunarfyriertækin.”

„Það mætti gjarnan endurskoða gámana á Ingólfsgarði sem Brokey er með aðstöðu í.”

„Þakka þeim samstarfið, það er búið að vera mjög gott. Félagið stendur í þakkaskuld við Faxaflóahafnir og það eru engar neikvæðar athugasemdir héðan. Erum að vinna í málefnum eins og t.d. öldubrjót. Hér er skjólgott en það eru skip sem virða ekki hraðatakmarkanirnar. Þá hafa myndast öldur og skemmdir á öðrum bátum. Besta svæðið í höfninni er þar sem Sjóminjasafnið er svo það svæði kæmi til greina, en við erum þakklátir með það sem við fáum.”

„Nei”

„Það er hægt að virkja Brim húsið á skemmtilegan hátt, t.d. með listahátíðinni. Allt í lagi að hafa íbúðabyggð neðan við Mýrargötu en ekki fara að troða henni alveg niður á Miðbakkann. Mikilvægt er að halda í hafnar tilfinninguna og nýta sér þá kosti sem hún hefur.”

„Nei, það er mjög gott að sækja til þeirra.”

„Það mætti vera meira af sögulegum upplýsingum um höfnina á hinum og þessum stöðum. Man ekki eftir að hafa séð sýningu um sögu hafnarinnar, það væri þess virði að rekja það eins langt aftur og hægt er í sögulegu samhengi.”

„Skortur á bílastæðum. Það er hvergi meiri straumur af fólki og hingað. Sjáum einnig fram á fækkun bílastæða. Bílastæðunum á Miðbakka er búið að skipta niður þannig að það er alltaf verið að saxa niður bílastæðin hér. Við eigum afskaplega gott samstarf við hafnarstjóra og yfirhafsögumann. Þeir hafa reynst okkur alveg öðlingar

og öll samskipti verið afar góð við hafnarstarfsmenn að öllu leyti. Það er leitun á öðrum eins öðlingi og hafnarstjóra í samskiptum við okkur. Það væri gott ef höfnin hefði meira myndavélaeftirlit á hafnarsvæðinu. Það er ekkert óeðlilegt að slíkt hið sama sé gert hér á hafnarsvæðinu og í Sundahöfn varðandi myndavélar. Fólk hefur verið að fara í sjóinn og það er gott að geta séð það á myndavélum. Einnig gott að vera með myndavél sem fylgist með skipunum.”

„Nei”

„Halda Slippnum. Oliutankarnir í Örfirisey ganga ekki, það stafar stórhætta af því að þurfa keyra þessa bíla hér í gegn. Aðalskipulag hafnarinnar um að setja fólkið í forgang og bilaumferð í annað sæti er flott. Það væri hægt að laga oliubilaumferðina með því að leyfa þeim að keyra á ákveðnum tímum. Það vantar sundlaug á hafnarsvæðið, t.d. við Slippinn, sem gæti tengst sjósundsbraut og væri aðdráttarafl númer eitt. Það getur enginn leyft sér það nema við með heita vatnið. Það skiptir sköpum fyrir þróun miðbæjarins að fá blönduðu byggðina en það þarf að skoða ýmsa þætti betur. Það vantar meira aðdráttarafl á svæðið, t.d. alvöru matvörumarkað (eins og fiskmarkað). Staðsetningin á Brim húsinu er mjög flott en það er alvöru hús sem væri hægt að gera alveg æðisgengið. Það vantar gamlan dall í Reykjavíkurhöfn innréttadan sem veitingastað.”

Eyjarslóð

„Nei.”

„Ég myndi vilja færa Hátíð hafsins inn á Miðbakkann. Kúnnar eiga mjög erfitt með að komast til og frá okkur þessa helgi, sem er „high season” hjá okkur.”

„Nei”

„Það er rosalega ósjarmerandi að hafa iðnaðarhverfi við hliðina á flottri, nýrri, blandaðri byggð.”

„Nei”

„Oliutankarnir eru mjög sérkennilegir á svo margan hátt. Í fyrsta lagi er byggðin á Granda að breytast á sama tíma og þessir tankar eru í fullum rekstri. Í öðru lagi er þetta staðsett í aðflugslínu Reykjavíkurflugvallar og einnig er verið að keyra olíu um miðbæ Reykjavíkur daginn út og daginn inn. Þetta er bæði hættulegt og sérkennilegt. Þetta er skipulagsleysi hjá borginni og Faxaflóahöfnum. Það þyrfti að færa oliubirgðastöðina til Helguvíkur svo ekki sé keyrt með olíu og bensín á hættulegum stöðum. Ruslafyrirkomulagið er skrítið. Við þurfum að sjá um það sjálf, en höfnin klippir samt runnana hér í kring. Hér er ekki öruggur staður til þess að setja landfyllingar.”

„Nei”

„Skil ekki hversvegna borga þarf bæði fasteignagjöld og lóðaleigu. Sorpmálin eru skritin, að maður skuli sjálfur þurfa að flytja eigið sorp í burtu. Ætla Faxaflóahafnir að halda sig við hafsækna starfsemi eða ekki? Það vantar að ákvarða stefnu í þeim

málum. Einnig eru landfyllingar orðnar alltof miklar, og þær eyðileggja landslagið. Lífið á höfninni er horfið eftir að Héðinn og fleiri fyrirtæki fóru. Í samræmi við þetta hefur lítið af mannvirkjum risið aftur.”

„Nei”

„Nei, held ekki.”

Fiskislóð

„Það fýkur mjög mikið af rusli og drasli yfir frá Sorpu. Erum með mann hvern mánudag sem tynir upp ruslið.”

„Þetta hefur gengið sem smurt. Höfnin sendir alltaf pósta ef það er eitthvað stórt í gangi og þá fær maður tíma til að undirbúa sig, svo það er ekkert við því að segja.”

„Gera þá kröfu á Sorpu um að svæðið sé lokað svo það fjúki ekki rusl yfir nærliggjandi fyrirtæki. Við erum að reyna halda öllu finu í kringum okkur og vildum gjarnan halda því til fyrirmyndar. Það er mjög erfitt með Sorpu sem nágretta því í sumum vindáttum feykist ruslið yfir til okkar. Að öðru leyti er uppbyggingin á Grandanum til fyrirmyndar. Höfum átt gríðarlega gott samstarf við Faxaflóahafnir.”

„Ég er í rauninni nokkuð sáttur. Skipulagsvald Faxaflóahafna er mjög mikið innan hafnarsvæðisins. Það þarf að passa að vinna í sátt við annað skipulag í borginni svo skynsamleg mynd af borginni fáiast með engum flöskuhálsum og árekstrum.”

“Ég þakka þeim gott samstarf.”

„Nei.”

„Ekki má gleyma hvernig höfnin er, en þetta er fyrst og fremst fiskihöfn og vöruhöfn svo ekki má henda fiskiskipunum í burtu.”

„Sundahöfnin er ekki aðlaðandi, gámar og rusl. Þetta er fyrsti viðkomustaður fólks úr skemmtiferðaskipum. Í stórborgum passa þeir að aðkoman sé hugguleg hjá skemmtiferðaskipum. Það eru ekki allir farþegar að fara í Gullfoss og Geysi. Fólkinu langar að prófa íslenskan mat, hönnun og fleira. Viljum gjarnan koma að verkefni sem þessu með Faxaflóahöfnum og höfum mikinn áhuga á að efla íslenska þjónustu. Hægt væri að fá íslenska tónlistarmenn til að spila á höfninni. Höfum ekki hagsmuni að gæta, heldur lítum á heildina hvernig þetta má betur fara. Viljum ná meiri tekjum og það gerist ekki bara með einhliða þjónustu og ekki ef Faxaflóahafnir eru alltaf með sömu ráðgjöfina. Viljum vinna með Faxaflóahöfnum með í ráðstefnu 2014. Þar má kynna áfangastaði Íslands og það sem er í boði fyrir þessa aðila. Viljum fund með Faxaflóahöfnum.”

„Nei”

„Ef Faxaflóahafnir sf eru umsjónaraðilar þá finnst mér Gísli og hans menn vera

vinna feiknarlega gott starf og eiga að halda áfram á þeirri braut að búa til skemmtilegt og athafnasamt mannlíf á svæðinu.”

„Nei”

„Alls ekki. Bið að heilsa Gísla.”

„Nei”

„Lóðdaleigan er alltof há. Hef átt mjög góð samskipti við Faxaflóahafnir í gegnum tíðina. Starfsemi sem okkar þarfnast mikils rýmis og lóðar og þetta svæði hentar vel fyrir þá starfsemi.”

„Nei, ég er voðalega sáttur.”

„Varðandi rónaskúrana þá tekur maður ekki eftir þessu venjulega en það hafa átt sér stað neikvæð samskipti við fólkið þarna. Skoða þarf hvort hagkvæmt sé að hafa skúrana þessum stað upp á framtíðaruppbyggingu. Það er spurning hvort halda eigi einhverja sameiginlega atburði þar starfsemin hér á svæðinu er kynnt. Vinna meira með fyrirtækjunum.”

„Gott ef hægt væri að taka aðeins til á svæðinu. Það er mikið vesen á bílastæðamálum, kannski ætti að merkja þau betur. Þar sem fleiri eru farnir að vinna á svæðinu fer bráðum að verða skortur á bílastæðum. Við höfum enga þörf fyrir að búa til lúxussvæði hér. Það er mjög gott að þróa svæði í kringum Sjóminjasafnið en fara ekki of langt í að breyta öllu. Það má ekki reka fyrirtækin í burtu, þetta þarf að blandast.”

„Nei”

„Mikill andstæðingur olíutankanna í Örfirisey og umferð þeirra gegnum bæinn.”

„Nei”

„Nei”

„Það er gott að vera hér og samstarfið við Faxaflóahafnir er gott.”

„Hvað á að gera við umferð flutningabilanna? Það er alltof mikið af fólki sem býr í atvinnuhúsnæði, þetta eru ólögleg húsnæði og það vita allir af því. Hvenær á að fara byggja íbúðabyggð hér út á Grandanum? Ég er mótfallinn því að Slippurinn verði tekinn.”

„Það væri tímabært að geyma olíuna annarsstaðar, sérstaklega í ljósi þeirra áforma sem höfnin og borgin standa fyrir. Olían á frekar heima á Sundahöfn. Það væri gott að koma auðum lóðum hér í notkun en miklu rusli er komið fyrir á þeim.”

„Fyrst og síðast þá er strúktúrinn sem varðar gangandi umferð fjarri því að vera í lagi. Hér eru fráleitt stórar byggingarlóðir og fjaránlegt að einungis sé hugsaður iðnaður á því svæði. Viðskiptavinir sem koma til okkar (mikið af fulltrúum frá alþjóðlegum og stórum fyrirtækjum) horfa í út höfnina úr rýminu okkar og spyrja

hvað við séum eiginlega að borga mikið í leigu til að fá að vera á svona stað. Eina fólkið sem gengur yfir göturnar hér er fólkið sem býr í ólöglegum íbúðahúsum. Hafnir hér eru of litlar til þess að taka við sífelld stækkandi flutningarskipum. Ólíutankarnir eru tifandi tímasprengja, „Disaster waiting to happen“.

“Mætti hafa í huga að ganga betur frá gangstéttunum, sbr. þessir háu kantar, sérstaklega þar sem verið er að hvetja fólk til þess að hjóla meira. Þetta gæti orðið verra þegar framkvæmdir hjá Sjóminjasafninu hefjast.”

„Það er skemmtileg þróun í verbúðunum og væri til að sjá meiri svona starfsemi. Þetta er spennandi athafnalíf við sjóinn, en það þyrfti líka fleira fólk. Á Miðbakkanum væri flott að sjá vinnustofur á efri hæðum og jafnvel íbúðir en verslanir og veitingastaði á neðri hæðunum.”

„Lýst mjög vel á áætlanir hafnarinnar. Hafnarsvæðið og framtíðarplanið gerir rekstur á svæðinu meira spennandi.”

„Nei, ekkert sérstakt.”

„Það er erfitt fyrir unga hönnuði og fyrirtæki að komast að á Grandanum. Það er verið að ýta hönnuðum og listafólki út og í staðinn koma barir og veitingahús. Í erlendum blöðum er Grandinn kallaður „design district”. Það vantar svona ungt og ferskt í bland við hitt. Það má koma með eitthvað meira lifandi á Hólmaslóðina, svo sem aðra verslun.”

„Nei.”

„Vill gjarnan reyna tryggja uppbyggingu á auðum lóðum á Granda verði hraðað eins og hægt er og Faxaflóahafnir reyni eftir bestu getu að leysa úr þeim vandræðum sem geta verið vegna fyrri eigenda. Það er bagalegt fyrir Faxaflóahafnir og þá sem eru í rekstri á svæðinu, hvað það standa margar auðar lóðir og þá sérstaklega við Fiskislóð. Það þarf ekki öll þessi bílastæðaflæmi, t.d. hjá Byko og Krónunni, sem aldrei eru fullnýtt. Halda þarf áfram að lyfta upp svæðinu og taka það úr þessum fasa sem það hefur verið í á undanförunum áratugum, en gera það þó í góðri sátt við starfsemina sem er þar nú þegar. Þetta er allt í rétta átt. Framlengja þarf miðbæinn í sátt við það sem fyrir er. Hafnarstarfsemin þarf líka að fá að þrífast eins og hægt er. Ósáttur með að húsin á milli gamla Ellingsen hússins og Hótel Marina, sem eru í byggingu, eigi að vera steinsteypuskrímsli. Menn verða að huga að heildarmyndinni og það er fyrst og fremst gert með því að taka miða af því sem fyrir er á svæðinu og steinsteypuskrímsli eru ekki hluti af því. Það er svo dásamlegt hvernig verið er að nýta gömlu húsin. Það þarf að tryggja að nýbyggingar séu í samræmi við það sem gamalt er.”

„Gæði Grandasvæðisins felast að miklu leyti í þeirri hafsæknu starfsemi sem hefur fengið að vera allsráðandi. Ég sækist eftir að vera nálægt því en vil alls ekki stugga við því.”

„Nei”

„Það er fáránlegt að olían skuli vera flutt í gegnum alla borgina og í Örfirisey þegar

Það eru tómir gámar í Helguvík. Metangas er mjög eldfimt og getur blossað upp. Oliuflutningar hafa ekkert að gera hingað, þeir ættu frekar að færast til Helgúvökar eða hjá Straumsvík.”

„Fiskislóðin mætti vera auðmerkjanlegri. Fólk á mjög erfitt með að finna númerin, þetta getur verið ruglingslegt.”

„Nei”

„Nei”

„Höfnin er búin að missa tökin á þessu svæði. Það þarf að varðveita alla starfsemi í höfninni. Við eigum mjög gott samstarf við hafnarstjórn og starfsmenn og höfum ekkert yfir því að kvarta.”

„Hafnsækin starfsemi á að hafa forgang á svæðinu. Blönduð byggð er misráðin því það blandast illa saman við hafsæknu starfsemina. Það á að auglýsa landanir í skipunum, það er kannski misskilið af okkur sem erum vön þessu en fólk hefur gaman af sem ekki hefur séð svona áður.”

„Við erum ánægðir og sáttir, ekki við neinu að kvarta.”

„Nei í sjálfu sér ekki. Hef ekki verið óhress með þeirra umsjón á svæðinu. Grasið er heldur meira slegið hér en hjá borginni svo höfnin er ekki að standa sig illa.”

„Oliubirgðastöðin er áhyggjuefni. Það er tímaskekkja að hún sé hér í miðri borg og að allir oliuflutningar þurfi að fara í gegnum miðborgina. Það þarf að setja kraft í uppbygginguna á óbyggðum svæðum. Það sem gert var á Fiskislóðinni í fyrrasumar, þ.e. tré sett niður og fleira, var mjög flott. Gera þarf svæðið huggulegra eins og t.d. fyrir framan Grandakaffi en bílastæðið þar er aldrei fullnýtt.”

„Ef Slippurinn verður færður, missir svæðið tilfinninguna. Hversvegna halda Faxaflóahafnir enn í hafsæknu klausuna í samningum sínum ef þeir eru ekki einu sinni að standa við það. Mörg fyrirtæki á Grandanum eru ekki með hafsækna starfsemi.”

„Losna við taknana á móti Hólmaslóð. Þeir hafa ekki verið notaðir árum saman og eru bara ljótir. Það er tímaskekkja að vera með tankana þarna. Allt þetta graffíti á þeim er líka mjög ljótt. Að öðru leyti er þetta skemmtilegt svæði.”

„Nei”

„Varðandi oliutrukkana, þá er of þung umferð hjá þeim. Þeir eru á hjara veraldar og keyra mikið af sinni olíu til Keflavíkur. Ef þeir gætu dregið saman og verið einungis með olíu hér fyrir bátana og skipin þá væri það af hinu góða. Það er ekki gott að það sé sagt við mann að maður þurfi að vera í hafnsækinni starfsemi. Það þarf að hreinsa loftið. Það eru fullt af fyrirtækjum hér sem eru ekki í hafnsækinni starfsemi og vilja vera hér. Þetta er leiðinlegt að vera tvöfaldur í roðinu og þurfa að vera að standa í þessum feluleik. Fólk á að gera komið hreint fram og sagt frá raunverulegri starfsemi og að það vilji vera á Grandanum.”

„Það er dýrara að vera hér en annarsstaðar í borginni. Hér eru há fasteigna- og lóðaverð. Það er svo dýrt að það borgar sig frekar að leigja en að eiga húsnæði.”

„Hér er mjög hátt lóðaleiguverð.”

„Nei.”

„Nei, þetta er allt í góðum gir. Mjög gott að vera hér.”

„Nei”

Geirsgata

„Það vantar bílastæði.”

„Við erum rosalega sátt. Faxaflóahafnir hafa tekið vel á móti okkur.”

„Líkar vel við starfsmenn Faxaflóahafna og samstarfið hefur alla tíð gengið vel.”

„Nei, þeir eru almennilegir.”

„Það þyrfti einhvern skjólvegg hér fyrir framan svo bátarnir skemmdust ekki í austanáttinni. Þessi skiki er ekki nógu lokaður.”

„Það vantar að upplýsa fyrirtæki meira ef einhverjar framkvæmdir eru í kringum það. Það þarf að gera fyrirfram og leyfa þeim einnig að hafa skoðun á því. Það vantar betra upplýsingaflæði. Annars er ósköp gott að eiga við Faxaflóahafnir. Mikilvægt að ruslafötur séu ekki í kringum fyrirtæki, eins og t.d. Kopar, það er bæði ósnyrtilegt og dregur að rottur. Höfnin mætti aðstoða fyrirtækin að merkja svæðið betur.”

„Margt hér er mjög jákvætt, sérstaklega ákvarðanirnar í tengslum við verbúðirnar og eins varðandi bryggjusvæðið. Það er búið að fjölga stæðum fyrir farþegarbáta og fleira. Það vantar miklu betri gangbrautir svo ekki þurfi að ganga á götunni. Varðandi handriðaleysi á bryggjunni, þá er tímaspursmál hvenær verður slys. Það væri kostur ef það væri salernisaðstaða hér. Hreinsun á hafnarsvæðinu mætti vera betri, aðallega í höfninni sjálfri og úr sjónum. Lóðirnar á Ægisgarði eru misvel nýttar og leiðinlegt þegar góð stæði standa auð. Menn ættu ekki að komast upp með að hafa tomt hús og ekkert um að vera. Öryggi okkar á höfninni er ekki neitt. Samningar eru stuttir (einungis ár) og því er frekari uppbygging áhættusöm. Heilt yfir er maður ánægður með Faxaflóahafnir þó alltaf sé eitthvað sem mætti betur fara.”

„Það er erfitt að komast að með vörur á Geirsgötu.”

„Nei.”

„Vandamálið er aðallega skortur á bílastæðum. Fólk sem vill koma til okkar verður að leggja langt frá, annaðhvort vestan við Slippinn eða inn á Miðbakka. Það þarf að vera hægt að stoppa bíl stutta stund og skjótast inn.“

„Það þarf að huga að því að slippsvæðið sé að verða einsleitt hverfi, þ.e. veitingahúshverfi. Reksturinn er í fárra höndum, þ.e.a.s. hvalaskoðunarfyrirtækjanna. Það mætti vinna enn meira að því að gera svæðið meira aðlaðandi fyrir þá sem eiga leið um.”

„Halda áfram á sömu braut. Er mjög ánægður með Faxaflóahafnir og hvet til þess að það sé samhliða uppbygging. Brimhúsið er verulegt lýti á hverfinu og það þarf að pressa á eigandann að gera eitthvað í því. Einnig er skortur á aðgengi fyrir ferðamenn, rútustæði og fleira.”

„Maður þorir ekki að gera breytingar vegna stuttra leigusamninga. Annars rosalega ánægð.”

„Stefna hafnarinnar að byggja upp blandaða starfsemi, en einblína ekki einungis á hafsjækna starfsemi, er góð. Þó er auðvitað mikilvægt að halda í hafsjækna starfsemi. Það er gott að vera hérna.”

„Nei.”

„Skammtímaleiga á stæðunum hefur í för með sér óvissu um framtíðina. Þar af leiðandi er erfitt að byggja hér upp fyrirtæki. Þetta er skipulagsleysinu um að kenna.”

„Hreinlæti, það þarf að þrifa betur. Það er rosalegt rusl sem fýkur hingað eins og gengur og gerist en það þarf náttúrulega að þrifa.”

Grandagarður

„Umferðamálin þarf að skoða vandlega. Umferðin er mjög hröð á Grandagarðinum t.d. og það þarf að takmarka hana inn á svæðið með einhverjum hætti.”

„Huga að betri aðstöðu fyrir skipaþjónustu. Það er búið að troða mikið af bílastæðum og fleira á höfnina. Höfnin hefur ekki sýnt þessari starfsemi nægan skilning. Það er búið að ryðjast inn á atvinnusvæðið og það er mjög erfitt að skila verkum á stuttum tíma. Síðastliðinn 5-6 ár hefur höfnin fyllst af túristum og athafnasvæðið minnkað. Túristarnir sem koma hingað niðureftir hafa áhuga og gaman af því að skoða skipaþjónustu.”

„Fólk frá CCP leggur bilunum sínum beint fyrir framan fyrirtækin á Grandagarði svo fólk er oft í vandræðum með að komast meðfram götunni. Faxaflóahafnir þurfa að taka á þessu og mála gular línur svo aðrir bilar og fólk komist að húsinu. Hér hafa orðið árekstrar vegna þessa. Það var stór afturför að hafa innkeyrsluna eins þrönga og hún er á Grandagarðinum. Bilar stoppa umferðina því þeir komast ekki auðveldlega inn á svæðið. Þetta er galli í skipulaginu.”

„Hér fýkur endalaust rusl og drasl yfir bílastæðin sem hefur í för með sér óþrif. Við höfum margoft hringt í Vigni og látið vita af þessu. Að öðru leyti er allt í fínu lagi og erum við mjög sáttir hér. Höfum beðið, síðastliðin tvö ár, eftir því að skipt verði um gangstéttar meðfram enda Grandagarðsins. Það er ekki búið að gera það ennþá.”

„Það þarf að ganga betur frá lóðinni á Grandagarði, og eins þarf að endurnýja gangstéttina. En það hvílir ekki einungis á höfninni, líka á fyrirtækjum.”

„Fint væri að klára bryggjuna sem Faxaflóahafnir eru að byggja bak við Vikina.”

„Bílastæðamál. Það var búið að lofa fyrir löngu að mála pílur á götuna svo ekki yrði lagt við gangstéttina. Gangstéttin fyrir framan lengjuna (fyrst á Grandagarði) er í mjög slæmu ástandi, allt of hár kanntur og menn eru að skilja eftir stuðarana vegna þeirra. Þetta er í algjörum ólestri.”

„Það þarf að laga gangstéttina við Grandagarð. Það eru slysagildirur í henni, hún er holótt og kannturinn ljótur. Kannsteyninn er langt frá og ef einhver dettur ofan í er hætta á sá slasi sig. Það vantar meiri gróðursetningar, blómapotta og slíkt, til að gera svæðið áhugaverðara. Götusóparar (bílarnir) mættu koma hingað oftar og einnig vantar fleiri ruslafötur á svæðið, t.d. á götuhornum og við strætóskylin. Fólk er að ganga hér um með hundana sína og lendir í vandræðum með að finna ruslafötur. Það er ekki nóg að koma hingað á sjómanna daginn og þrifa, það er starfsemi hér 365 daga ársins og því þarf að þrifa oftar. Björgunarsveitin leggur stórum flutningabil hér og hindra þá að aðrir bílar hér við Grandagarð komist leiðar sinnar. Það vantar gönguljós og hraðahindranir því það er keyrt á miklum hraða hér og engin virðing borin fyrir gangbrautinni. Það er sama á hvaða tíma dags, menn eru eiginlega alltaf hér í spyrnu. Á veturnar finnst mér ljósin slökkna of snemma, þau mega alveg loga 1 til 2 klst. lengur, þó það feli í sér aukinn kostnað hjá borginni. Reiturinn þar sem róluvöllurinn er kominn, væri hentugri fyrir starfsemi sem hefði meira aðdráttarafl heldur en börn að leika sér. Listaháskólinn væri flottur á þessum fleti. Ef verið er að byggja hér í miðborginni þá ætti að vera skylda að hafa bílakjallara því að á Íslandi eru samgöngur í strætó það lélegar að fólk ferðast á bilum. Margir komast ekki á kynningarfundum hafnarinnar vegna þess að þeir eru á miðjum vinnudegi og oft auglýst með stuttum fyrirvara.”

„Við erum sáttir að vera hér.”

„Halda áfram með uppbygginguna hér. Það vantar brú út á bryggjuna hjá sjóminjasafninu svo fólk þurfi ekki að ganga í kringum húsið. Maður er að mestu leyti ánægður með uppbygginguna hér og horfir vongóður til framtíðarinnar. Það eina sem er uggandi eru áhrifin frá byggingunni.”

„Ágætar.”

„Ítreka að mikilvægt sé að veitinga- og þjónustufyrirtæki verði efla.”

„Nei”

„Ítreka bílastæðamálin. Það eru ekki allir sem búa í miðbænum, og þó það séu ekki allir á bil þarf samt að gera ráð fyrir bílastæðum.”

„Ítreka að laga stéttina frá Grandagarði 1 til 15. Hún er margbrotin og stórhættuleg fyrir gangandi fólk og það þarf að laga hana þannig að það sé sómi af fyrir Faxaflóahafnir. Ég vil gjarnan fá fleiri veitingastaði hingað, það er þróun sem er að byrja.”

„Samstarfið gengur vel.”

„Erum í góðum samskiptum við Faxaflóahafnir og þeir hafa verið mjög liðlegir við okkur varðandi gáma sem við erum með svo við erum sáttir.”

„Þeir hafa veitt mér ágætis þjónustu varðandi bátinn minn og fá þakklæti fyrir það.”
„Staðurinn þar sem Hafrannsóknarskipin liggja er óþægilegur, það er allt of mikil hreyfing í höfninni þar á veturna.”

„Ítreka að laga stéttina frá Grandagarði 1 til 15. Hún er margbrotin og stórhættuleg fyrir gangandi fólk og það þarf að laga hana þannig að það sé sómi af fyrir Faxaflóahafnir. Ég vil gjarnan fá fleiri veitingastaði hingað, það er þróun sem er að byrja.”

„Það er forvitinlegt að vita hver framtíðarsýnin með verbúðirnar á Grandagarðinum er. Eins og t.d. Ísbúðin Valdís sem var að koma hingað, það er alveg frábært.”

„Hafnarstarfsemin liður fyrir þessa þróun. Það þarf að taka tillit til allra aðila sem eru komnir með rekstur og það er erfitt fyrir fiskvinnslur og fleira. Ég tala nú ekki um ef auka á íbúðabyggðina hingað inn í höfnina. Gott dæmi er Hafnarfjörður. Þetta er mikill ágangur. Raddir verða háværari eftir því sem íbúðabyggðin teygir sig nær. Fólk á að búa annarsstaðar, ekki á miðju hafnarsvæðið.”

„Nei, bara sáttur.”

„Koma fleiri verbúðum í noktun fyrir blandaða starfsemi. Sorglegt að sjá sum fallegu rýmin í verbúðunum notuð sem ruslageymslu. Hafa þetta í huga til framtíðar. Starfsemi eins og ísbúð og fleira trekkir að fólk. Þetta er byggt sem geymslurými en spennandi fyrir erlenda ferðamenn að koma og sjá nýja starfsemi í svona húsnæði. Þetta er framtíðin með fullri virðingu fyrir sjávarútveginum.”

„Nei, bara halda áfram og ekki láta Slippinn fara. Hann er ævintýri fyrir ferðamenn.”

„Nei.”

„Það gengur allt vel. Við erum mjög ánægðir með þjónustu hafnarinnar við okkar fyrirtæki.”

„Það vantar mat sem er hollur og góður, ekki bara Grandakaffi og Kaffivagninn. Það er erfitt að ná sér í hádegismat á Grandann. Allir ánægðir eftir að Valdís kom.”

„Nei”

„Um leið og það er komin inn önnur starfsemi eru þeir farnir að gera kröfur um að ekki sé ryk, hávaði og fleira. Vantar meira útisvæði fyrir fyrirtækið á Granda.”

„Faxaflóahafnir eru að standa sig vel að uppbyggingu svæðisins, sem er mjög lofandi.”

„Fá betra aðgengi fyrir bíla og það væri farsælt fyrir alla ef oliubirgðarstöðin væri annarsstaðar. Annars er þetta á réttri leið með meiri uppbyggingu á haftengdum fyrirtækjum. Þegar sjávaklasinn hefur stækkað eykst þetta ennþá meira. Vonandi ná

hugmyndir um áframhaldandi húsnæði á Grandagarði 18 fram að ganga. Faxaflóahafnir hafa gert mjög góða hluti í uppbyggingu hér. Það væri rosalega flott að vera með lengju með mörgum veitingahúsum á Miðbakka, slá t.d. Brim húsið niður. Maður sér þetta víða erlendis og þar er yfirleitt þakkfullt.”
„Nei”

„Gott framtak að hafa gert Bakkaskemmuna að skrifstofuhúsnæði.”

„Verbúðirnar ættu ekki að vera lagskiptar, þ.e. blanda fyrirtækjum betur saman. Slippurinn má ekki fara, hann er í takt við hótelið. Það mætti bæta almenningssamgöngur og einnig aðgengi fyrir gangandi vegfarendur sem og hjólreiðafólk. Mætti byggja meðfram sjávarsíðunni og gera svæðið sjarmerandi. Ekki missa sig í að skapa einhvern túristaviðbjóð eins og svo oft er gert með iðnaðarsvæði. Halda í iðnaðarsvæðið, ekki færa það í úthverfi heldur blanda því saman við önnur fyrirtæki. Halda í útgerðina, annars missir höfnin sjarmann. Það vantar líka líkamsrækt hingað á Grandann, það er engin líkamsrækt fyrir allan miðbæinn. Það mætti taka aðeins betur til bakvið verbúðirnar á Grandagarðinum. Ekki byggja bara stálgrindarhús, heldur líka lítil hús í takt við verbúðirnar. Það vill oft gleymast, því það er ódýrara að byggja stálgrindarhúsin en þá fæst samt minna fyrir hvern fermeter.”

„Nei”

„Er mjög ánægður.”

„Nei”

„Nei, treysti þeim til allra góðra verka.”

„Blöndun iðnaðarstarfsemi og skrifstofustarfsemi getur valdið ákveðnum óþægindum. Nágrannar eru mistillitsamir. Það eru kannski sumir sem gera sér ekki grein fyrir óþægindum sem það getur valdið öðrum.”

„Nei”

„Þegar fleiri skrifstofur verða komnar hér, verða vandræði með bílastæðamál. Það verður að finna lausn á því. Þetta á örugglega eftir að verða mikið vandamál þegar þar að kemur.“

„Nei.”

„Það þarf að setja upp skilti við verbúðirnar, en þeir sem eiga erindi í húsin á móti eiga að leggja á bak við Víkina. Það þarf að skilja þetta að. Ég yrði fegin ef sú ákvörðun yrði tekin og allir yrðu látnir vita svo fyrirtæki færu að beina viðskiptavinum sínum á sitt bílastæði. Höfnin ætti að hafa sér sumarútlit og sér vetrarútlit. Ljós, blómapottar, handrið og fleira í gömlum hafnardúr væri þá sett út á sumrin en tekið inn á veturna. Hátíð hafsins var mjög flott og dreifðari í ár. Leiktækin voru tengd höfninni en ekki einhverjir hoppukastalar. Þetta voru miklar framfarir frá sjómannadeginum fyrir þremur árum. Kastarar sem settir voru upp á Grandagarði lýsa í vitlausa átt og enn er dimmt hér á veturna. Það væri rosalega fint að fá hlaðinn

vegg, ekki fyrir göngubrautina heldur fyrir bílastæðina, því draslið endar oft hjá mér. Það þarf að setja upp eins skilti á allar verbúðahurðirnar sem sýna opnunartíma eða aðrar upplýsingar. Einnig væri flott að hafa skilti, t.d. við hringtorgið, sem sýnir þau fyrirtæki sem á Grandanum eru. Það er skrítið að Orkuveitan þurfi ekki að lúta sömu lögmálum og aðrir í verbúðunum hvað varðar hurðalit.

„Nei”

„Umgengnin um höfnina hefur verið sóðaleg en það hefur lagast. Það mætti gera betur í þeim málum samt. Samstarfið við Faxaflóahafnir gengur mjög vel og aldrei neitt vesen. Höfnin er miklu rýmri eftir að kanntarnir voru settir. Þetta er betra vinnusvæði.”

„Ekki gott að verið sé að þrengja að smábátamönnunum. Það er búið að taka Geirsgötuverbúðirnar og nú er verið að taka Grandagarðinn líka. Það þarf bara að setja loðnubræðsluna aftur í gang, þá flýja allir. Menn þurfa að hugsa sig aðeins um áður en þeir fara að loka öllu.”

„Slippurinn ætti að vera hér sem lengst og höfnin að haldast.”

„Það er svo mikið af bílum sem leggja við Grandagarð að við hættum að sjást. Það er einnig mikið af dópistum og rónum hérna, ég dró t.d. upp sprautunál úr blómapottinum mínum áðan. Við höfum verið að fá hálfbruglað lið hingað inn og það fælir kúnnana svolítið frá. En við erum ánægð að vera hér.”

„Hvet menn til að fara varlega með höfnina, hún er mjög sögulegur staður og það má ekki taka hana alveg í nefið. Það er margt gott að gerast hér, mannlífið er gott og bryggjulífið fer vaxandi. Flott að fólk hafi áhuga á sjónum og lífríkinu í kringum höfnina en af þeim sökum þarf fólk að vanda sig við uppbygginguna, að rústa ekki því sem hér er fyrir. Það slæma sem hér hefur gerst er að iðnaðarmenn (járnsmiðir, trésmiðir og fleira) hafa meira og minna horfið. Menningarlífið má ekki fara yfir alla höfnina, það væri ekki góð þróun. Fjölbreytnin er það besta, þjóðin og útlönd mætast hér, og því er mikilvægt að hér sé mikil fjölbreytni.”

„Í framtíðinni mun vanta bílastæði. Hér er mikil þjónusta en það vantar hraðbanka. Það þyrfti meira rými fyrir fólk að fara yfir götur. Mætti nýta betur vestari hluta hafnarinnar.”

„Halda áfram að auka eiginlega hafsækna starfsemi í vesturhluta hafnarinnar eins og ráðgert er með fjölgun hvalaskoðunarbáta. Einnig halda áfram að auka fjölbreytni á þjónustu svæðisins með fjölgun matsölustaða og slíkt. Annars er ég mjög ánægður með Faxaflóahafnir og samskipti mín við þá.”

„Nei.”

„Nei.”

„Það mætti koma þriðja krananum hingað. Faxaflóahafnir standa sig nokkuð vel. Það er allt að fara í rétta átt og svæðið að verða liflegra. Það er gaman að vera hér, t.d. á

sjómanna daginn. Svo mætti lífga upp á Sjóminjasafnið, það hefur staðnað. Það þarf að vera góð starfsemi í verbúðunum.”

„Mjög ánægður viðskiptavinur hafnarinnar, starfsmenn almennilegir og kurteisir og þeir tilbúnir að hjálpa manni. Leiðinlegt að sjá drasl á floti í höfninni.”

„Ekki gott ef Faxaflóahafnir fara að þrengja meira að fiskinum, en þá geta þeir eiginlega bara lagt höfnina niður. Það eru lygilega miklar tekjur sem fást af höfninni. Á Grandagarðinum er óþarfa drasl og fiskikör standa úti. Einnig er fólk að leggja bílunum sínum á gangstíginn við verbúðirnar. Það þarf að tala við fólk sem á þessi fiskikör og bíla. Mjög ánægður með Grandann og það eina sem vantar er vinnubúð.”

„Það vantar betri aðstöðu til að geyma smábátana. Höfnin veit af því. Væri gott að fá bryggju við Sjóminjasafnið þar sem hægt væri að geyma þá.”

„Það þyrfti að laga hér til svo menn gætu lagt bílunum sínum. Ekki gott að það verði farið að byggja milli safnsins og Slippsins, nóg er komið af stórum blokkum hér í kring.”

„Nei, við erum mjög ánægð.”

„Ef þetta verður í þeirri mynd sem það er að þróast í er það í góðu lagi.”

„Svæðið á mótum Grandakaffi hefur alltaf verið tomt og nú er búið að leigja þetta. Sniðugara væri að setja hvalaskoðunarfyrtækin þar, höfnin er eiginlega ónýtt á þessu svæði.”

Hólmaslóð

„Varðandi tankana fyrir framan Hólmaslóð frá HB Granda. Á að færa þá eða hvað?”

„Nei”

„Það væri gaman að fá eitthvað skemmtilegt kaffihús á Grandann. Þróunin er góð og stefnir í rétta átt.”

„Mikið að skolpræsunum, lyktin er hvítleit. Mengunin kemur úr skolpunum og það var í lagi þangað til Sjófiskur kom hingað, það er einhver hönnunargalli þar. Það er sjónmengun af tönkunum beint á mótum á Hólmaslóðinni sem eru ekki í notkun. Ef ekki á að nota þetta þá ætti að taka þá. Það væri gott að kynna svæðið, blása þetta upp og gera eitthvað gott. Það væri flott að halda tónleika í portinu í sumar og grilla, myndi lífga upp á stemminguna og fá fólk hingað á svæðið í heimsókn.”

„Mikið rusl bakvið húsin, mjög mikið. Þetta er subbulegt.”

„Það vantar bilastæðamerkingar svo fólk leggi á réttum stöðum. Það vantar líka eftirlit hingað. Við settum blómapotta fyrir utan í vikunni og þeim var strax stolið. Það er allsskonar fólk á vappi hér og ef það væru sýnilegar myndavélar á við og dreif þá væri örugglega minna stolið.”

„Nei, erum mjög ánægðir hér.”

„Við hringtorgið væri sniðugt að hafa skilti með nöfnum fyrirtækja sem eru staðsett hér út á Grandanum. Leiðinlegt að búið sé að girða höfnina af svo fólk komist ekki að skipunum, þó svo að ég geri mér grein fyrir því að þetta séu einhverjar alþjóðlegar reglur. Í gamla daga gekk maður um höfnina, skoðaði skipin og upplifði nálægðina.”

„Nei”

„Það er ekki gott að flytja olíuna í gegnum bæinn. Hinsvegar hefur aldrei orðið slys, og ef menn vanda sig og bera sig að eins líkt og þeir hafa gert, gengur þetta upp. Okkur finnst gott að vera hér og vonum að gott batni.”

„Nei”

„Sum húsnæði hér eru bara notuð sem geymsluhúsnæði og viðhaldið er ekki neitt hjá sumum fyrirtækjum. Þetta er allt í eigu bankamanna. Það er ekki hægt að auka atvinnu hérna með þessu móti. Það er ekkert eftir af hafsækinni starfsemi hér á Grandanum.”

„Nei”

„Halda áfram uppbyggingu á svæðinu svo almenningur nýti sér það. Alltaf meira og meira líf síðustu tvö ár. Áður þekkti enginn Grandann en nú þekkir fólk svæðið. Þetta er frábær staðsetning til íbúðabyggingar en ekki ætti að byggja hátt heldur að leyfa útsýninu að njóta sín. Koma ætti á nýsköpun sem felst í sýningarsal þar sem ungt listafólk getur sýnt verkin sín. Þetta svæði er uppbyggilegt fyrir sköpun en hún er mjög mikilvæg fyrir svæðið og starfsemina í kring.”

„Nei.”

„Olíutankar ásamt fiskiðnaði er skritin blanda. Hraði olíubíla er svakalegur, þeir geta ekkert bremsað á 10 metrum, þetta er svo þungt. Höfnin ætti að snúa að minni útgerðinni en stóra úterðin og olíuðnaðurinn ætti að færast annað, því það er takmarkað pláss. Það er alveg ljóst og vitað að það ættu að vera kvaðir á verbúðunum að þar sé starfsemi en ekki geymsluhúsnæði. Í mörgum verbúðunum er drasl, gamlir bílar og fellihýsi, sem ekki gengur niður á höfn. Annars hefur þróunin verið jákvæð síðustu ár. Flott það sem var gert fyrir mörgum árum á Eyjarslóðinni, settir hólar og bekkir, en það nær bara 100 metra og svo tekur ekkert við nema frystihús. Gönguleiðir eru mjög óspennandi. Þó Grandinn sé iðnaðarsvæði þá er mikið af hljómsveitaræfingum sem heyrist í á kvöldin. Má bara vera með hljómsveitir hvar sem er? Þetta truflar líka vinnu. Öll fyrirtæki vilja hafa snyrtilegt í kringum sig, en eru engar kvaðir á því geyma má mikið af drasli og bildruslum í kringum fyrirtækin? Ímynd og ásjúnd svæðisins verður svo léleg. Það má ekki gleyma að þetta er miðsvæðis og í 101. Það gerir öllum fyrirtækjum gott ef Grandinn verður snyrtilegri.”

„Ósáttur með fasteignauppkaupt sem eru heimiluð, eins og Lindberg. Það þarf að passa að pólitikusarnir fari ekki hér yfir. Fara þarf varlega í hvernig þetta á að þróast, þ.e. ekki láta þessa aðila fara að stjórna öllu.”

„Svæðið fyrir framan Hólmaslóð, í kringum geymslusvæði Oliudreifingar, er stórgrytt og svo er búið að sá i það. Gæti orðið hættulegt ef börn fara að leika sér þarna.”

„Nei, eigum í mjög góðu samstarfi við Faxaflóahafnir.”

„Laga samgöngumál.”

Mýrargata

„Nei.”

Norðurgarður

„Þakklæti til Faxaflóahafnir fyrir að standa vel við bakið á svona stóru fyrirtæki. Við eigum mjög góð samskipti við Faxaflóahafnir.”

Ægisgarður

„Nei”

„Það væri flott að vera með eina fljótandi bryggjulengju sem væri föst við bryggjuna. Þar væri þjónusta fyrir alla og maður færi bara um borð í sitt skip. Sniðugt og skemmtilegt fyrir Ægisgarðinn. Gott hjá höfninni að vera með fundi varðandi það sem verið er að gera til þess að upplýsa fólk. Það gefur meira heldur en að fólk sé að hrópa upp í loftið. Skammtímaleigan er erfið, hvað á að gera með ár í senn, stækka eða minnka?”

„Nei.”

„Mikilvægt að hafa athafnasvæði. Þó að plássið sé takmarkað hér, þá er það nóg fyrir starfsemina. Leyfa okkur að vera hér áfram og hætta við blandaða byggð. Leyfa höfninni sem slíkri að njóta sín en hún hefur aðdráttarafl því þetta er starfandi höfn. Endilega halda Slippnum t.d. og ekki byggja risahótel fyrir framan Hörpuna, það skemmir útsýnið og skyggir í báðar áttir. Skammtímaleigan hér býr til óvissu.”

Viðauki 8

Heiti fyrirtækis	Starfsemi	Flokkunarnr.
Aðalbjörg sf	Fiskvinnsla og útgerð	11
Ögurvík	Fiskvinnsla og útgerð	11
Sindrafiskur	Fiskvinnsla og útgerð	11
HB Grandi	Fiskvinnsla og útgerð	11
Fiskkaup	Fiskvinnsla og útgerð	11
Brim	Fiskvinnsla og útgerð	11
Sjóli hf	Fiskvinnsla og útgerð	12
Óskar Guðmundsson	Fiskvinnsla og útgerð	12
Arctic fish	Fiskvinnsla og útgerð	13
Klæðastúdíó	Iðnaður	28
Volki	Iðnaður	28
Krínolín íslensk hönnun	Iðnaður	28
Tauprent ehf Bjarni Ólafsson	Iðnaður	28
HAF by Hafsteinn Júlíusson	Iðnaður	29
Sway Reykjavík slf	Þjónusta	35
Sportköfunarskóli - Dive.is	Þjónusta	35
Reykjavík bike tours/ Segway tours	Þjónusta	35
Icelandair hótel Marina	Þjónusta	35
Sterna	Þjónusta	35
Olíudreifing	Þjónusta	36
Skeljungur	Þjónusta	36
Löður	Þjónusta	39
Bónus	Verslun, smásala og veitingar	41
Krónan	Verslun, smásala og veitingar	41
Steinasteinn ehf	Verslun, smásala og veitingar	42
Elko	Verslun, smásala og veitingar	42
Byko	Verslun, smásala og veitingar	42
Kría hjól ehf	Verslun, smásala og veitingar	42
Gallerí Grandi	Verslun, smásala og veitingar	42
Steinunn	Verslun, smásala og veitingar	42
Bókabúð Forlagsins	Verslun, smásala og veitingar	42
Sædís Gullsmiðja	Verslun, smásala og veitingar	42
Veiðiportið	Verslun, smásala og veitingar	42
Mýrin	Verslun, smásala og veitingar	42
Farmers Market	Verslun, smásala og veitingar	42
Sjóhatturinn	Verslun, smásala og veitingar	42
Ellingsen	Verslun, smásala og veitingar	42
Epal	Verslun, smásala og veitingar	42
Hjálpræðisher - Nytjamarkaður	Verslun, smásala og veitingar	42
12 tónar	Verslun, smásala og veitingar	42
Café Haití (Vestur Indía félagið ehf)	Verslun, smásala og veitingar	43
Hamborgarabúlla Tómasar ehf	Verslun, smásala og veitingar	43

Kopar restaurant	Verslun, smásala og veitingar	43
Ísbúðin Valdís	Verslun, smásala og veitingar	43
Sægreifinn	Verslun, smásala og veitingar	43
Tapashúsið	Verslun, smásala og veitingar	43
I. Magnússon	Verslun, smásala og veitingar	43
Höfnin ehf	Verslun, smásala og veitingar	43
Grandakaffi	Verslun, smásala og veitingar	43
Kaffivagninn	Verslun, smásala og veitingar	43
Mar restaurant	Verslun, smásala og veitingar	43
Munnharpan	Verslun, smásala og veitingar	43
Scanmar á Íslandi	Heildverslun	51
Sæfell viðh-/viðgerðarefni	Heildverslun	51
Reki ehf	Heildverslun	52
Klif heildverslun	Heildverslun	52
Sifka	Heildverslun	53
Samt. dragnótam./Friðrik G. Halldórsson	Heildverslun	53
Skókaup	Heildverslun	54
GE Heildverslun	Heildverslun	54
Forval	Heildverslun	54
Mava heildverslun	Heildverslun	54
Kaffibúðin	Heildverslun	54
Sparibíll	Heildverslun	55
Bonum ehf	Heildverslun	55
Geymslur ehf	Geymslur	62
Exton ehf	Annað	82
Tjarnargatan ehf	Annað	82
ÍNN - Íslands nýjasta nýtt	Annað	83
Víkin sjóminjasafnið	Annað	84
Aurora Reykjavík	Annað	84
Salon Reykjavík ehf	Annað	86
Fiskbúðin Sæbjörg	Fiskvinnsla og útgerð	131
Hafgæði	Fiskvinnsla og útgerð	131
Sjófiskur	Fiskvinnsla og útgerð	131
Fiskiðjan Reykás (Eðalfiskur)	Fiskvinnsla og útgerð	131
Toppfiskur	Fiskvinnsla og útgerð	131
Harðfisksalan ehf sala og vinnsla	Fiskvinnsla og útgerð	132
Lýsi	Fiskvinnsla og útgerð	133
Norður & co	Iðnaður	210
Stálsmiðjan	Iðnaður	212
Vélaviðgerðir ehf	Iðnaður	212
Gjörvi	Iðnaður	212
Húseignaþjónustan (Hús og skip)	Iðnaður	212
Hágæði	Iðnaður	222
Húsaklæðning	Iðnaður	222
PGV framtíðarform ehf	Iðnaður	223
Raftíðni	Iðnaður	241
Segull	Iðnaður	241
Rafskoðun	Iðnaður	242
ÓP útgáfa og prentstofa	Iðnaður	261

Goggur	Iðnaður	261
Skrudda	Iðnaður	262
CCP	Iðnaður	273
EC Hugbúnaður	Iðnaður	274
Gagarín	Iðnaður	274
MyTimePlan	Iðnaður	274
Vaktaskipan	Iðnaður	274
Tero	Iðnaður	274
Netkennsla	Iðnaður	275
Viðskipta- og tölvulausnir	Iðnaður	275
Seglagerðin Ægir	Iðnaður	281
G-events	Þjónusta	310
Practical	Þjónusta	310
Landar ehf	Þjónusta	311
Löndun ehf	Þjónusta	311
Vélar og skip	Þjónusta	312
Skipaþjónusta Íslands	Þjónusta	312
3x Technology	Þjónusta	312
Pólar togbúnaður	Þjónusta	312
Thor Ice	Þjónusta	312
Sínus hf	Þjónusta	313
Brimrún	Þjónusta	313
Elcon ehf	Þjónusta	313
Laxfiskar ehf	Þjónusta	314
Sjávarútvegsþjónustan	Þjónusta	314
Hafrannsóknarstofnunin	Þjónusta	314
Skipamiðlarar	Þjónusta	316
Verkfræðistofan Skipasýn	Þjónusta	319
Nesdekk hjólbarðaverkstæði	Þjónusta	323
Frumherji - skoðunarstöð	Þjónusta	324
Tækniþjónusta Íslands	Þjónusta	325
CH4 Tækniþjónusta	Þjónusta	325
Argos ehf	Þjónusta	331
ASK Arkitektar	Þjónusta	331
DAP arkitektar	Þjónusta	331
Arkitektar Atelier	Þjónusta	331
Lögbrimar	Þjónusta	343
Studio Ráðgjöf	Þjónusta	344
F8 Consulting	Þjónusta	344
Iceland Reps	Þjónusta	344
Betri bókarinn	Þjónusta	345
115 Security	Þjónusta	346
Ferðakompaníð	Þjónusta	351
Friend in Iceland	Þjónusta	351
Tour.is	Þjónusta	351
Scuba Iceland köfunarskóli og verslun	Þjónusta	351
Special tours	Þjónusta	352
Reykjavik Sea Adventures	Þjónusta	352
Elding hvalaskoðun	Þjónusta	352

Sea Safari	Þjónusta	352
Sixt bílaleiga	Þjónusta	353
Fjölver	Þjónusta	361
Björgunarsveitin Ársæll	Þjónusta	372
Hjálpræðisher - Dagsetur	Þjónusta	373
Al-Anon	Þjónusta	374
Leikfélagið Hugleikur	Þjónusta	374
Brokey	Þjónusta	374
Faxaflóahafnir - bækistöð	Þjónusta	375
Landhelgisgæslan	Þjónusta	376
Slysavarnarskóli sjómanna	Þjónusta	377
Ferðamálastofa	Þjónusta	378
Bryggjan kaffihús (Kokkarnir)	Verslun, smásala og veitingar	431
KH veitingar	Verslun, smásala og veitingar	431
Fiskmarkaður Íslands	Heildverslun	561
GS Export	Heildverslun	562
Fiskverkun IG	Heildverslun	562
Delamer slf	Heildverslun	562
Selborg	Heildverslun	562
Jón Ásbjörnsson hf	Heildverslun	562
Novo food á Íslandi	Heildverslun	562
E. Ólafsson	Heildverslun	562
Sæfold	Heildverslun	564
Kristinn E. Hrafnsson	Annað	811
Vinnustofa Huldu Hákon og Jóns Óskars	Annað	811
Litla Hulda ehf	Annað	811
Ímynd ehf	Annað	812
Custom Photo Lab	Annað	812
Ljósmyndaskólinn	Annað	812
Ljósmyndarinn Bára	Annað	812
Torfi myndver ehf	Annað	812
GUSK ehf	Annað	812
Íslenska Óperan	Annað	813
Sinfóníuhljómsveit Íslands	Annað	813
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús	Annað	813
Reykjavík IO ehf	Annað	814
Zik Zak kvikmyndir	Annað	814
Lífsmynd	Annað	814
Veðarfæragerð Reykjavíkur	Fiskvinnsla og útgerð	3110
Dúan 6868 ehf	Fiskvinnsla og útgerð	3111
Rakkanes ehf	Fiskvinnsla og útgerð	3111
IMJ ehf	Fiskvinnsla og útgerð	3111
Valdi ehf	Fiskvinnsla og útgerð	3111
Bæjarfell	Fiskvinnsla og útgerð	3111
Rent a rod	Fiskvinnsla og útgerð	3111
Íslenski Sjávarklasinn	Fiskvinnsla og útgerð	3112
Samleið ehf	Fiskvinnsla og útgerð	3113
Ocean Excellence	Fiskvinnsla og útgerð	3113
Björgvinsbelti	Fiskvinnsla og útgerð	3114

DEO Pharma (DIS)	Fiskvinnsla og útgerð	3114
Tónlistarþróunarmiðstöð og Hellirinn	Annað	8131
Trommuskóli Gunnars Waage	Annað	8132
Snorri Helgason ehf	Annað	8133